

**Ástakveðskapur Bjarna Thorarensens og Jónasar Hallgrímssonar
/ Páll Bjarnason.**

Páll Bjarnason, b. 1882

Reykjavík : Heimspékideild Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1969.

<http://hdl.handle.net/2027/wu.89010155232>

HathiTrust





www.hathitrust.org

Creative Commons Attribution

http://www.hathitrust.org/access_use#cc-by-4.0

This work is protected by copyright law (which includes certain exceptions to the rights of the copyright holder that users may make, such as fair use where applicable under U.S. law) but made available under a Creative Commons Attribution license. You must attribute this work in the manner specified by the author or licensor (but not in any way that suggests that they endorse you or your use of the work). For details, see the full license deed at <http://creativecommons.org/licenses/by/4.0/>.

P1
7511
T4
Z8
1969




HEIMSPEKIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS OG
BÓKAÚTGÁFA MENNINGARSJÓÐS

STUDIA ISLANDICA

ÍSLENZK FRÆÐI

RITSTJÓRI:
STEINGRÍMUR J. ÞORSTEINSSON

28. hefti



REYKJAVÍK 1969

STUDIA ISLANDICA

ÍSLENZK FRÆÐI

Útgefandi:

SIGURÐUR NORDAL

1. Einar Ól. Sveinsson: *Sagnaritun Oddaverja* (1937)
2. Ólafur Lárusson: *Ætt Egils Halldórssonar og Egils saga* (1937)
3. Björn Sigfússon: *Um Ljósvetninga sögu* (1937)
4. Sigurður Nordal: *Sturla Þórðarson og Grettis saga* (1938)
5. Björn Þórðarson: *Um dómstörf í Landsyfirréttinum 1811—1832* (1939)
6. Halldór Halldórsson: *Um hluthvörf* (1939)
7. Sigurður Nordal: *Hrafnkatla* (1940)
8. Magnús Jónsson: *Guðmundar saga dýra* (1940)
9. Alexander Jóhannesson: *Menningarsamband Frakka og Íslendinga* (1944)
10. Stefán Einarsson: *Um kerfisbundnar hljóðbreytingar í íslenzku* (1949)
11. Björn Þórðarson: *Alþingi og konungsvaldið* (1949)
12. Einar Arnórsson: *Játningar íslenzku kirkjunnar* (1951)

STUDIA ISLANDICA

28

HEIMSPEKIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS OG
BÓKAÚTGÁFA MENNINGARSJÓÐS

STUDIA ISLANDICA

ÍSLENZK FRÆÐI

Ritstjóri:

STEINGRÍMUR J. ÞORSTEINSSON

28. hefti



REYKJAVÍK 1969

HEIMSPEKIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS OG
BÓKAÚTGÁFA MENNINGARSJÓÐS

PÁLL BJARNASON

ÁSTAKVEÐSKAPUR

BJARNA THORARENSENS
OG
JÓNASAR HALLGRÍMSSONAR

STUDIA ISLANDICA 28

REYKJAVÍK 1969

CLASS SEP.
SERIAL

*Gefið út með styrk úr
Sáttmálasjóði*

PRENTSMIOJAN LEIFTUR

PT
7511
14
Z8
1969



EFNISYFIRLIT

	Bls.
Inngangur	7
BJARNI THORARENSEN	9
I <i>Ástamál</i>	9
1. Hafnarár	9
2. Árin 1811-1820	12
II <i>Ástakveðskapur – Yfirlit</i>	25
1. 1811-1820	25
2. Eftir 1820	31
III <i>Ástakvæði</i>	34
1. Einstök kvæði	35
2. Heildareinkenni – Samantekt	46
3. Viðtökur – Ferill – Áhrif	48
JÓNAS HALLGRÍMSSON	53
IV <i>Ástamál</i>	53
1. Þóra Gunnarsdóttir	53
2. Reykjavíkurrar – Christiane Knudsen	54
3. Hólmfriður Jónsdóttir	59
V <i>Ástakveðskapur – Yfirlit</i>	61
VI <i>Ástakvæði</i>	67
1. Einstök kvæði	67
2. Heildareinkenni – Samantekt	76
3. Viðtökur – Ferill – Áhrif	79
NIÐURSTÖÐUR	82
VII <i>Samanburður Bjarna og Jónasar – Bókmenntaleg staða ástakvæðanna</i>	82

VIÐAUKI	87
I <i>Úr bréfum Bjarna Thorarensens til Bjarna Þorsteinssonar</i>	87
II <i>Úr bréfum Lárusar Sigurðssonar til Jónasar Hallgrímssonar</i>	91
Summary in English	93
Heimildir	97
Studia Islandica – Íslenzk fræði: Efni	101

INNGANGUR

Þessi ritsmíð er að stofni til kandidateitritgerð mín, sam- in á árunum 1964–66, en endurskoðuð og allmikið saman- dregin fyrir þessa útgáfu. Ég hef notið hjálpar og velvildar margra við verk mitt og er þeim öllum þakklátur. En um- fram allt ber mér að þakka prófessor Steingrími J. Þor- steinssyni, sem hvatti mig upphaflega til verksins og hefur æ síðan verið mér til leiðbeiningar og uppörvunar.

Eins og heitið ber með sér, er hér fjallað um ástakveð- skap Bjarna Thorarensens og Jónasar Hallgrímssonar. Reynt verður að einskorða efnið sem mest við þessa kvæða- tegund, en á því eru þeir annmarkar, að oft kann álitamál að vera, hvort draga ber kvæði í dilk ástakveðskapar eða einhvers annars. Þykir því nauðsynlegt að setja í upphafi einhverjar reglur, sem hér verður fylgt um afmörkun og megineinkenni þessarar kveðskapartegundar. Ástakvæðum eru sett þau mörk, að um sé að ræða ástir karls og konu, en ekki ást í tilvikum eins og ættjarðarást, móðurást, trúarást o. s. frv. Sum kvæði eru einungis að nokkrum hluta eða óbeinlínis sprottin af ást í fyrrgreindri merkingu, og verða þau nefnd *óbein ástakvæði*. Til þeirra teljast m. a. kvæði, sem lýsa andúð eða gremju til kvenna vegna ástavonbrigða, svo og þau, sem augljóslega eru ort af alvöruleysi og jafn- vel klámfengi. En *eiginleg ástakvæði* eru þau, sem ort eru einkum til alvarlegrar tjáningar á ástarhug skáldsins, þar sem augljóst megintilefni og undirrót kvæðisins er ást skálds- ins til einhverrar persónu, raunverulegrar eða ímyndaðrar.

Eins og ljóst má vera, er þessi skipting að nokkru reist á efnislegu og listrænu mati kvæðanna, og kann það að þykja hæginn grundvöllur. En hér þótti slík aðgreining nauðsynleg til að setja viðfangsefninu ákveðnari takmörk. Megináherzla verður vitanlega lögð á eiginlegu ástakvæðin, en óhjákvæmilegt er einnig að fjalla um hin óbeinu vegna heimildagildis þeirra um reynslu og viðhorf skáldsins, svo og vegna þeirra þátta kvæðanna, sem eru í tengslum við eiginlegan ástaskáldskap. Orðið *ástakveðskapur* verður hér yfirleitt notað sem samheiti um þær tegundir ástakvæða, er að framan greinir.

Allmiklu rúmi verður hér varið til að fjalla um ástamál skáldanna. Sú rannsókn kemur að vísu lítið við listrænu gildi kvæðanna. En hún er ef til vill réttlæt看leg frá sögulegu sjónarmiði, oss leikur hugur á sem mestri vitneskju um ævi skálda vorra, vér reynum eftir föngum að kynnast þeim aðstæðum og umhverfi, þar sem kvæðin urðu til. Þau eru þannig könnuð frá tveimur sjónarmiðum, hinu sögulega og listræna.

BJARNI THORARENSEN

I ÁSTAMÁL

Í þessum kafla verður fjallað um ástareynslu Bjarna og viðhorf hans í þeim efnum. Oft er við rýrar heimildir að styðjast, einkum um æskuár hans í Kaupmannahöfn, en mun meiri, þegar kemur að kvonbænaárum hans. Hefur sitthvað verið um þau mál ritað, sem hér verður mjög stuðzt við.¹ Er því minni ástæða en ella til að fjölýrða um þá sögu, nema þar sem unnt þykir að benda á ný atriði. En meginmarkmiðið er að kanna viðhorf Bjarna sjálfs og viðbrögð við því, sem að höndum bar. Í fyrri þætti kaflans er fjallað um skáldskap Bjarna á Hafnarárunum, enda er um þau lítt við aðrar heimildir að styðjast en kvæðin, sem raunar má líta á sem óljósan fyrirboða seinni skáldafreka Bjarna. En um kveðskapinn eftir heimkomuna þykir heppilegra að ræða síðar, til að ekki rofni samhengi sögunnar.

1. Hafnarár

Mönnum hefur orðið umhugsunarefni, að nán kynni Bjarna á Hafnarárunum af rómantísku stefnunni og skáldskap í anda hennar skyldu ekki verða honum meiri hvatning til dáða en raun varð á. Bjarni gaf sjálfur nokkra skýringu á þessu í bréfi til Gríms Thomsens 1841.² Kvaðst hann

1 Sjá einkum útgáfu Jóns Helgasonar prófessors á Ljóðmælum Bjarna (Kh. 1935) I xvi–xviii og II 78–82 (hér eftir skammstafað BTh. Ljm.). – Jón Helgason ritstjóri hefur einnig skráð sögu kvonbænamálanna: Ísl. mannlíf III 7 o. áfr.

2 Skírnir XCII (1918) 286–87.

ekki hafa tekið að yrkja fyrr en að loknu „Attestats“ (háskólaprófi), en auk þess hafi hann varla þekkt mótlæti á þessum árum. Bjarna þykir hið síðara þó ekki fullnægjandi skýring, „því mörg skáld hafa verið hamingjumenn.“ En vert er að gefa því gaum, að Bjarni kveðst ekki hafa orðið fyrir teljandi mótlæti á Hafnarárunum. Þar er sjaldan um að ræða einlæga tjáningu eða sterkar hugarhræringar, nema helzt er hann lýsir heimþrá sinni. Fer hann þá niðrandi orðum um Danmörk og allt, sem danskt er, en ættjörðina lítur hann í rómantískri birtu. Kunnast þessara kvæða er *Íslands minni* („Eldgamla Ísafold“). Af sama toga er *Sjáland og Ísland*, þar sem er samanburður danskra og íslenskra stúlkna:

Fegurð neita fljóða hér
ferst mér ekki að gera —
en hjarta þeirra og hendur mér
hyggst nær ískalt vera.

Sæmri mun ei sínum ver
silklæddur sprakki
en meyja hrein og hýrlynd er
hulin vaðmáls stakki. (9.–10. er.).

Ef til vill talar Bjarni af reynslu um „ísköld hjörtu“ danskra kvenna, enda fara ekki sögur af ástarævintýrum hans á þessum árum, þótt vitaskuld verði ekki dregnar ályktanir af þögninni. Bjarni kann að hafa haft sjálfan sig í huga, þegar hann þýddi kvæði eftir Martialis:

Fyrrum ríkur þú vart, en þá vartu hreinlífur, Bessi!
Langan í tíma þú vart ekkert kenndur við sprund.

Oddur Hjaltalín, aldavinur Bjarna, ávarpar hann Bessa í bréfi 1821.¹ Hefur Bjarni e. t. v. haft þetta gælunafn fyrr í kunningjahópi.

En þó að Bjarni væri ekki „kenndur við sprund“, svo að kunnugt sé, hefur hugur hans beinzt að kvenlegri fegurð,

1 Óðinn I (1906) 31.

eins og nærri má geta á þeim aldri. Má marka það af því, að flest þeirra kvæða, sem hann valdi þá til þýðinga, fjalla einmitt um ástir og kvenlegan þokka. En eins og oft er hjá ungum mönnum, virðist hann helst hafa mætur á kvæðum, sem ort eru um þessi efni í gamansömum hálfkæringi og jafnvel á klúran hátt. Skal nú gerð lítilla grein fyrir þessum þýðingum.

Bjarni þýddi eitt af ástakvæðum Catullusar til Lesbíu, sem heitir Helga hjá Bjarna. Þetta er mikið kossakvæði og þykir meðal beztu kvæða Catullusar, en þýðingin er ekki sérlega vönduð. Kvæðið eftir Martialis, sem að framan var getið, er öllu heldur tvær gamansamar smávísur, „epígrömm“. Seinni vísan er mun grófari á frummálinu en fram kemur í þýðingunni. Þá þýddi Bjarni eitt af ástakvæðum Ovidiusar, *Æstus erat*, þar sem lýsingar á fegurð ástmeyjar og atferli elskhuga eru í meira lagi berorðar. En þýðing þessi er miklum mun betri en þær, sem áður eru nefndar. Í kvæðum þessum eru oftast sett íslensk mannanöfn í stað hinna upprunalegu, og í Ovidiusarþýðingunni koma fram á sviðið þekktar persónur Íslendingasagna:

Kom þá Kolfinna	Ormstungu vakti
í kyrtli ógyrtum,	ástar bríma —
tvíkleyft þakti hár	eða sem glapti
háls mjallfagan,	Gunnar hinn mikla
sem Helga fagra	Hallgerður fagra
með hári gullnu	hlaði skreytt. (3. er.). ¹

Eina ástakvæðið, sem er ekki þýtt úr latínu, er *Sigtryggur*, kvæði í rómantískum hetjuanda, sem Bjarni og Hallgrímur Scheving þýddu saman eftir dönskum texta í óbundnu máli.²

¹ Kolfinna heitir í frumtexta Corinna. Í stað „sem Helga . . . hlaði skreytt“ er í frumtexta: „qualiter in thalamos famosa Semiramis isse / dicitur, et multis Lais amata viris.“ (Stuðzt er við textann í Ovid: *Heroides and Amores* 334). Semiramis var drottning í Babýlon, en Lais grísk gleðikona.

² Um uppruna þess sjá BTh. Ljm. II 33.

Í frumsömdum kvæðum Bjarna á þessum árum gætir lítilla áhrifa þessa þýdda kveðskapar. Á þeim örlar þó í *Skóggöngunni*. Þar er því fagurlega lýst, er morgunsólin bregður sér í meyjarlíki. Skáldið verður hugfangið af fegurð hennar, en skyndilega breytist tónninn í síðustu línu kvæðisins:

sprundið óður spennti eg mér að armi!

Hér er líkt tekið til orða og í Ovidiusarþýðingunni, næst síðasta erindi:

Sprundið nakta
spenntak ek óður
ástum brennanda
upp að brjósti.

Vestanvindurinn er eina kvæðið, sem mun vera frá þessum árum og talizt getur eiginlegt ástakvæði. En óvíst er, hvern hlut Bjarni á í því, þar sem allmiklar líkur benda til, að Hallgrímur Scheving hafi átt þar bróðurpartinn. Jón Helgason hyggur það að mestu eftir Hallgrím.¹ Þar biður skáldið vestanvindinn að færa sér koss yfir hafið frá unnustu sinni. Fullvíst má telja, að hugmynd þessi sé ekki bundin persónulegri reynslu Bjarna.

2. Árin 1811–1820

Eftir heimkomu Bjarna verða heimildir meiri um hagi hans, enda sitthvað til frásagnar, ekki sízt um ástamálin. Hann tók brátt að svipast um eftir kvonfangi, en í því efni voru honum mörk sett, ef til vill nokkuð þröng, því að vegna menntunar sinnar og metorða gat hann ekki leitað hvert sem var. En hin „verðugu“ konuefni reyndust honum örðugri viðfangs en við hefði mátt búast. Rúm níu ár liðu frá heimkomunni, unz Bjarni gekk í hjónaband og endir var bundinn á kvennaraunir hans. Til glöggvunar skulu í stuttu máli greind helztu atriði kvonbænasögunnar:

1 BTh. Ljm. I 28. Sjá röksemdir, sem að þessu lúta, II 41–43.

Bjarni bað um hönd Guðrúnar, dóttur Stefáns amtmanns Þórarinssonar á Möðruvöllum, sumarið 1816, en fékk synjun hennar sumarið 1818. Elínu, dóttur Stefáns amtmanns Stephensens á Hvítárvöllum, var hann trúlofaður frá því síðla sumars 1819 til sumarsins 1820. Hinn 15. september 1820 kvæntist hann Hildi, dóttur Boga kaupmanns Benediktssonar í Stykkishólmi.

Atvik fyrir 1816

Fátt er til frásagnar fyrstu árin. Bjarni minnst tvívegis á það í bréfum til Gríms Jónssonar, 1812 og 1813, að hann hafi hug á að kvænast, en í gamansömum tón.¹ Árið 1814 tekur hann í alvöru að kvarta undan mótlæti sínu. Í bréfi til Bjarna Þorsteinssonar, dags. 26. ág., vikir hann m. a. að féleysi, en síðan að öðru, sem þjakar hann:

... en mér amar annað, sem eg ei get fengið af mér að segja skriflega, þó 300 mílna millibil banni að segja það munnlega, og eg sannarlega geti skammlaust sagt það; þú munt kannske fá það að heyra, og er eg þá viss um, að þú álítur mig ei að verðskulda þann óþæglegleika, sem grundvallaður er á röngum undirréttinum og kannske hleypidómum frá hluteiganda síðu.²

Þetta hefur verið lagt svo út, að um misheppnaðar kvonbænir hafi verið að ræða.³ En að líkindum er skýringu þessa hugarangurs að finna í bréfi Bjarna til Gríms Jónssonar ári síðar, dags. 30. ág. 1815:

... annars vildi til í fyrra haust tragicomisk tilfelli, sem eg að nokkru leyti, og kannske meir en vert var, tók mér nærri. Það var, kunningi! að kerling, sem er

1 BTh. Bréf I 1–4.

2 Bréfið er prentað í heild í Lesbók Mbl. XV (1940) 58–59; tilv. kafli er einnig í BTh. Ljm. II 79.

3 Sjá BTh. Ljm. I xvi og II 79.

ekkja og eg áður logeraði hjá, komst seinna í bágindi og eg af kristnum kærleika vildi taka fyrir nokkurs konar bústýru, varð vitlaus, og það, sem orsakaði þessa vitleysu, var, að hún vildi giftast mér! En eg hafði ekki lyst. Þetta komst svo vítt, að eg varð að reka kerlingu úr húsinu, og þú getur nærri, að margtalað var um þessa affaire . . .¹

En þótt óþægindunum 1814 væri þennan veg háttað, virðist samt mega álíta, að Bjarni hafi orðið fyrir ástavonbrigðum skömmu áður en hann sneri hug sínum til Guðrúnar frænku sinnar 1816. Til þessa bendir kvæðið *Hamingjan undir hólnum*. Af fyrri hluta þess má ráða, að Bjarni beri hug til stúlku, sem hann óttast, að hann fái ekki að njóta. En í seinni hlutanum horfir þannig við, að hann sættir sig við að vera án þessarar stúlku, því að hamingja hans er hlaupin „uppá möðru grundir“. Að líkindum á Bjarni við Guðrúnu, þar sem hann kveður um „blómið, sem blikar um möðru grundir,“ en hin stúlkan er ekki jafnljós. Þó má komast áleiðis, því að Bjarni gefur í skyn, hvar hún búi:

Þar hólinn reisa sig eg sér
úr sandi um austur grundir.

Jón Helgason bendir á, að lýsingin komi heim við staðháttu í Odda á Rangárvöllum, og getur sér til, að Bjarni hafi rennt hýru auga til Sigríðar eða Þórunnar Hannesdætra (biskups Finnssonar), sem þar bjuggu hjá móður sinni og stjúpföður, síra Steingrími Jónssyni.² Bjarni og Steingrímur þekktust vel frá fornu fari, og sennilega hefur Bjarni komið við í Odda á ferðum sínum austur í Fljótshlíð. Heimasæturnar í Odda þóttu álitlegir kvenkostir, ekki sízt vegna ættgöfgi, sem Bjarni mat mikils.

En nú vill svo til, að heimild er fyrir því, að Bjarni hafi um skeið borið hug til Sigríðar í Odda. Það er bréf frá Árna

1 BTh. Bréf I 5–6.

2 BTh. Ljm. II 85.

Helgasyni til Bjarna Þorsteinssonar 3. marz 1819, þar sem tekið er svo til orða, að Bjarni sé „nú farinn að snúa huga sínum til Sigríðar“.¹ Þetta virðist eiga að skilja svo, að hann hafi einungis í hyggju að leita þar gjaforðs, en hvergi eru heimildir um, að hann hafi látið til skarar skriða. Ekki verður ráðið af orðum Árna, að Bjarni hafi áður leitað fyrir sér á sömu slóðum. Árni var nákunnugur bæði Bjarna og heimilisfólki í Odda, en þögn hans nægir þó ekki til að hrinda tilgátunni um heimkynni stúlkunnar, sem Bjarni orti um. En til að koma öllu heim og saman yrði þá að gera ráð fyrir, að annaðhvort hafi Bjarni á ný tekið að biðla til Sigríðar – eftir að Guðrún brást honum – eða hann hafi í fyrra sinnið borið hug til Þórunnar.

Þórunn Hannesdóttir varð eiginkona Bjarna Þorsteinssonar, sem fyrr er nefndur. Samkvæmt eigin frásögn bað hann Þórunnar sumarið 1815, en fékk ekki jákvætt svar hennar fyrr en næsta ár, „sakir tilfallandi atvika“, sem hann greinir ekki nánar.² Sigríður Hannesdóttir giftist ekki fyrr en um fertugt (1835) og varð þá seinni kona fyrrnefnds síra Árna Helgasonar. En fjórum árum áður hafði hún orðið fyrir þeirri raun að vera svikin í tryggðum.³ Ýmsir urðu til að hneykslast á framferði Þorsteins Helgasonar, þess er brást henni, þeirra á meðal Magnús Stephensen.⁴ En að þessu sinni bar svo við, að dómur Bjarna var mildari en Magnúsar. Honum þótti afsakanlegt, að Þorsteinn tók vinnukonu fram yfir biskupsdótturina. Um þetta skrifaði hann Finni Magnússyni:

Fordæmdu hann [þ. e. Þorstein] annars ekki fyrir Af-
færerne í Laugarnesi, þú sérð, að manningnum var ekki

1 Bisk. í Görðum 47.

2 Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags XXIV (1903) 132–33 (í sjálfsævisögu Bjarna).

3 Um gang þeirra mála er t. a. m. glöggt yfirlit í Skrifaranum á Stapa 73–74.

4 Í bréfi til Finns Magnússonar árið 1831. Magnús Stephensen: Bréf 100.

sjálfrátt! Hann varð „sterbend verliebt“ í bláfátækri stúlku . . .¹

Þeirri spurningu má varpa fram, hvort Bjarni hafi minni samúð haft með Sigríði vegna þess, að hann hafi átt harma að hefna.

Guðrún Thorarensen

Sumarið 1816 fór Bjarni norður til Möðruvalla og bað um hönd Guðrúnar, sem þá var 17 ára að aldri, en Bjarni tæplega þrítugur. Þau voru bræðrabörn, sem kunnugt er. Ráða má af ummælum Bjarna síðar, að hann hafi talið Guðrúnu sér heitbundna eftir þessa norðurferð.² Ekki ber hér þó öllum heimildum saman. Í æviágripi Bjarna eftir Einar Hjörleifsson er allnákvæm frásögn af sambandi þeirra, sem að líkindum á rætur að rekja til Guðrúnar sjálfrar.³ Þar er faðir hennar sagður hafa verið þess mjög fýsandi, að ráð þeirra Bjarna tækjust, en hún verið treg til, svo að það hafi einungis verið „um tíma hálf í hvoru að ráði gert“. Hins vegar er Bjarni talinn hafa gert sér „fastlega von um að fá hennar“. Bjarni fór aftur norður sumarið 1817. Sama sumar skrifaði Bjarni Þorsteinsson Rask, að Bjarni hafi farið þessa ferð í líkum ásetningi og fyrr, en kveðst hafa heyrt, „að allt það mál sé enn í óráðfestu.“⁴ En Ingibjörg á Bessastöðum lítur þetta öðrum augum, er hún segir í bréfi þá um sumarið:

Allir segja hann [þ. e. Bjarni Thorarensen] hafi fengið fullkomið loforð fyrir þessari fröken Guðrúnu Thorarensen, sem hann fór að fría til í fyrra, og mun það vera satt að allra meining.⁵

1 BTh. Bréf I 191.

2 Í bréfum til Bjarna Þorsteinssonar 1821 og Rasks 1828, sjá BTh. Ljm. II 79–80.

3 BTh. Kvæði (1884) xxiii. Guðrún bjó þá í Kaupmannahöfn hjá Gísla syni sínum, sem var einn af aðalheimildarmönnum höfundar; sbr. sama viii.

4 ÍB 94 4to.

5 Húsfreyjan á Bessastöðum 53.

Um afstöðu Bjarna sjálfs er fátt til vitnis. Þótt hann hafi haft grun um tregðu Guðrúnar, er hugsanlegt, að hann hafi látið annað í veðri vaka við kunningjafólk sitt syðra. En ef til vill getur kvæði hans, *Drósin bliðust brosir*, bent til þess, að hann hafi verið vonbetri eftir norðurförina 1817. Með alltraustum rökum er talið, að það sé ort til Guðrúnar haustið 1817.¹ Það er ort með fjarlæga unnustu í huga, án þess að votti fyrir kvíða vegna missis hennar:

Drósin bliðust brosir
bréf mitt þá lesið hefir,
sæmilega það saman
síðan leggur hin fríða!

Sumarið 1818 fékk Bjarni uppsagnarbréf Guðrúnar. Í frá-sögninni, sem líklega er frá Guðrúnu komin, er hún einkum sögð hafa hafnað Bjarna vegna þess, að hún hafi lítt þekkt hann nema af „ljótum og ósönnum sögusögnum“, um þetta leyti hafi borizt norður „níðvíurnar og óhróðurinn um svolaskap Bjarna“. Af þessu mætti álykta, að einhver, sem mótfallinn var ráðahag þeirra, hafi rægt Bjarna. Hann var og þessarar skoðunar og kenndi Magnúsi Stephensen um, eins og oft endra nær. Síðar (1828) skrifaði hann Grími Jónssyni, að Lárus bróðir Guðrúnar hefði verið meðalgöngu-maður Magnúsar fyrir norðan.²

Bjarna hefur vitanlega fallið uppsögnin þungt, en þó reynt að bera sig með sæmd. Eflaust búa þessi mál að baki, þegar hann segir í bréfi til Gríms Jónssonar haustið 1818:

Eg hefi í sumar haft privat óþægilegheit af þeirri til-finnanlegustu tegund, en það hefir ei fengið mjög á mig, mér finnst þvertámóti, að eg hafi við það harðn-að í skapi.³

1 BTh. Ljm. II 86.

2 BTh. Bréf I 56.

3 Sama 9.

Um þetta sama skrifar hann Grími Thorkelín:

... men jeg kan tröste baade Dem og enhver af mine Venner med, at dette aldeles ikke har nedslaaet mig. – En Mand af Ære bör trodse Skiebnens Smaalöjer og söge sin Lykke i at opfylde sine Pligter.¹

Veturinn 1818–19 átti Bjarni við mótlæti að stríða, ef til vill meira en nokkru sinni. Árni Helgason skrifaði í marz 1819: „Vinsæld assessors er mikið lítil, hún var aldrei stór.“² Gleggst merki þessara óvinsælda er grófur níðkveðskapur, sem þá var um hann gerður. Bjarni svaraði í sömu mynt og beindi einkum spjótum að amtmanninum á Hvítárvöllum, Stefáni Stephensen, sem hann taldi upphafsmann níðkvæðanna.³ Á þessum mótgangstímum hefur eflaust verið haft honum til háðungar auðnuleysið í kvennamálum. Sneitt mun að Bjarna í kvæði því, sem komst á kreik sumarið 1818 og varð upphaf flímsins, en þar er meðal annars:

flöskuna kærsta ef fulla eg hef,
frískar hún sinnið og herðir,
þá meyjarnar hafna hefnist eg á
hinum, sem lægri maktin er hjá.⁴

Í þessum meinyrta kveðskap felst ef til vill sannleiksneisti um viðbrögð Bjarna við uppsögn unnustunnar.

Ef hryggbrot Sigríðar í Odda hefur bætzt við um þetta leyti, hefur það vitanlega sízt orðið til að bæta líðan Bjarna. Ingibjörg á Bessastöðum skrifar bróður sínum 25. júlí 1819: „Ógiftur er B. T[horarensen] og þar er enginn skuggi til umbreytingar.“⁵ En ekki leið þó á löngu, unz hagar Bjarna breyttist.

1 JS 95 fol.

2 Bisk. í Görðum 47.

3 Sjá BTh. Ljm. II 230 o. áfr.

4 Sama II 231.

5 Húsfreyjan á Bessastöðum 70.

Elin Stephensen

Elin var dóttir Stefáns amtmanns á Hvítárvöllum og mun vera fædd á Hvanneyri í desember árið 1800.¹ Ung var hún tekin í fóstur af Ragnheiði föðursystur sinni og manni hennar, Jónasi sýslumanni Scheving á Leirá, en þau voru barnlaus. Bjarni felldi hug til Elínar, en engar sögur fara af samdrætti þeirra fyrr en síðla sumars 1819. Þá fór Bjarni á fund föður hennar, sem samþykkti ráðahag þeirra, þrátt fyrir fyrri fjandskap. Ekki er annað sýnna en að þessu sinni væri ást Bjarna endurgoldin og amtmaður hafi ekki viljað standa gegn vilja dóttur sinnar né fóstura hennar Jónasar, sem virðist hafa verið hlynntur Bjarna í þessu. — Bjarni skrifaði Grími Jónssyni um haustið og var drýgindalegur:

Hvað mig sjálfan snertir, þá er eg nú trúlofaður Elínu dóttur amtmanns Stephensens, og allar þær sögur, sem menn hérí landi hafa diktað um bónorðsfarir mínar, hafa þar ekki hindrað mig.²

Finni Magnússyni skrifaði hann einnig og er þar fjölorðari.³ Finnur var þá einnig nýtrúlofaður, og hefst bréfið á gamankvæði um Freyjuketina, sem höfðu hremmt þá báða. Hann tilkynnir Finni, að hann sjálfur óverðugur sé „líka orðinn trúlofaður vænnri og velgáfaðri stúlku“ og ætli „að troða inni heilagt hjónaband á næstkomanda vori.“ Hann er hrærður yfir sáttfýsi amtmanns og er ljúft að gleyma fyrri ýfingum þeirra.⁴

1 Skýrsla prests um fædd börn í Hvanneyrarsókn á þessum tíma er glötuð, en í flestum heimildum er hún talin fædd 24. des. 1800 (þó 23. des. í BTh. Ljm. I xviii).

2 BTh. Bréf I 14. Óvíst er, hvort taka beri bókstaflega, þegar Bjarni talar um „diktaðar“ sögur, en vitaskuld má gera ráð fyrir, að fleiri sögur hafi verið á kreiki en þær, sem nú eru kunnar.

3 BTh. Bréf I 156–158.

4 Árni Helgason skrifar Bjarna Þorsteinssyni rækilega um trúlofunina (Bisk. í Görðum 48–49) og getur þess m. a., að amtmaður hafi veitt Bjarna skriflega staðfestingu á samþykki sínu. Bjarni minnst einnig á skriflegt loforð amtmanns í bréfi til Bjarna Þorsteinssonar 3. marz 1820.

En Adam var ekki lengi í Paradís. Árni Helgason kemst svo að orði í bréfi til Gríms Jónssonar 4. marz 1820, að Bjarna sé tekið að „daprast vonarljósið“,¹ en þó skrifar hann Bjarna Þorsteinssyni sama dag, að Bjarna sækist ekki illa róðurinn í Borgarfirði og sé þar öllum stundum, er færi gefst.² Bjarna voru nú settir þeir skilmálar, að hann yrði að sækja um sýslumannsembætti, ef hann ætti að fá Elínu. En hann fékk uppsögn hennar, áður en svar barst við umsókn hans um sýslu. Um þetta efni má helst fræðast af bréfum Bjarna til nafna síns Þorsteinssonar, dags. 3. marz, 23. júlí og 15. ágúst 1820, en aðeins lítills hluta þess verður getið hér.³

Í bréfinu 23. júlí kveðst Bjarni óttast, að það verði „kannske aldrei tilfellið“, að hann eignist Elínu. En hann telur unnustuna enga sök eiga á þessu, því að hún hafi aldrei lofzt honum „undir öðru skilyrði en að það væri föður hennar ljúfur vilji“. Bjarni er eðlilega dapur í bragði, þar sem giftingaráform hans virðast enn ætla út um þúfur:

... en verði ei rétting á þessu, er mér næst skapi að reyna ei framar til að gifta mig, því mér sýnist sem forlögin ætli að neita mér um þessa Behagelighed, og eg ætti þá ei heldur að vera snokinn fyrir hana.

Í bréfinu 15. ágúst skrifar Bjarni, að ráðahag sínum sé nú „að öllu leyti uppbrugðið“. Pykir honum „illt að sjá af stúlkunni“, enda hafi hann síðast skilið við hana „með sömu vináttu og nokkurn tíma áður“. Er á honum að skilja, að amtmanni hafi loks tekizt að neyða stúlkuna til að samþykkja trúlofunarslit, eftir að hann hafði látið hana flytja frá Leirá. Segir hann Jónas á Leirá hafa verið sér meðmæltan og vegna þessara mála hafi skapazt óvild með honum og amtmanni. Líkt og á Möðruvöllum áður hefur alls kyns sögu-

1 BTh. Ljm. II 81.

2 Bisk. í Görðum 52.

3 Kaflar bréfanna, sem við koma þessum málum, eru hér í viðauka. Meginmáli skipta hér viðhorf Bjarna sjálfs, en álit annarra má t. d. sjá í skrifum Árna Helgasonar, Bisk. í Görðum 54–55, en hann taldi Elínu hafa orðið Bjarna afhuga.

burði verið beitt gegn Bjarna, og nefnir hann það sem aðra aðalástæðu ófaranna:

... þarnæst ýmsar skröksögur að sunnan um orð eg hefði átt að láta mér um munn fara, hvaraf sú skæðasta var, að eg hefði eitt sinn átt að segja, að ef amtm[aður] sviki mig, tæki eg til minna ráða. Þetta man eg mig aldrei hafa talað, en það var svoleiðis lagt út, að eg ætlaði að violera kærustu m[ína, þ. e. nauðga henni], til þess að amtm[aður] neyddist til að gefa mér hana!!

Eftir bréfunum að dæma virðist Bjarna ekki vera eins pungt í skapi við missi Elínar og áður við missi Guðrúnar. Hann segir m. a. í síðastnefndu bréfi:

... eg hefi þó þá Satisfaction, að Publicum er á mínu máli og jafnvel þeir, sem áður hafa verið mér mótfallnir.

Bjarna hefur verið það sárabót að finna samúð fólks, að fóstri stúlkunnar var honum hlynntur og ekki sízt, að stúlkun sjálf hafði verið fús að giftast honum.

Sem dæmi þess, hve ólíklegar sögur gátu myndast um kvennaleit Bjarna, er frásögn Árna Helgasonar í bréfi 24. ágúst 1820. Þegar hann hefur skýrt frá uppsögn Elínar, bætir hann við:

En veiztu hvað assessor er nú að mynda sig til? Hann ætlar að biðja frökenarinnar í Viðey. Hjaltalín, hans aldavin, hefir innbyrjað honum, að það muni vel lukkast, og því einungis, að fólk þar girnist hann fyrir mág, hafi verið hindruð gifting hans þaðan, hér og þar. Eg er á hinni meiningunni, að það kosti hartnær hans líf að nefna slíkt þar.¹

En Bjarna var kunnugt um þennan orðróm, og þegar hann hefur skýrt frá málalyktum í bréfinu 15. ágúst, mótmælir hann þessu:

¹ Bisk. í Görðum 55 (bréf til Bjarna Þorsteinssonar). „Frökenin“ er Þórunn, dóttir Magnúsar Stephensens (f. 19. apríl 1793). Hún giftist 1825 frænda sínum Hannesi, syni Stefáns amtmanns á Hvítárvöllum.

Eg hugsa nú varla framar að reyna til að gifta mig, allra sízt þar, sem ryktið segir eg ætli nú að leita á, sem er í Viðey!!

Víxlspor sumarið 1820

Hér verður stuttlega minnzt á annað atvik, sem talið er hafa gerzt þetta viðburðaríka sumar. Herma munnmæli, að um þær mundir er trúlofun Bjarna og Elínar fór út um þúfur, hafi ung stúlka, sem vann á heimili hans í Gufunesi, orðið þunguð af völdum hans. Hún hét einnig Elín, en var Guðmundsdóttir. Kölluð var hún þjónusta Bjarna, en óvíst er, hvort hún var ráðskona hans. Ef til vill er við hana átt, þegar Bjarni segist í bréfinu 15. ágúst hafa „fengið betri ráðskonu“. Elín þessi ól stúlku 19. apríl 1821, og segir sagan, að Bjarni hafi fengið vinnumann sinn til að gangast við barninu og kvænast stúlkunni. Virðast alltraust rök hníga að því, að Bjarni hafi verið barnsfaðir hennar.¹

Í bréfinu 23. júlí 1820 gat Bjarni þess, að ef til vill eignaðist hann aldrei konu, en tók fram, að um börn gegndi öðru máli, „því börn má fá með mörgu móti“. Þessi gamansama athugasemd mitt í öllum raunatölunum kann að vera vísending um, hvar Bjarni hafi leita sér huggunar í kvonbæna-raununum. En hafi atvik þetta raunverulega gerzt, hefur Bjarni gætt þess vandlega að halda því leyndu. Þó að stúlk-an væri í fríðara lagi og greind, hefur naumast hvarflað að honum að kvænast henni. Hann hefði aldrei hneykslað tíðarandann með því að ganga að eiga stúlku af fátækri almúga-stétt.

Hildur Bogadóttir

Sem fyrr segir, lét Bjarni í ljós í bréfinu 15. ágúst 1820, að hann hefði varla framar í huga að leita sér kvonfangs. En

1 Stúlka sú, sem talin var laundóttir Bjarna, hét Sigríður, jafnan kennd við Skarfanes. Hún varð merkiskona, og hefur Guðni Jónsson skráð sagnir af ævi hennar og uppruna, sem hér er að mestu stuðzt við (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur I 5–71).

réttum mánuði síðar, 15. september, stóð í Stykkishólmi brúðkaup hans og Hildar dóttur Boga kaupmanns Benediktssonar. Hann skrifaði vini sínum strax daginn eftir til að segja tíðindin. Hann vottar enn hamingju sína í bréfi til sama 4. marz 1821 og kveðst vera „í *bezta* máta giftur“, því að kona sín sé eins góð og hann áliti kærustu hans, Þórunni Hannesdóttur, „og þarhjá rétt lagleg“.

Árni Helgason skýrir svo frá giftingunni í bréfi til Bjarna Þorsteinssonar 11. október 1820:

Þetta gekk mikið snögglega og þegjandi af. Hann [þ. e. Bjarni] lét berast út, að ætlaði ferð austur að Hlíðar-enda í sterbú föður síns, en brá sér þá vestur með egte-skabs bevilling í vasanum, hafði ekki séð stúlkuna. En fjórum dögum eftir var hann harðgiftur.¹

Hvergi er í heimildum að finna skýringar eða getgátur um tildrög þessa óvænta atburðar. En ótrúlegt er, að Bjarni hafi farið vestur án þess að erindi hans væri tryggt. Er sennilegast, að einhver, sem þekkti báða aðila, hafi verið meðal-göngumaður. Kemur þá helzt í hug Oddur Hjaltalín. Hann átti heima um skeið í Stykkishólmi, var síðan búsettur syðra á landlæknisárum sínum 1816–20, en fluttist þá aftur vestur. Árni Helgason bendlaði Odd við ráðagerðir Bjarna í Viðey. Ef til vill var sá orðrómur ekki alveg úr lausu lofti gripinn, að Oddur væri viðriðinn kvonbænamál Bjarna um þessar mundir, þó að á öðrum slóðum væri.

Hildur var fædd 4. júní 1799 og því 21 árs, er hún giftist Bjarna. Heimildir bera henni yfirleitt vel sögu. Árni Helgason skrifar í fyrrnefndu bréfi, að Hildur sé dáfalleg, hafi á sér gott orð fyrir geðblíðu og sé „mikið rík“. Ekki hefur þótt minnst vert um hið síðastnefnda, enda tekur Espólín fram, að Bjarni hafi fengið gilda heimanfylgju með Hildi.² Árni Helgason finnur það þó að henni, að hún sé „miður dugleg

1 Bisk. í Görðum 58.

2 Jón Espólín: Árbækur XII 116.

til búsyflu“. En tæpast hefur mikil reynsla verið á því fengin, er Árni skrifar þetta, 2–3 vikum eftir að Hildur tók við húsfreyjustörfum í Gufunesi. Ekki verður annars vart en hún hafi leyst eiginkonuskyldur sínar vel af hendi og hjónaband hennar og Bjarna væri farsælt.

II ÁSTAKVEÐSKAPUR

YFIRLIT

1. 1811–1820

Bjarni skýrði afkastaleysi sitt í ljóðagerð á Hafnarárunum þannig, að hann hefði ekki orðið fyrir nægu mótlæti. En á því skeiði, sem hér um ræðir, skorti ekki á andstreymi, enda orti hann þá mun meira, og víða ber kveðskapurinn þess glögg merki, hve miklu hugarróti það hefur valdið. En drjúgur hluti hans er fremur léttvægur og verður því lítið staldrað við nema til athugunar á vitnisburði hans um tilfinningar skáldsins og viðhorf. En um eiginlegu og listrænni ástakvæðin verður fjallað í næsta kafla.

Fá kvæðanna frá þessum árum er unnt að tímasetja nákvæmlega, sum kunna jafnvel að vera frá öðru tímaskeiði, en hér verður að langmestu farið eftir aldursrökum og niðurröðun í útgáfu Jóns Helgasonar. Ef til vill mætti stundum gizka á tímasetningu kvæða af því, hvernig skáldinu hafi verið innanbrjósts, hvort kvæði séu ort á tímum vonar, bjartsýni og velgengni eða þegar lífið var mótdrægt. En á slíkum ályktunum eru oftast auðsæ vandkvæði.

Þetta tímaskeið Bjarna einkennist mjög af skörpum andstæðum og örum geðbrigðum, eins og glöggt speglast í kvæðunum. Þar skiptast á annars vegar vonargleði og hlýleg, stundum barnsleg glettni og ákefð – en hins vegar vonbrigði og beiskja, ótti við smán og vanvirðu. Í kvæðinu *Hamingjan undir hólnum* örlar á hvorutveggja: í fyrri hlutanum kveður skáldið um vonbrigði, vegna þess að hann fær ekki hnossið, sem hann girnist; í seinni hlutanum gleði, því

að hamingja hans er bundin blóminu, „sem blikar um möðru grundir“.

Með nokkrum rökum má ætla, að *Langloka* sé frá fyrri árum þessa skeiðs.¹ Ef til vill er hér ort til sömu stúlku og hörmuð er í Hamingjunni undir hólnum. Í báðum kvæðum er líkur saknaðarblær, þó öllu sárari hér:

Hún mun mér ein
í minni hrein,
tíðin mun sein
að mýkja það mein,
sem mér gegn merg og bein
margstungið af ástarflein . . .²

Sársauki og einmanakennd lýsir sér í *Einlífi*:

Þreyi eg lengi að Lofnar mey engi
vill ljá mér sinn huga.

Í fyrra erindi virðist gefið í skyn, að Bjarni yrki þetta þrí-tugur að aldri:

Svo fyrir mengi eg Miðgarðs á vengi
mókti þrjá tuga.

Af því má ráða, að þetta sé ort 1816–17, á meðan Bjarni átti að heita trúlofaður Guðrúnu, en óvíst er, að taka beri orðin bókstaflega. Ekki er víst, að seinna erindið sé ort á sama tíma, en efni þess bendir til harms, sem virðist stafa af dræmu gengi ástar hans og Guðrúnar. Hann væntir þess, að þeir, sem koma „frá landnorðurs slóðum“, færi sér „miða frá fljóðum“, en honum verður ekki að ósk sinni og snýr vonsvikinn heim: „ . . . hryggðin þá stranga mig hart slær á vanga . . .“

1 Sjá BTh. Ljm. II 84.

2 *Langloka* minnir allmjög á *Meyjarmissi* Stefáns Ólafssonar („Björt mey og hrein“); sbr. einkum 1. er. og tilvitnaðar ljóðlínur úr *Langloku*. Jón Helgason gizkar á, að „sem mér gegn“ hefði átt að vera „sem mér er gegnum“, og er sú breyting mjög til bóta.

Í framantöldum kvæðum tjáir Bjarni vonbrigði sín og óhamingju af alvöru og einlægni að því er virðist. En kvæði í þessum anda eru ekki öllu fleiri. Hann virðist miklu oftast leitast við að dylja harma sína og bregður fyrir sig grófri gamansemi, hálfkæringi og hæðnistón, þegar hann harmar konuleysið og skopast að óförum sínum. Oft má þó greina undir niðri alvörufunga, sem ber vitni um bitra reynslu. Til dæmis fjallar *Bezt tel eg hnossa* um yndi þess að njóta kossa hjá blíðum meyjum, en endar síðan:

en verst tel eg krossa og vert fyrir tossa
að verða fráganga.

Sama er að segja um *Kvennaást*. Þótt á yfirborði sé gamansemi og jafnvel klúryrði, leynist sums staðar alvara að baki:

Bágt þó veiti veslum mér
að veiða bríkur þráða,

— — —
allt sig jafnar, óhætt er;
einhvör mun mig náða.

En stundum varð reynslan of bitur til að kveðið væri létt-úðugt um kvennalöngun. Þá er ort í nöprum tón um það, hve meyar séu varasamar. Þær tæli menn í snörur sínar, séu sem hverjar aðrar „tálgrafir“ (*Vísur um konur*). Leitað er á náðir víNFLöskunnar, talið öruggara athvarf hjá henni en stúlkum. Þess efnis er *Drykkjuvísan* „Gamall mjöður gleður þjóð“, sem í æviágripi Bjarna 1884 var talin ort, þegar honum barst í hendur uppsagnarbréfið frá Möðruvöllum.¹ Fátt í kvæðinu styður það þó. Jón Helgason bendir á, að fremur kunni *Drykkjuvísan* „Biðillinn hleypir hart af stað“ að hafa verið ort við þær aðstæður.² Yrkisefnið er hið sama, borin saman stúlkun og víNFLaskan, en það kvæði er líklegra til að vera ort af manni, sem verið hefur í sporum biðils og farið langar og torsóttar leiðir á meyarfund.

1 BTh. Kvæði (1884) xxiii.

2 BTh. Ljm. II 72.

Drykkjuvísurnar og grófu gamankvæðin, sem að framan eru talin, koma ekki illa heim við lýsingarnar í níðvísunum illræmdu, sem kveðnar voru til Bjarna sumarið 1818, um sama leyti og hann fékk synjun Guðrúnar. Einnig koma í hug bréf hans þá um haustið, þar sem hann kveðst harðna í skapi við raunirnar. Í bréfinu til Gríms Jónssonar segist hann lítið eiga til af „delicatesse“, því að sér hafi „aldrei verið um kvenfólk, hvörki í buxum né pilsum“.¹ (Með kvenfólki í buxum á hann við veiklundaða karlmenn.) Frá sama tíma er ef til vill *Sker hefir skrapíð í firði*, þar sem skáldið dreymir um að líkjast skerinu, sem óhaggað stendur, þótt boða brjóti á því:

Minnkun er manni að vera
minni kletti dauðum
og brjóst sitt bilast láta
boðum mótlætis.

Einna bezt kvæðanna með slíkum karlmennskubrag er *Solatiium*. Þar gætir mikils alvörupunga, er skáldið leitar sér hughreystingar með því að kveða um kosti þess að lifa konulaus og ganga einn til grafar:

Græturat ekkja
ókvæntan ver,
börn trega aldrei
barnlausan hal.

Úr því að skáldið fær ekki notið kvenlegs yndis, leitar hugur til hreysti og hetjudáða, hinn sterki og óbifanlegi verður mannhugsjón hans:

Ef mér ei vilja
ástir ljá
meyjar mjúkhentar,
né mig við hjala,
unna mér aftur
ýtar hugdjarfir . . .

1 BTh. Bréf I 8.

Kvæðin, sem að framan getur, bera flest vitni um vonbrigði Bjarna og gæfuleysi í ástamálum. En hann hafði einnig átt sér hamingjustundir í þeim efnum, þótt miklu sjaldnar komi það fram í kveðskapnum. *Gamanvísur til Finns Magnússonar* ljóma af góðlegum gáska og jafnvel barnslegri hreykni yfir að vera kominn í klær „fjandans Freyjukatta“. – Varla eru nema þrjú kvæði frá þessum árum, sem talizt geta eiginleg ástakvæði: *Drósin blíðust brosir*, *Kvæði til Sigrúnar* og *Sigrúnarljóð*. En af þeim er aðeins verulegur fengur að hinu síðastnefnda.

Með allgóðum rökum er *Drósin blíðust brosir* talin ort til Guðrúnar á Möðruvöllum haustið 1817, sem fyrr getur. *Kvæði til Sigrúnar* hefur Bjarni skrifað á hluta sendibréfs, sem Jón Helgason telur sennilega hafa verið frá Elínu Stephensen.¹ Í bréfinu hefur hún beðizt afsökunar á ljótu og röngu pári sínu, og yrkir Bjarni henni til huggunar. Bæði þessi kvæði bera vitni góðlátlegri mildi og jafnvel ástriki, sem stingur í stúf við mörg fyrrnefndra kvæða. *Sigrúnarljóð* hafa þá sérstöðu, að ókleift er að benda á atvik eða aðstæður í lífi Bjarna, sem kvæðið kunni að vera tengt. Það er hafið yfir jarðneskan veruleika. Ætla má að vísu, að það sé ort á meðan Bjarni var trúlofaður Elínu, en við erum litlu nær um til efnið. Jón Helgason leiðir að því nokkrar líkur, að Sigrúnarljóð séu frá fyrri hluta árs 1820, „sandsynligvis skrevet i foraaret eller sommeren 1820“.² Við röksemdir hans mætti ef til vill bæta tvennu til styrktar tímasetningunni: Sigrúnarnafnið notar Bjarni um Elínu, að því er virðist, í *Kvæði til Sigrúnar*. Mætti gera sér í hugarlund, að Bjarni hafi notað þetta sem eins konar skáldskaparnafn Elínar. Í öðru lagi svipar einna helst til Sigrúnarljóða frá þessum árum erfi-ljóði um Jónas Stephensen, bróður Elínar, sem lézt 22. maí

¹ BTh. Ljm. II 92.

² Sama 91; Digte af Bjarni Thorarensen og Jónas Hallgrímsson. Udgivet i facsimile . . . (Kh. 1938) 10.

1820. Meginhluti þess er með óreglulegum bragarhætti, ekki ólíkum Sigrúnarljóðum, en lokaerindi beggja kvæða er með svipuðum hætti, sem annars er óviða hjá Bjarna. Erindið *Kysstu mig hin mjúka mæ*r má telja hér með, þótt ort sé ef til vill nokkru síðar. En það er í líkum anda og Sigrúnarljóð og verður ekki tengt tilteknum atvikum í lífi Bjarna.

Af þýðingum Bjarna, sem líkur benda til, að séu frá því fyrir eða um 1820, er vert að nefna *Hafgufuna* eftir Oehlen-schläger. Það er sérstætt ástakvæði, að sumu leyti minnir andblær þess á Sigrúnarljóð. Sagt er frá hafmeyju, sem með töfrum tælir mann til að fleygja sér í fossinn, svo að hann megi um eilífð verða brúðgumi hennar.

Kossar hefur verið talið þýtt kvæði, þótt hvorki beri eiginhandarrit né uppskriftir þess merki og ekkert frumkvæði hafi fundizt. En ástæðan er sú, að til er kvæði eftir Sigurð Breiðfjörð, sem *Ástir* heitir og ótvírætt virðist af sömu rót runnið. Hefur þótt eðlilegast að líta á kvæðin sem tvær þýðingar eins frumkvæðis.¹ Hins vegar kemur í ljós, að til er á dönsku sams konar kvæði, sem einnig er eftir Sigurð Breiðfjörð og heitir *Naar en Mand hos Mø*. Þar sem kvæði Bjarna er líklega elzt þessara þriggja,² má ef til vill geta sér þess til, að Sigurður hafi fyrst snúið *Kossum* Bjarna á dönsku og síðan þýtt dönsku gerð sína á íslenzku. Skulu hér sýnd upphafserindi kvæðanna þriggja til samanburðar:

Kossar

Örvast elsku blossom
æ þá mjúkir kossar
manns og konu mætast fyrst á vörum,
snertir sálu sál,
sést því elsku bál
brjótast upp í blossomum snörum.

1 BTh. Kvæði (1884) 280; BTh. Ljm. II 103.

2 Sbr. athugasemdir útgefenda um tímasetningu kvæðanna: BTh. Ljm. II 102–103 og 225; Sig. Breiðfjörð: Ljóðasafn III 5 og 224.

Naar en Mand hos mø

Naar en Mand hos Mø
 planter Elskovsfrø
 straks i begges Barm opstiger Flammen,
 blusser Baalet hedt,
 saa derved til eet
 hans og hendes Hjerter smeltes sammen.

Ástir

Þegar mann við mæ
 magnað ástir fær,
 eldur kviknar upp í brjósti hreinu.
 Beggja hjörtu hlý
 hita baðinu í
 bráðna, svo að bæði verða að einu.

2. Eftir 1820

Lausn kvonbænamálanna markaði vitanlega tímamót í lífi Bjarna. Sama er að segja um kveðskapinn, ekki sízt ástakvæðin. Þar urðu ekki lengur eins sterkar hugarhræringar til að vekja skálddisina. Fyrsta tug hjúskaparáranna, og rúmlega það, leggur Bjarni ástakveðskap að mestu á hilluna, ef frá er talin þýðing á kvæði eftir Sappho, *Goða það líkast unun er*, sem er með frábærustu þýðingum hans. Hún mun raunar vera til orðin sem bragarbót á þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar á sama kvæði, og augljóst er, að Bjarni hefur mjög haft gerð hans til hliðsjónar. Þýðinguna hefur Bjarni að líkindum gert 1824.¹

En síðar, þegar Bjarni var kominn um fimmtugt, tók á ný við tímabil skáldlegrar frjósemi, og þá orti hann tilfinningaheitt og fjörmikil ástakvæði, líkast því sem kvæðin væru af ungum og ástföngnum manni. Kvæðin, sem hér um ræðir, eru *Kysstu mig aftur*, *Freyjukettirnir* og *Stjörnuskóðarinn*, að líkindum ort á árunum 1835–38.

1 Sbr. BTh. Ljm. II 145.

Íhugunarefni er, hverju það megi sæta, að roskinn og ráðsettur amtmaður, kvæntur og margra barna faðir, taki til við slíkan kveðskap. Sigurður Guðmundsson hefur rækilega um þetta fjallað,¹ og álitur hann, að orsakir þessa nýja skáldskaparskeiðs megi öðrum þræði rekja til nýs kynólgu- eða gelgjuskeiðs, sem hann hafi lifað um fimmtugt.² Hann telur líklegt, að Bjarna hafi í rauninni hent þau atvik, sem lýst er í Kysstu mig aftur, og eina skýringin á Freyjuköttum sé sú, „að hinir stökkfimu og meinglettnu kettir hafi gert sér lítið fyrir og læst klónum í sjálfan amtmanninn.“³ Víst er um það, að Kysstu mig aftur bendir mjög til raunverulegra atvika, þar sem skáldið ávarpar stúlkuna og rifjar upp ævin-
týri þeirra:

og að þig aftur eg nálgast,
þó áðan við kysstumst —
ýttu mér ekki þó frá þér . . .

Manstu ei er munir ossrir
þá mættust í dyrum?

En hins verður þó jafnan að gæta, að skáld kunna að umskapa raunheiminn að eigin geðþótta. Þau lifa oft í kvæðum sínum þær unaðsstundir, sem veruleikinn meinar þeim að njóta.

Bjarni hafði sérstakt dálæti á þessum síðbornu ástakvæðum: „Freyjukettirnir og Kysstu mig aftur . . . eru mín elskubörn,“ segir hann í bréfi til Gríms Jónssonar haustið 1839.⁴ Honum virðist síður en svo í mun að halda kvæðunum leyndum; þau voru að líkindum öll nýort, þegar þau birtust í Fjölni, en höfundar raunar ekki getið: Kysstu mig aftur og Freyjukettirnir voru merkt „P“, Stjörnuskóðarinn „22“.⁵

1 „Liðan og ljóðagerð Bjarna Thorarensens á Möðruvöllum.“ Samtið og saga III 59 o. áfr.

2 Sama 128.

3 Sama 122–23.

4 BTh. Bréf I 147.

5 Kysstu mig aftur kom í Fjölni III (1837), Stjörnuskóðarinn í IV (1838, kom út 1839), Freyjukettirnir í V (1839).

En í Fjölni voru kvæði oft merkt dultáknum. T. d. var annað kvæði Bjarna, *Til móður minnar*, merkt „P“,¹ þótt ástæðulaust sé að álíta, að hann hafi ekki viljað vera bendlaður við það. Sama ár og Kysstu mig aftur kom í Fjölni, skrifaði Bjarni Grími Jónssyni:

Dú skalt vita, að eg er höfundur að „Kysstu mig aftur“ í Fjölni, flyttu það í mínu nafni, — nei, í einhvörs ungs manns nafni, þeirri, sem fríðust er dætra þinna . . .²

Í bréfinu til Gríms Thomsens 1841 segir Bjarni, að af Freyjuköttunum vilji hann „allstaðar vera þekktur“.² En gagnvart öðrum ástakvæðum virðist gæta nokkurrar hlédrægni. Hann tekur fram, að ef Grímur útleggi „nokkuð af erotiska kveðskapnum“, vilji hann ekki, að nafn sitt sé nefnt þar við, en þar á meðal á hann við Sigrúnarljóð og Kysstu mig aftur. Líklegt er, að honum hafi ekki þótt svo ástríðumikill kveðskapur sæma roskennum og ráðsettum embættismanni, sízt þegar átti að snúa þeim á danska tungu.

Þegar á allt er litið, virðist Bjarni síður en svo hafa reynt að halda þessum kvæðum leyndum af ótta við að ljóstra upp leyndum atvikum. En ljóst er, að funheita ástakvæðið Kysstu mig aftur og glettna kvæðið um veiðibrellur Freyjukatta bera vitni um óvæntan fjörkipp í tilfinningalífi skáldsins, hverjar sem orsakir hans voru.

1 Fjölnir V (1839).

2 BTh. Bréf I 136.

III ÁSTAKVÆÐI

Minnzt hefur verið á allmörg kvæði, sem teljast á ýmsan hátt til ástakveðskapar, en mörg þeirra hafa lítið bókmenntagildi. Hér verður fjallað um hin skáldlegri ástakvæði. Þau eru: *Drósin blíðust brosir*, *Sigrúnarljóð*, *Kysstu mig hin mjúka mær*, *Kysstu mig aftur*, *Stjörnuskóðarinn* og *Freyjukettirnir*. Álitamál kann að vera, hvar draga beri hér mörkin, en óhætt mun þó að telja þessi kvæði skipa öndvegi. Vestanvindurinn er ekki í þessum flokki, þótt vel hefði sómt sér. Ástæðan er sú, að Bjarni og Hallgrímur Scheving ortu kvæðið í sameiningu og hlutur Bjarna þar óviss. En þess má minnast, að kvæðið er eignað honum einum í ljóðaútgáfum fyrir 1935. — Ennfremur er kvæðinu Kossum sleppt hér vegna óviss uppruna.

Um geymd kvæðanna, textamun handrita og útgáfur er óþarft að fjölyrða, þar sem þessu eru gerð glögg skil í útgáfu Jóns Helgasonar, en veitt skal stutt yfirlit.

Kysstu mig hin mjúka mær er hið eina þessara sex kvæða, sem er ekki til í ehdr. né traustum eftirritum. Það er prentað eftir uppskrift í JS 310 8vo, sem virðist gerð eftir minni.

Drósin blíðust brosir er til í einu ehdr. Ekki er kunnugt um nein eftirrit, og kvæðið er ekki prentað fyrr en í útgáfu Jóns Helgasonar. Það hefur því þá sérstöðu, að almennt hefur ekki verið vitað um tilveru þess fyrr en rúmri öld eftir að það var ort. Hefðu þó ýmis önnur kvæði Bjarna fremur verðskuldað slík örlög.

Stjörnuskóðarinn og Freyjukettirnir eru hvort um sig í einu ehdr., og eftir þeim eru kvæðin prentuð í útgáfunni

1935. Skáldið sendi bæði kvæðin til birtingar í Fjölni, en þar er smávægilegur orðamunur frá ehdr., helztur er hann í 1. línu Stjörnuskóðarans: „Blástjarnan þó skarti skær“ í stað „... þó skíni skær“ í ehdr. Eftir Fjölni eru kvæðin prentuð í fyrri útgáfum.

Kysstu mig aftur er til í tveimur ehdr. Annað er í Ny kgl. Sml. 2004 fol. I,¹ hitt í ÍB 123 8vo og eftir því prentað í útgáfu Jóns Helgasonar. Í Fjölni var kvæðið prentað með smávegis orðamun og eftir þeirri gerð farið í fyrri útgáfum.

Sigrúnarljóð eru til í fjórum ehdr. Orðamunur þeirra er fremur lítill, en aðeins í Lbs. 221 8vo, sem prentað er eftir í útgáfu Jóns Helgasonar, fylgja einkunnarorð kvæðisins, og það er annað tveggja ehdr. með fyrirsögn. Þar hefur kvæðið fyrst átt að heita *Afturgönguvísur*, en er síðan breytt og kallað *Til Sigrúnar*. Það heiti ber kvæðið einnig í ehdr. ÍB 979 8vo. Hins vegar nefnir Bjarni kvæðið *Sigrúnarljóð* 1839,² en *Sigrúnarbrag* 1841.³ Það er því ekki öruggt, að skáldið sjálf hafi endanlega ákveðið Sigrúnarljóð sem heiti kvæðisins, en það kemur snemma fyrir og hefur ávallt verið haft í útgáfum.

1. Einstök kvæði

Drósin blíðust brosir

Tilurð kvæðisins má setja sér þannig fyrir sjónir: Skáldið skrifar bréf til unnustu sinnar, þar sem hann segir almenn tíðindi, hvernig heyskapur hafi gengið o. s. frv. Hann hreinritar síðan bréfið, en aftan á uppkastið skrifar hann kvæðið. Þar hugleiðir hann, hverjar móttökur bréfið muni fá hjá stúlkunni. Hann vildi mikið gefa til að vera þá kominn í „ham“ bréfsins. Þrá sinni til hennar lýsir hann á þann hátt, að hann kyssi hana í draumum sínum, en uppgötvi sér til

1 Ljóspr. í Digte af BTh. og JH.

2 Í bréfi til Gríms Jónssonar, BTh. Bréf. I 147.

3 Í bréfinu til Gríms Thomsens.

vonbrigða, þegar hann vaknar, að hann hafi kysst „koddann, en eigi meyju“. — Kvæðið lýsir þrá til fjarstaddirar ástmeyjar og ljómar af góðlátlegri kímni. Vitundin um að eiga unnustu, þótt í fjarlægð búi, veitir skáldinu huggun og gleði.

Kvæðið getur ekki talizt veigamikið, og ekki felst gildi þess í glæstum búningi fremur en oft endra nær hjá Bjarna. Það er tvö erindi undir dróttkvæðum hætti, en á einum stað vantar hendingar. Orðaval er yfirleitt látlaust og orðaröð ekki flókin, en sumt er þar stirðlega kveðið.

Sigrúnarljóð

Skáldið beinir kvæðinu til Sigrúnar og ávarpar hana fyrst sem hann standi andspænis henni:

Þú angraðir mig áðan
með orðum þínum, Sigrún.

Sigrún hafði efazt um, að skáldið elskaði hana jafnheitt liðna sem lífs, en hann lýsir fyrir henni, hve ástir þeirra muni verða innilegar eftir dauðann. Hér er mótuð sú hárómantíska afstaða, að sönn ást sé æðri öllu jarðbundnu lífi:

Mín trúir þá ei meyja
að muni eg sér unna
ef hún eigi trúir
eg unni sér fölri. (2. er., f. hl.)

Bygging kvæðisins einkennist af dulmagnaðri stígandi. Eftir því sem lengra liður, fjarlægist það æ meira allt jarðneskt og líkist helzt draumórum. Hraði hins dularfulla skáldflugs eykst og nær hámarki í eilífðardansi elskendanna um geiminn. Áhrifamáttur stígandinnar er enn aukinn með því að breyta bragarhætti síðasta erindis, svo að hrynjandinn verður jöfn og fluglétt.¹

¹ Bragarháttur hinna erindanna er mjög óreglulegur, rím er ekki að staðaldri (hendingum líkum dróttkvæðahætti bregður fyrir), og kveðandi er oft óljós.

Sigrúnarljóð eru að miklum hluta samanburður á fegurð lífs og dauða. eru þá einkum bornir saman hinir táknrænu litir, fölvi dauðans og roði lífsins, með ýmsum tilbrigðum:

Kyssir ei á köldum
kalda mjöllu vetri
röðull, jafnt sem rauðar
rósir á sumrum?
Hvít er hreinust lilja,
hvít ert þú sjálf sem mjöllin.
Muntu þá miður skarta
þó munnur og kinnar hvítni? (3. er.)

Báðar andstæður eru fagrar á sinn hátt, en minnt er á, að lífsroðinn er einungis stundlegt fyrirbæri, „heimsdvalar dreyri“, „jarðblys“, þar sem dauðafölvinn er „eilífðarblær blásala“.

Mynd Sigrúnar verður aldrei verulega skýr, hún birtist aðeins sem vofa, köld, hvítbleik, klædd líkhjúpi. Fegurð hennar er lýst sem fegurð dauða og kulda. Skýrasta myndin er, þegar ástmærin birtist brosandí í fölu mánaskini og þrýstir skáldinu að ísköldum barmi. Umhverfið er draugalegt: Kólguveður að haustlagi, máninn veður í skýjum, og það er miðnætti. Þegar elskendurnir svífa um geiminn, verður ekki á vegi þeirra nema norðurljós, stjörnur, vetrarbraut, tunglsljós og snjóský. Lýsingarorðin tala einnig sínu máli um þann blæ kulda og annarlegrar birtu, sem yfir öllu hvílir: *Kaldur* kemur 5 sinnum fyrir, *snjókaldur* einu sinni; *hvítur* 5 sinnum, *engilhvítur*, *hvítbleikur*, *bjartur*, *skær* og *hreinn* 1 sinni hvert og *fölur* tvívegis. Hins vegar kemur *rauður* og *fagur* fyrir tvisvar og fáein lýsingarorð skyldrar merkingar einu sinni hvert.

Bjarni velur ástmeynni nafn Sigrúnar, valkyrjunnar í Völsungakviðu hinni fornu. Einn þáttur fornaldardýrkunar hans var aðdáun á kvenhetjunum fornu. Er hann þýddi ástaróð Ovidiusar, voru honum efstar í huga Kolfinna, Helga fagra og Hallgerður. Í kvæði til kunningja síns („Fengið

hef eg bréf“) nefnir hann Brynhildi, Guðrínu Gjúkadóttur, Hallgerði og Sigrúnu. Bjarni notar Sigrúnarnafnið sem eins konar skáldskaparnafn ástmeyjar sinnar í Kvæði til Sigrúnar og Sigrúnarljóðum, og af sama tagi er að líkindum nafn Svövu í Kysstu mig aftur og Stjörnuskóðaranum. Lengi hefur tíðkæzt í ástaskáldskap að nefna stúlkur fögrum nöfnum. Þetta var algengt hjá grískum og rómverskum skáldum, sem notuðu þá oft gyðjuheiti. Í ástljóðum frönsku trúbadúranna, sem víðtæk áhrif höfðu í Evrópu, var föst venja, að ástmeyjar væru nafngreindar, oftast með dulnefnum.¹

En það er fleira en nafn ástmeyjarinnar, sem sameiginlegt er Sigrúnarljóðum og Völsungakviðu. Í báðum kvæðum er fjallað um sömu ódauðlegu ástatryggðina: Dauðinn fær ekki aðskilið elskendurna, því að sá, sem á undan deyr, vitjar hins. Þar er jafnvel um að ræða líkamlega ást lifandi veru og dauðrar.

Bjarni tekur fram í bréfi 1839, að Sigrúnarljóð séu „ekki að öllu original (Ideen ligger i Mottoet)“.² Einkunnarorð þess eru úr þriðja þætti harmleiksins Axel og Valborg eftir Oehlenschläger:

De jordiske, de røde Blus er slukt,
Den rene Form staaer engelhvid tilbage.³

Í seinni helmingi 4. erindis er þetta þýtt næstum beint:

Engilhvítt formið hið fagra
finnast mun óskert kinna
jafnfrítt og jafngott rauðu
þó jarðblysin slokkni.

En sá er munur, að Bjarni er að lýsa látinni stúlku, en Oehlenschläger blómum. Axel og Valborgu var meinað að

1 Á íslenzku er stutt yfirlit um skáldskaparstefnu trúbadúranna hjá Bjarna Einarssyni: Skáldasögur 8–10.

2 BTh. Bréf I 147 (til Gríms Jónssonar).

3 Oehlenschläger: Poetiske Skrifter IV 205.

elskast, og sem tákni þess var hún krýnd kransi bleikra rósa í stað rauðra. Valborg mælir þessi orð, er hún virðir fyrir sér kransinn, en áður segir hún: „Mærke paa hellig Elskov er den blege Rose.“¹ Ástin hefur hér sama blæ tignar og hreinleika og í Sigrúnarljóðum. Fleiri atriði þessa harmleiks mætti nefna, t. d. eftirfarandi:

VALBORG.

Jo, Axel, jo! for sidste Gang til Afsked
Trykker din Valborg fast dig til sit Bryst.

AXEL.

O Skiæbne! dræb mig nu i hendes Arme.²

Samanber í Sigrúnarljóðum:

Fast kreistu brjóst mér að brjósti
og bíddu unz máttu lausan
fá mig úr líkhamns fjötrum,
svo fylgja þér megi eg. (7. er., s.hl.)

Lýsing þess, er Sigrún vitjar skáldsins afturgengin, minnir og um sumt á endurfundi Valborgar og Axels eftir dauðann.³

Viðar má í verkum Oehlenschlägers sjá líka skáldskapar-meðferð og hjá Bjarna. En að ýmsu leyti fer hvor sína leið. T. d. er Bjarna tamara að lýsa vetrarríki, en Oehlenschläger birtu og yl sumars. Skyldleiki þeirra er fremur fólgin í sameiginlegum uppsprettum, þar sem báðir dýrkuðu fornöldina og sóttu þangað efnivið. Valborg segist vera valkyrja Axels,⁴ og Sigrún er einnig af valkyrjuættum. Hjá báðum skáldum einkennist ástin af sams konar ódauðleikablæ og í Völsungakviðu.

1 Poet. Skrifter IV 205.

2 Sama 206.

3 Sama 255.

4 Sama 239.

Venjulega tjá ástakvæði heitar ástríður, þrá eftir unaðslegum atlotum og lýsa frjósemdarfeegurð. Þó að mörg rómantísk skáld yrki um elskendur, sem njótast um eilífð, vekja kvæði þeirra jafnan heitar kenndir. En Sigrúnarljóð eru að þessu leyti mjög óvenjulegt ástakvæði. Þar hrífur mest hinn undarlegi blær kulda, hreinleiks og nábirtu.

Kysstu mig hin mjúka mæ

Kysstu mig, hin mjúka mæ!
því þú ert sjúk.
Kysstu mig, hin mjúka mæ!
því þú deyr.
Glaður drekk eg dauða
;: úr rós ;:
á vörum þín,
því skálin er svo skær.

Erindi þetta má að vissu leyti skoða sem tilbrigði um stef Sigrúnarljóða. Hér þráir skáldið koss stúlku, sem er sjúk og dauðvona. Feigðarfeegurð hennar er hin sama og lofsömuð er í Sigrúnarljóðum. En nautnablærinn er hér meiri. Kossinn verður tákn hinnar ódauðlegu ástar, honum er líkt við það að drekka dauða úr rós. Skáldið er reiðubúið að fórna lífi sínu fyrir kossinn, feigðin gefur honum æðra gildi. Þessi skáldskaparstefna, að elska hið sjúka og dásama feegurð þess, var algeng meðal rómantískra skálda, og svipaðar hugmyndir koma víðar fyrir hjá Bjarna, eins og nánar kemur að síðar.

Kysstu mig aftur

Þetta er áköf bæn skáldsins til Svövu um að fá koss hennar. Hann rifjar upp, að þau hafi áður kysst, en virðist kvíða því, að hún vilji ekki ljá honum annan koss. Hann reynir að vekja samúð hennar með því að lýsa, hvernig sál hans hafi sett á varir hennar, er þau kysstust, og hann geti því

aðeins endurheimt sál sína og líf, að hann fái að kyssa hana aftur:

Veiztu nú líf mitt, hin ljúfa!
þér liggur á vörum:
Leyfðu' að það sofanda sjúgi' eg
úr sólfagra beðnum!
Láttu ei bana mig bíða,
eg bið þig, mín Svava!
Gefðu mér önd mína aftur
og aftur mig kysstu!

Kvæðið er þrungið ástriðuhita, en þó blandið glettni, þar sem skáldið má vart mæla nema eitt orð í senn „af andþrengslum megnum“. Einnig er kímileg lýsingin á hátterni sálarinnar, þar sem hún „dottar í dái“ á vörum stúlkunnar.

Upphrópunarmerki koma alls 11 sinnum fyrir í kvæðinu. Bjarna var tamt að nota þau til áherzluauka, en hvergi eru þau eins mörg að tiltölu og hér. —

Jón Helgason gat þess til, að sú meginhugmynd kvæðisins, að sál mannsins fari yfir á varir ástmeyjarinnar, er þau kyssist, væri upprunalega fengin úr forngrískum skáldskap.¹ Nefnir hann vísu eftir Plato, sem hljóðar svo í lauslegri þýðingu:

Sál mín var á vörum þínum, þegar ég kyssti Agathon.
Vesalings sál! Hún kom í þeirri von að komast yfir
til hans.²

Sama minni má víðar finna í grískum skáldskap. Tvö dæmi skulu nefnd: Í vísu eftir Meleager er meðal annars lýst ástaþrá með þessum orðum: „Ég vildi, að hún setti varir sínar að mínum og drykki sál mína í einum teyg.“³ Í vísu eftir Rufinus er þessi lostríka lýsing á kossum stúlku: „... hún snertir ekki með jaðri varanna; hún þrýstir munninum fast

1 BTh. Ljm. II 190.

2 The Greek Anthology I 166 (v. bók, 78. vísa).

3 Sama I 210 (v. bók, 171. vísa).

að og dregur til sín sálina framan úr fingurgómum [þ. e.: tekur til sín alla sál þess, sem hún kyssir].“¹

Ætla má, að Bjarni hafi þekkt alkunna stöku Benedikts Jónssonar Gröndals, þar sem er hugmynd í ætt við hina grísku:

Spenni eg miðja spjaldagná,
sprikláði sál á vörum;
stillingin, sem oss er á,
ætlaði að verða á förum.²

Hugmyndin um lífsmagn og örlagagildi kossins kemur víðar fyrir hjá Bjarna. Í *Kossum* er kossi elskenda lýst svo, að þá „snerti sálu sál“. Hér verður að hafa þann fyrirvara, að þáttur Bjarna í kvæðinu er ekki ljós. En í *Ástum Sigurðar Breiðfjörðs* — svo og í hinni dönsku gerð hans — eru sálir ekki nefndar. Þar bræðir ástarfuninn hjórtu elskendanna, „svo að bæði verða að einu“. Í *Vestanvindinum* var það ástmeijarkossinn, sem færði deyjandi blómi líf þess aftur. Í *Kysstu mig hin mjúka mæ* ber stúlkan dauðann á vörum sér, en í *Kysstu mig aftur* ber hún lífið. Bæði kvæðin sýna örlagamátt kossins; það er honum háð, hvort skáldið lifir eða deyr.

Stúlkan ber hér nafn valkyrju, eins og í Sigrúnarljóðum. Frá Svövu segir í Helgakviðu Hjörvarðssonar. Helgi og Svava fengu ekki að njótast, en í Völsungakviðu segir, að Sigrún væri Svava endurborin. —

Bragarháttur á *Kysstu mig aftur* virðist fljótt á litið ekki ólíkur hætti Sigrúnarljóða: Sami braglínufjöldi, stuðla-setning eins, og ekkert endarím. En kveðandi er hér miklu reglulegri, ávallt þrír bragliðir í ójöfnu braglínunum, en tveir í hinum. Lokabragliðir eru alltaf tvíliðir, en hinir yfirleitt þríliðir. Forliður er ætíð í jöfnu línunum, en aldrei í hinum. Ef hverjar tvær línur eru teknar sem ein, koma fram jafnlangar braglínur með 5 bragliðum — fjórum þríliðum og einum tvílið í lokin.

1 The Greek Anthology I 134 (v. bók, 14. vísa).

2 Ben. J. Gröndal: *Kvæði* (Viðey 1833) 115.

Orðfæri, orðaröð og áherzlur eru lýtalaus, ef frá er talin fyrnda orðmyndin „ossrir“. Í stað hennar hefði virzt fara betur á að nota „okkar“. Eigi að síður má segja, að þetta sé að formi til eitt af beztu kvæðum Bjarna.

Stjörnuskóðarinn

Blástjarnan þó skíni skær
skal ei framar þína
sjón mína,
því aðrar fegri eru tvær
er mér tindra miklu nær
og undir Svövu augnabrúnum skína!

Í þessu litla ljóði er orðum beint til stúlku, sem nefnd er Svava, eins og í Kysstu mig aftur. Hér virðist Svava einnig vera raunveruleg, skáldinu nálæg. Vitanlega er ekki þar með sagt, að um sömu stúlku sé að ræða. Í Stjörnuskóðaranum er raunar vandséð, hvers eðlis samband skáldsins og stúlkunnar er. Gæti jafnvel verið, að kvæðið sé ort af föðurlegri hrifningu skáldsins til fagureygrar dóttur sinnar.

Freyjukettirnir

Kvæðið er ein samfelld myndlíking: Menn, sem verða ástfangnir, hafa verið klófestir af lævísnum sendiboðum ástogyðjunnar. Kettir Freyju gera fleira en draga vagn hennar. Hún lætur þá veiða menn á svipaðan hátt og venjulegir kettir veiða mýs. En list þeirra er æðri, því að þeir liggja í leyni undir augnasteinum stúlkna, og sá, sem þangað lítur, verður þeim að bráð. Menn eru áminntir um að varast klæki kattanna, láta ekki ánetjast af ástinni:

Lít ei í augu á snót!
því kettir Freyju kúra þar undir steinum!

Öll bygging líkingarinnar er heilsteypt og rökræn og því eðlileg ástæðan til viðvörunar:

Það minnkun ætíð er
úr manni að gjörast músin Freyjukatta!

Ef til vill kynni að virðast hæpið að telja Freyjukettina til ástakvæða, þar sem ástinni er ekki sungið lof, heldur goldinn varhugur við henni. En hinn gamansami tónn veldur því, að varla verður aðvörugin tekin ýkja alvarlega. Jafnvel skín í gegn, að allt um rispur Freyjukatta sé viss unun að lenda í klóm þeirra. Eðlilegt virðist að túlka meinglettni kvæðisins á þann veg, að skáldið hafi sjálft hlotið skrámur, sem það telji tæpast samboðnar virðingu sinni, en hendi gaman að.

Af köttum Freyju segir í Snorra-Eddu: „En er hon [þ. e. Freyja] ferr, þá ekr hon á köttum sínum ok sitr í reið.“ Þannig er textinn í Uppsalaþók og Trektarbók. Sennilegast er, að Bjarni hafi þekkt texta Konungsbókar, en þar og í Ormsbók segir, að kettirnir séu tveir: „ . . . þá ekr hon köttum ii . . . “¹ Í goðsögnum er hins vegar hvergi að finna lýsingu á útliti né innræti Freyjukatta né minnzt á þá eiginleika, sem Bjarni kveður um. Er ekki annað sýnna en Bjarni hafi sjálfur átt hugmyndina að ástahlutverki þeirra. En hún var ekki ný. Hana er tvisvar að finna í kveðskap Bjarna hér um bil 20 árum áður. Fyrst er vísa, er hann orti til kunningsja síns, sem lagt hefur land undir fót á vit ástmeyjar. Bjarni sendir honum kveðju við brottförina: „Frýsandi dragi þig / Freyju kettir . . .“ Hér er hlutverk kattanna ekki annað en að draga manninn á fund stúlkunnar, en Freyja tendrar ástareldinn. Myndin er laus í reipum. Í *Gamanvísunum til Finns Magnússonar* eru kettirnir öllu aðgangsharðari. Þeim er lýst sem mestu grimmdarskepnum; Bjarni var „á barkann

1 Sbr. Snorra-Eddu, útgáfu Finns Jónssonar, (2. útg. Kh. 1926) 29. Bjarni hefur líklega þekkt útgáfu Rasks (1818), en þar er farið eftir texta Konungsbókar (Cod. Reg.). Áður hafði Snorra-Edda aðeins komið út tvisvar, 1665 (texti „Laufás-Eddu“) og 1746 (Cod. Ups.).

bitinn“ af „þeim fjandans Freyjuköttum“, og jafnvel hinn „mikli bróðir Braga“, Finnur, var kominn í klær þeirra. Í Freyjuköttunum er myndin orðin miklu skýrari, heilsteyptari og fágaðri. Menn komast að vísu ekki ósárir frá köttunum, en þeim er ekki lýst sem neinum ófreskjum: „blíðir, með mjúkast mal“, „þeir sættmalandi mjallahvítu kettir“, „fegurstu dýr“, „himindýr“.

Vert er að benda á hliðstæðu þessarar hugmyndar, þar sem er rómverski ástaguðinn Amor, sem hæfir menn með örvum sínum. Er ekki ólíklegt, að þar sé að einhverju leyti að finna fyrirmynd Bjarna. Dregur ekki úr líkum þess, þegar litið er á mynd Freyju í kvæðinu. Lýsing hennar er með miklum glæsiþrag. Hún er nefnd „kvöldstjörnudrottning“, „ástar blið dís“, sögð er hún „glansandi“, og vagn hennar er „geislaríkur gullinvagn“. Í klassískum skáldskap eru gyðjur jafnan sveipaðar gullnum ljóma, og bendir allt til, að Bjarni hafi hér einkum haft Venus í hug. Í goðsögnum er engin lýsing á útliti Freyju né vagns hennar.

Lagboði Freyjukattanna er tilgreindur í einu eftirriti: „Velkommen i din Ungdoms Lund.“ Kvæðið er eftir Oehlen-schläger, en lagið eftir H. E. Krøyer (1798–1879), og mun hvort tveggja samið vegna brúðkaups Kristjáns Danaprins, síðar konungs hins VIII þess nafns.¹ Árið 1825 birtist í Íslenzkum sagnablöðum kvæði eftir Gunnlaug Oddsson við þetta lag, sem sungið var í samsæti í tilefni biskupsvígslu Steingríms Jónssonar.² Bjarni orti undir því *Fjallvegafélags byrjanar kvæði* á afmælisdegi Friðriks VI 1831. Virðuleika-blær hefur verið tengdur sönglaginu, og hefur það aukið á skopgildi Freyjukattakvæðisins að syngja það undir svo þekktu hátíðarlagi.

Sitthvað má finna að orðfæri kvæðisins, eins og oft hjá Bjarna. Allmikið er um stirðlega orðaröð, rangar orðmyndir og áherzalur (t. d. „ósárer“ með áherzlu á „-er“), óíslenzku-

1 Sbr. t. a. m. æviágrip Krøyers í Dansk biografisk Leksikon.
2 Ísl. sagnablöð 9. deild (1824–25) 53. dálkur.

legt orðalag (t. d. „hvar glansandi þú býr“) o. s. frv. Er ástæðulaust að tína allt slíkt til. En þó að búningur kvæðisins sé með nokkrum misfellum, kemst hin bráðsnjalla hugmynd til skila með ágætum.

2. Heildareinkenni – Samantekt

Vegna þess, hve ástakvæði Bjarna eru fjölbreytileg, bæði að efni og formi, er örðugt að draga upp skýra heildarmynd af þeim. Auk þess eru ýmis einkenni ástakvæðanna sameiginleg öðrum kvæðagreinum skáldsins. Þannig er til dæmis ríkur þáttur þeirra afstaðan til náttúrunnar, sem mótast af aðdáun á kulda og hreysti og er blandinn rómantískum hetju-ljóma fornaldar.

Lítið fer fyrir skýrum lýsingum kvenlegrar fegurðar. Ef litið er yfir þau orð, sem hér um ræðir, verður myndin harla fábreytt. Oftast er litarhætti kvenna líkt við mjöll, ímynd hins hvíta og hreina, en vörum þeirra við rauðar rósir. Skulu hér talin helztu kvenlýsingarorðin: Stúlkan er *engilhvít*, *himinfögur*, *mjalllit*, *röðulhrein*, *blíðlynd*, *þagureyg*, *hýrleit*, *hvítbleik*, *kinnrjóð*, *mjúkhent*; barmur hennar er *mjallhvítur*, *snjóhvítur*, *snjókaldu*; limir hennar *sólhvítir*; hálsinn er *mjallfagur*, *liljuháls*; lokkarnir *litfagrir*. Augun eru *stjörnur*, *brúnalampi*, *hvarmaljós*; varirnar eru *rós*, *rósabeður*, *sól-fagur beður*. Skáldið fer á mestum kostum, er það lýsir kvenpersónugerð Íslands: *Sjóbeltuð*, *sísnjófölduð*, *frostsöm*, *funarík*, *fögur*, *geigvæn* (Íslands riddari 7. er.). Einstaka sinnum er brugðið til samlíkinga. Þá eru stúlkur *liljum fegri* og *gyðjum líkar* (Sjálund og Ísland 4. er.), á einum stað er þeim líkt við *bragandi norðurljós* (Til kunningja skáldsins). Í Sig-rúnarljóðum er stúlkan *hvít sem mjöllin* og borin saman við *hvíta lilju*. Í kvæðinu Pensill minn er lýst ímynd kvenlegrar fegurðar og nefndar sem fyrirmyndir gyðjurnar Venus, Kybebe, Juno og Hebe. En myndin verður hvorki skýr né frumleg. Skáldskapur Bjarna er löngum kenndur við rómantik, og er það orð að sönnu. En skáldskaparstefnu hans verð-

ur ekki gjörla lýst með einu orði, sem auk þess er rúmrar merkingar. Bjarni kynntist allnáið fornklassískum ástaskáldskap Grikkja og Rómverja, sem var oft fagur og myndauður. En helzt setja svip á hann opinskáar lýsingar ástaleikja og hins vegar harmakvein vegna óhamingju í ástum. Hið sama hefur raunar einkennt meginþorra íslenzks ástakveðskapar öldum saman, mansöngva og afmorskvæði. Mönnum hefur á öllum tímum verið fróun í að kveða eymdarljóð um vonlausa ást og hafa frumstæðar hvatir í flimtingum. Það hefur Bjarni óneitanlega einnig gert. Þar gætir nokkurra áhrifa fornklassíks skáldskapar, en einkum í kvæðum, sem virðast ort í hálfkæringi, þar sem áhrifin verða neikvæð.¹ Að öllum jafnaði eru áhrif íslenzkra gullaldarbókmennta jákvæðari.

Bjarni notar alþekktar rómantískar líkingar: Varir stúlkunnar eru rósabeður, kossinn drykkur af rósum, afleiðing hans líf eða dauði. Síendurtekið minni rómantískra skálda er að líkja fegurð ástmeyjar við rauðar rósir og hvítar liljur. Bjarni endurbætti að nokkru líkinguna í Sigrúnarljóðum, þar sem í stað liljunnar kemur hvít mjöll, sem skapar enn sterkari andstæðu við rósirnar rauðu.

Stundum er haft á orði, að í beztu ástakvæðum Bjarna sé ekki verulegur ástríðuhiti eða alvörubungi. Þar er að vísu fátt um persónulegar ástajátningar og beinar lýsingar ástarunaðar. En list skáldsins virðist í því fólgin að gefa heitar kenndir sínar í skyn óbeinum orðum, dulbúa þær líkingamáli, þar sem kímni eða hálfkæringur eru stundum höfð að yfirvarpi. Þannig mætti t. d. túlka *Kysstu mig aftur*, ef skyggnt er að baki líkingamáli þess: Vörum stúlkunnar er gefinn nautnablær með því að líkja þeim við rauðan rósabeð. Unaður kossins lýsir sér í því, að varir stúlkunnar hrifu til sín sál skáldsins, og þar hvílir hún í sæluvímu. Kossaprá skáldsins er eins og lífsprá dauðvona manns. Kossinn hefur

¹ Undantekning er klassíska hugmyndin í *Kysstu mig aftur*. Sem dæmi um klassísk áhrif í neikvæðari kveðskap Bjarna má nefna *Á mjúkum meyarbúki*, þar sem vitnað er til Ovidiusar.

áhrifamátt sem töfradrykkur, er veitir skáldinu líf þess að nýju. Í listrænu líkingamáli Bjarna leynast þannig oft heitari tilfinningar en virðast kann í fyrstu.

3. Viðtökur – Ferill – Áhrif

Áður var minnzt á ummæli Bjarna sjálfs um ástakvæðin. Í bréfinu til Gríms Jónssonar 1839 kvaðst hann „ei halda mjög uppá“ Sigrúnarljóð, en Freyjukettirnir og Kysstu mig aftur væru sín „elskubörn“. Í bréfinu til Gríms Thomsens 1841 segist hann vilja „allsstaðar vera þekktur“ af Freyjuköttunum, og „Kysstu mig aftur“ líkar mér sjálfum bezt af erotiska kveðskapnum mínum.“

Elzta heimild til vísbendingar um viðtökur og viðhorf annarra er rit Xaviers Marmiers.¹ Hann ferðaðist hér 1836 og skrifaði bók um kynni sín af landi og þjóð. Fer hann lofsamlegum orðum um skáldskap Bjarna, og sem sýnishorn af kvæðum hans velur hann til þýðingar á frönsku Eldgamla Ísafold og Sigrúnarljóð, sem hann telur, að séu „deux de ses pièces les plus goutées en Islande“. Það er athyglisvert, að Sigrúnarljóð skuli talin með þekktustu kvæðum Bjarna tíu árum áður en þau birtust fyrst á prenti á íslenzku. En Marmier kveðst hafa skrifast á við Bjarna, og er hugsanlegt, að Bjarni hafi sent honum kvæðið í handriti. Marmier segir, að Sigrúnarljóð séu „une élégie de mort“. Þýðingin er mjög frjálsleg, bragarháttur annar og efnisskipan nokkuð breytt.

Árið 1845 birtist í danska tímaritinu *Gæa* ritgerð eftir Grím Thomsen um skáldskap Bjarna. Um ástakvæðin segir Grímur þar meðal annars:

Stiernehimlens Kydskhed aander i nogle af hans Elskovsdigte, saa fuldkomment er alt Sandseligt holdt borte derfra, i andre spiller en næsten sydlig Naivitet.²

1 Lettres sur l'Islande (Paris 1837) 358–61.

2 *Gæa* (1845) 198.

Með ritgerð Gríms fylgdu þýðingar hans á fjórum kvæðum Bjarna, þrjú af þeim eru ástakvæði: Sigrúnarljóð, Kysstu mig aftur og Freyjukettirnir. Sigrúnarljóð birtust því tvívegis á prenti á erlendum málum, frönsku og dönsku, áður en þau voru fyrst gefin út á íslenzku.

En ekki voru allir dómar um Sigrúnarljóð svo lofsamlegir á þessum árum. Jónas Hallgrímsson sneiddi auðsjáanlega að þeim, er hann orti í óyndi, líklega á seinni æviárum sínum, kvæðið *Ég ætlaði mér að yrkja*, þar sem segir:

En hvernig heimskir náir,
með hjúp og moldarflet,
„unnast bezt eftir dauðann“,
ég aldrei skilið get.

Þótt ekki beri að taka kvæði Jónasar of hátiðlega, sýnir það þó að nokkru ólík viðhorf þeirra Bjarna. Fyrir Jónasi er ástin unaður þessa heims, en hjá Bjarna er hún ójarðbundnari.

Kysstu mig hin mjúka mæ virðist einnig hafa náð útbreiðslu allöngu áður en það birtist fyrst á prenti, 1847. Páll Melsteð telur það með kvæðum, sem sungin voru á skólaárum hans á Bessastöðum 1828–34,¹ og sama gerir Benedikt Gröndal, sem var í skólanum 1842–46.² Í Íslenzkum þjóðlögum Bjarna Þorsteinssonar er getið þriggja laga, sem sungin hafa verið við þetta erindi.³ Önnur ástakvæði Bjarna, sem vitað er um að voru sungin, eru Stjörnuskóðarinn og Freyjukettirnir. Gröndal getur þeirra með kvæðum, sem sungin voru á Bessastaðaárum hans.⁴

Af ástakvæðunum hafa Sigrúnarljóð verið þýdd langoftast og aðeins eitt kvæði Bjarna (Oddur Hjaltalín) á jafnmörg

1 Ísl. þjóðlög 573.

2 Ritsafn IV 325.

3 Ísl. þjóðlög 548–49, 623, 776–77.

4 Ritsafn IV 325. Bjarni Þorsteinsson tilgreinir lag við Stjörnuskóðarann í Ísl. þjóðlögum 590.

tungumál.¹ Sigrúnarljóðum hefur verið snúið á dönsku, þýzku, sænsku, nýnorsku, ensku og frönsku, og eru þýðingarnar níu talsins. Freyjukettirnir, Kysstu mig aftur og Kysstu mig hin hin mjúka mæer hafa verið þýdd á dönsku og þýzku, hið síðasttalda einnig á ensku, Stjörnuskoðarinn á þýzku og Vestanvindurinn á dönsku, þýzku og ensku.

Það virðist mega ráða, að ástakvæðin, einkum Sigrúnarljóð, hafi í upphafi átt einna mestum vinsældum að fagna af kvæðum Bjarna og átt drjúgan þátt í fyrstu skáldfrægð hans. En síðar hafa önnur kvæði, einkum erfiljóð, fremur haldið frægð hans á loft. En tilfærð skulu dæmi þess, að menn kunnu enn að meta ástakvæðin löngu eftir daga hans, þegar fjarlægð tímans hafði auðveldað mönnum yfirsýn um gildi kvæðanna og stöðu:

Jónas Jónasson (frá Hrafnagili) samdi ritgerð um bókmenntir Íslendinga á 19. öld um 40 árum eftir lát Bjarna og um 60 árum eftir að Sigrúnarljóð voru ort, og þar tilnefnir hann aðeins eitt af kvæðum Bjarna, „það eru hin nafnfrægu „Sigrúnarljóð“; þau eru, ef til vill, ein hin fegurstu ástaljóð, sem nokkurn tíma hafa verið orkt af nokkru skáldi.“²

Rúmri öld eftir dauða Bjarna Thorarensens lætur Sigurður Guðmundsson í ljós það álit, að Freyjukettirnir séu „eitt hið kankvísasta ástakvæði vort,“³ en um Sigrúnarljóð segir hann: „Enn í dag greinir ljóðglöggva menn á um gildi þeirra. Sumum veitir örðugt að skilja svo ójarðneska ást, sem þar er lýst. Kvæðið er þrungíð ást og himnesku hugmyndaflugi, ljósvakakenndum geðöldum, skáldlegum krafti og flughraða. Seinasta erindið er óviðjafnanlegt að háfleygi og hraða.“⁴

1 Að mestu er stuðzt við skrá Jóns Helgasonar um þýðingarnar í BTh. Ljm. II 342–44. Ensku þýðingarnar eru í Icelandic Lyrics, nema Sigrúnarljóð, sem eru í Icelandic Verse. Poestion þýddi Sigrúnarljóð á þýzku, en slepti síðasta erindinu. Hann tekur fram, að það sé með öðrum bragarhætti og endarími, en „sie stört jedoch den Eindruck und wurde daher aus künstlerischen Gründen ganz weggelassen.“ (Eislandblüten 14 nm.).

2 Tímarit Hins íslenszka bókmenntafélags II (1881) 181.

3 Samtið og saga III 96.

4 Sama 97.

— — —
 Að lokum verður nokkrum orðum vikið að áhrifum á önnur skáld.

Jónas Hallgrímsson varð fyrir margs konar óbeinum áhrifum frá Bjarna, en beinar fyrirmyndir ástakvæðanna er lítt unnt að greina nema í Ástu, sem er að nokkru stælt eftir Kysstu mig aftur (sjá hér bls. 76).

Gísli Brynjúlfsson var mikill aðdáandi Bjarna frænda síns. Hann skrifaði 1848, að hann álti Bjarna mesta skáld í heimi, „því hið góða eftir hann er stórkost[legra] en nokkuð annað, og að enu lakara gef eg ei gaum.“¹ Í kvæðum Gísla má víða greina skýran óm frá ástakvæðum Bjarna. Oft kemur fyrir lítt breytt orðalag, t. d. „líf bar mitt hin ljúfa / lín á vörum sínum“ í *Inez*, 5. erindi. Í *Kolfinnu* er innan tilvitnunarmerkja „littu ei í auga á snót!“

Jón Thoroddsen hefur augljóslega Kysstu mig aftur í huga, þegar hann yrkir *Sjálfdæmi* og *Til Péturs Havsteins*. Bragarháttur er sami og orðalagið í upphafi sótt til kvæðis Bjarna („Veit eg að vísu, hin ljúfa“, „Undrast þú ekki, hin góða ...!“). Í *Skilnaði* segir ástmærin: „þó þú farir fyrri / þér fljótt nær mín önd.“

Benedikt Gröndal virðist sums staðar vera undir áhrifum frá ástakvæðum Bjarna, til dæmis í *Laufaspá* og *Bæn*, þar sem notuð er hugmyndin um sálina á vörum ástmeyjarinnar.

Steingrímur Thorsteinsson orti um Freyjukettina:

Enn með köttum Freyju fer,
 Finn eg það hjá sprundum:
 Kvenna gaman keimlíkt er
 Kattar gamni stundum.

Í kvæðum Steingríms virðist lítið um bein tengsl við ástakvæði Bjarna, þó að ljóst sé, að skáldskapur hans hefur í heild haft áhrif á hann.²

1 Dagbók 96.

2 Sjá Hannes Pétursson: Steingrímur Thorsteinsson 65–67 o. v.

Guðmundur Guðmundsson orti um Svövu og Sigrúnu eins og Bjarni, þótt með öðrum hætti væri.¹ Í kvæðinu *Var – verður ekki* notar hann sama bragarhátt og á Kysstu mig aftur, en upphafið minnir á Sigrúnarljóð.

Öll þessi skáld sækja að vísu hugmyndir og líkingar til Bjarna, en ástakvæði þeirra í heild bera yfirleitt ekki sterkan svip af kveðskap hans. Einkenni Bjarna sem ástaskálds eru svo sérstaks eðlis, að önnur skáld virðast lítt hafa freistað þess að fylgja honum eftir á fluginu.

1 Kvæðaflokkarnir Sigrún í Hvammi og Svava.

2011
45
417! 50

JÓNAS HALLGRÍMSSON

IV ÁSTAMÁL

1. Þóra Gunnarsdóttir

Almennt mun haft fyrir satt, að Jónas hafi ort Ferðalok til Þóru Gunnarsdóttur og tilefnið hafi verið ástir, sem með þeim tókust á ferðalagi sumarið 1828. Óvíst er, hve almenn vitneskja var um þetta, áður en grein Matthíasar Þórðarsonar birtist í Íðunni 1925. Hann endurbætti og jók nokkuð frásögnina í ævisögu Jónasar fáum árum síðar.¹ Telja má hana alltrausta, þar sem hún er einkum höfð eftir hálsystur Þóru, Kristjönu, sem var talin greinargóð kona.

Þóra var óskilgetin dóttir Gunnars Gunnarssonar biskupskrifara, síðar prests í Laufási, og Guðrúnar Jónsdóttur vinnukonu í Biskupsstofunni. Guðrún mun vera fædd um 1792, dóttir Jóns Jónssonar sjómanns í Skildinganesi. Eftir að hún var þunguð orðin af völdum Gunnars, flutti hún að Esjubergi á Kjalarnesi til frænku sinnar Margrétar Guðmundsdóttur frá Skildinganesi, þar sem Þóra fæddist 4. febrúar 1812. Fátt er vitað um uppeldi hennar, nema hvað hún er skráð tókubarn á heimili Runólfs Magnússonar á Mógilsá, síðar Brautarholti. Árið 1821 kom faðir hennar henni í fóstur hjá Sigurði Thorgrímson landfógeta í Reykjavík. En um þær mundir var Guðrún móðir hennar orðin húsfreyja í Mosfellssveit.²

Gunnar vígðist til Laufáss 1828. Hann var þá 47 ára og

1 Í Ritum Jónasar Hallgrímssonar (1929–37, hér eftir skammstafað JH Rit) V.

2 Stuðzt er einkum við kirkjubækur og Ævir lærðra manna eftir Hannes Þorsteinsson. Sjá einnig Þorkel Jóhannesson: Tryggvi Gunnarson I 17 o. áfr.

ókvæntur, og fór Þóra með honum norður til að verða ráðskona hans. Þau fluttu búferlum um sumarið, líklega í júlí.¹ Í för með þeim slóst Jónas Hallgrímsson, sem var á leið heim í sumarleyfi frá Bessastaðaskóla. Jónas var þá tvítugur, en Þóra 16 ára. Tæpast hefur nokkurn rennt grun í, að þessi ferð myndi svo mjög í minnum höfð sem raun varð á. En minningu hennar hefur Jónas gert ódauðlega með kvæði sínu Ferðalokum. Sagt er, að Jónas hafi beðið síra Gunnar um hönd Þóru, áður en leiðir þeirra skildu á Steinsstöðum. Matthías Þórðarson skýrir svo frá, að Gunnar hafi færzt undan, án þess að þó að veita Jónasi endanlega synjun: „Séra Gunnar kvað þau enn of ung til, að það mál yrði bundið fastmælum þá þegar. Framtíðin var óviss, kvað hann, og réttast að sjá, hverju fram yndi um hag þeirra á næstu árum og hvort þau bæru þá tryggð hvort til annars.“² Svárið er eðlilegt eftir atvikum. En ungu og næmgeðja skáldi hefur eflaust fundizt, að ást þeirra hlyti að verða eilíf og skilnaður óbærilegur.

Leiðir Jónasar og Þóru lágu ekki saman eftir þetta. Að vísu herma sagnir, að þau hafi skrifazt á um tíma, en öruggar heimildir skortir. Þóra giftist 1834 síra Halldóri Björnssyni fyrrum aðstoðarpresti föður hennar. Hann hafði misst fyrri konu sína 1831, og er mælt, að hann hafi þá þegar viljað kvænast Þóru, en hún tregðazt við í fyrstu. Munnmælasagnir virðast lúta að því, að Þóra hafi viljað biða, unz henni varð ljóst, að af ráðahag hennar og Jónasar myndi ekki verða, en alla ævi hafi hún syrgt Jónas.³

2. Reykjavíkurár – Christiane Knudsen

Eftir stúdentspróf 1829 settist Jónas að í Reykjavík. Tómas Sæmundsson var lítt hrifinn af því og hvatti Jónas til að koma utan til háskólanáms, en hann bar við bágbornum fjár-

1 Gunnar hafði meðferðis bréf frá Bjarna Thorarensen til Gríms amtmanns á Möðruvöllum, dags. 3. júlí 1828 (BTh. Bréf I 50).

2 JH Rit V xli.

3 JH Rit V lxxix o. áfr., clxxxvii o. áfr.

hag. En í bréfi til Jónasar vorið 1830 lætur Tómas óspart í ljós grunsemdir um, að annað liggi þar að baki. Kveðst hann hafa áhyggjur vegna þess, að Jónas sé orðinn „forliebtur“, sem helzt of margir hafa skrifað mér með póstskipinu og öðrum herna“.¹ Hann skrifar Jónasi aftur í október sama ár, kveðst enn bíða svars og segir: „Ætli ég þurfi þá aldrei að vænta þín? Ætli þú látir þér þá nægja með að skarta fyrir stúlkunum í Reykjavík?“² Þegar Tómas ritaði þetta, var nýkominn utan Lárus Sigurðsson, kunningi Jónasar og trúnaðarvinur. Hann skrifaði Jónasi um sama leyti og Tómas: „Heilsaðu stúlkunum okkar, og einkum móður þeirra . . .“³ Móðirin er Margrét Knudsen, sem bjó þá með börnum sínum í Landakoti. Hún var ekkja Lauritzar kaupmanns Knudsens, sem lézt 1828.⁴ Áttu þau m. a. nokkrar dætur, sem mannvænlegar þóttu. Elzt þeirra var Kirsten Catrine, fædd 27. apríl 1813, síðan kom Christiane Dorothea, fædd 9. október 1814. Yngri voru Anne Margrete (f. 1815), Johanne Andrea (f. 1817) og Guðrún Sigríður (f. 1818).⁵ Lárus hafði borið ást til elztu dótturinnar, en hún synjað honum, eins og sést af bréfkafla hans hér á eftir. Christiane var aðeins á 16. ári, þegar Tómas skrifaði Jónasi um grunsemdir sínar, en þó verður ekki synjað fyrir, að ferðir Jónasar með Lárusi að Landakoti hafi nægt til að hleypa af stað orðrómi, sem Tómasi barst til eyrna.

Gleggsta heimild um samband Jónasar og Christiane er bréf frá Lárusi til Jónasar dagsett 11. maí 1831. Honum hafði skömmu áður borizt bréf frá Jónasi, og má í aðalatriðum fara nærri um efni þess. Jónas hefur sagt, að hann væri

1 Tómas Sæmundsson: Bréf 78.

2 Sama 88.

3 Bréf dags. 26. (og 30.) sept. 1830. Sjá kafla úr bréfum Lárusar til Jónasar hér í viðauka.

4 Um uppruna þeirra hjóna og sögulega giftingu er m. a. rætt í riti Jóns Helgasonar biskups, Reykjavík fjórtán vetra, 42 og 51 o. áfr.

5 Nöfn eru þannig skráð fyrst í kirkjubókum Reykjavíkur. Þau eru síðar stafsett með ýmsu móti og oft íslenzkuð, t. d. Kristín og Kristjana, en hér verður upprunalegum myndum haldið.

ástfanginn af Christiane, en væri hikandi að bindast henni, líklega vegna bágs efnahags og óvissrar framtíðar. Lárus er óspar á góð ráð:

Ég veit ekki, hvört ég má nokkuð tala við þig um hana Chjönu þína, því ef ég lasta hana, þá stopparðu á mér munninn eins og hinum durgnum, sem þú náðir til, en ef ég heldur hæli henni, þá mætti þér sýnast sem ég vildi tæla þig í það net, sem ég svo bolal[ega] flækti mig í. — — — Ég þekkti litlu Chjönu og man enn, hvað góð auming[j]a stúlkan var mér, þegar hún vissi, hvað systirin hafði gjört mér, og á fleiru þekkti ég hjartað hennar. Hefði hún bara haft uppeldið, sem hérna er, þá hefði hún orðið gull, . . . og auðséð var á henni seinast, að hún þurfti ei að hafa mikið fyrir að dannast. — — — Kærðu þig bölváður, láttu engan Skrupel halda þér frá að festa þér unnustu þíns hjarta, þegar þú elskar hana, góði bezti Jónas! Óvíst er, að hún fái annan, sem ríkari er um lán og lukku, aumingja stúlkan litla, þitt góða barn.

Lárus væntir þess, að Jónas komi til Hafnar næsta haust:

Ég óska þér lukkulegrar reisu hingað niður, en gráta muntu sætum tárur, þegar Landakot og fallegu, kraftfullu hetjufjöllin hverfa þér.

En utanförin dróst á langinn, og Lárus skrifaði honum aftur um haustið, þar sem hann nefnir „stúlkurnar okkar“ og „stúlkuna þína“ án frekari umsagnar.

Af þessu er ljóst, að Jónas hefur borið ástarhug til Christiane, en sagzt tregur að bindast henni. Ekki virðist hann hafa gefið í skyn, að tregða væri af hennar hálfu, en þannig horfir málið við í öðrum samtímaheimildum, sem brátt getur. Þær eru ekki frá Jónasi runnar og eru frá 1832, en þá kunna málin ef til vill að hafa breytt, frá því er Jónas skrifaði Lárusi árið áður. Vitanlega ber að taka öllum söguburði með varúð, en fróðlegt er að huga að, hvernig málin litu út í augum annarra.

Eina bréf Jónasar, sem varðveitt er frá þessum tíma, er til Magnúsar Eiríkssonar, dagsett 4. marz 1832.¹ Hann er þar fáorður um einkahagi sína, kveðst stunda dansleiki, en bætir við:

Af öðrum smáskemmtunum mínum, saklausum, eins og þú þekkir til mín, – ætla ég ekkert að segja þér, – þú vilt, hvort sem er, ekkert heyra um kvenfólkið.

Jónas tekur þarna fram, að Jóhann Halldórsson, sem þá vann hjá stiftamtmani í Reykjavík, hafi skrifað Magnúsi „allar fréttirnar“. Er þar að líkindum átt við bréf Jóhanns til Magnúsar dags. 25. febr. 1832.² Tæpast hefur Jónas þó grunað, hvers konar fréttir þar voru af þeim „smáskemmtunum“, sem hann vildi ekki segja frá:

Dáindis laglega gengur til í Landakoti. Jónas og Morus rífast um Kristjönu, sem í vor ætlar til Edvards í Vestmannaeyjum fyrir husholderske. – Henni skal lítast betur á Morus, og mæla þau sér mót hjá Chr. Jacobsyni, hvar þau oft hafa lokað sig 2 ein inni. – Þetta veit ei Jónas, en heldur, að hún vilji sig, hann hefir og gefið henni smávegis. Madame Knudsen og Didrik, sem hefir logerað hjá Jónasi í vetur, vilja gefa Jónasi Kristjönu, – svona er *sagt*. Næstum á hverju kveldi mun Jónas vera í Landakoti, hvar Morus og hann concurrera.³

Indriði Einarsson skýrir ekki á ólíka lund frá málum, og er á honum að skilja, að heimildir hans séu frá systur Christiane komnar.⁴ Hann minnst ekki á Mauritz né hlutdeild Didriks, en segir, að frú Knudsen og Jóhanna dóttir hennar hafi viljað, að Jónas fengi Christiane, en árangurslaust talað máli hans við hana.

1 JH Rit II 10 o. áfr.

2 Lbs. 303 fol.

3 „Morus“ mun vera Mauritz Biering (sbr. bréf Jóhanns 12/8 1832, sem vitnað er til hér á eftir), hann var verzlunarmaður og síðar kaupmaður í Reykjavík. Christiane og Mauritz voru systrabörn. „Madame Knudsen og Didrik“ eru móðir og bróðir Christiane.

4 Iðunn n. fl. XII (1928) 280–81. Eiginkona Indriða var systurdóttir Christiane.

Í öðru bréfi Jóhanns Halldórssonar til Magnúsar, dags. 12. ágúst 1832, segir, að Jónas hafi beðið Christiane, en fengið hryggbrot:

Jónas Hallgrímsson . . . bað Kristjönu Knudsen, sem nú liggur undir Edvard Thomsen í Vestmannaeyjum og hvörjum hún einu sinni eða tvisvar hefir verið trúlofuð og þó áður trúlofuð Mauritz Bierring. – Jónas fékk Repuls . . .

Jóhann dregur ekki dul á, að hann telur Christiane lauslætisdrós, sem hafi dregið Jónas á talar.

Hannes Hafstein segir, að Jónas hafi ekki beðið stúlkunnar, sem hann var ástfanginn af í Reykjavík, vegna ótta um óvissa framtíð sína.¹ Hér greinir því heimildir á. Sennilega er vitneskja Hannesar runnin frá því, sem Jónas sagði eða skrifaði vinum sínum, og var eðlilegt, að hann hagaði orðum sínum þannig sér til málsbótar. En höfuðmáli skiptir, að Jónas bar ástarhug til Christiane, og honum hefur varla verið sársaukalaust, að aðrir nyttu fremur hylli hennar, sízt ef hún hefur leikið tveimur skjöldum, eins og Jóhann Halldórsson heldur fram.²

Jónas sigldi til Kaupmannahafnar í ágúst 1832. Það var skömmu eftir að Christiane fluttist til Vestmannaeyja, þar sem hún giftist Edvardi Thomsen um haustið, þá nýlega orðin átján ára að aldri.³ Christiane ól fyrsta barn sitt 7. marz

1 JH Ljóðmæli (1883) xiv.

2 Munnmæli hafa verið á kreiki um, að Jónas beini orðum til Edvards Thomsens í tveimur kvæðum. Í *Batteriska syndaranum* ávarpar hann verzlunarmanninn Berg og ávitar hann fyrir að fleka unga og saklausa stúlku. Þetta álitu menn ort til Edvards (*Almanak Þjóðvinafélagsins LI* (1924) 97), en það er hæpið, þar sem kvæðið virðist vera frá Bessa-*staða*árum Jónasar (það er fremst í kvæðakverinu KG 31 b I). Í *Galdra-veiðinni* kemur fyrir fangamarkið E. T., sem talið var, að ætti við Edvard (JH Ljóðmæli (1913) 19). En að öðru leyti verður kvæðið ekki tengt honum, og er eins líklegt, að þar búi að baki einhver atvik í áttögum Jónasar (sbr. JH Rit I 324). En þó að tilgáturarnar væru ekki á rökum reistar, sýna þær, hvern hug Jónas var talinn hafa borið til Edvards.

3 Giftingin varð með þeim hætti, að sóknarprestur þeirra, síra Jón Austmann, neitaði að gefa þau saman vegna skorts tilskildra skilríkja.

1833, stúlku, sem skírð var Aurora Engeline. Thomsen varð síðar kaupmaður á Þingeyri í Dýrafirði, en þaðan munu þau hjón hafa flutt til Kaupmannahafnar, líklega árið 1840.¹

3. Hólmfríður Jónsdóttir

Þegar Jónas stundaði rannsóknir sínar við Mývatn sumarið 1839, hafði hann aðsetur hjá síra Jóni Þorsteinssyni í Reykjahlíð. Hafa sögur af því farið, að allnáin kynni hafi tekizt með þeim Jónasi og Hólmfríði prestsdóttur, en hún var þá sautján ára.² Ekki er gjörla vitað, hve innileg vinátta þeirra var, en eftir afkomendum Hólmfríðar er haft, að þau hafi skrifað á og hún átt í fórum sínum eiginhandarrit Jónasar af *Eg bið að heilsa*.³

Í maí 1845, sama mánuði og Jónas andaðist, giftist Hólmfríður síra Jóni Sveinssyni, og bjuggu þau lengst af á Mælifelli. Jón Sigurðsson í Yztafelli skýrir svo frá, að Kristbjörg móðir hans, sem á yngri árum var vinnukona hjá Hólmfríði á Mælifelli, hafi fundið, „að minning Jónasar var Hólmfríði heilög,“ og haft eftir henni: „En það þótti ekki glæsilegt að

Þau leituðu þá til síra Páls Jónssonar í Kirkjubæ, sem gaf þau saman í leyfisleysi. Af þessu varð mikil rekistefna milli biskups og presta. (Skjöl varðandi þetta eru í Biskupsskjalasafni C, V, 8 í Þjsks.). Er sjáanlegt, að Edvard hefur viljað hraða giftingunni sem mest, enda var Christiane þá þunguð orðin.

1 Sjá JH Rit V liv–lv nm. Þau eru skráð á Þingeyri í febrúar 1840, en í febrúar 1841 virðast þau farin þaðan.

2 Sjá JH Rit V xcv og Kvæði Jónasar Hallgrímssonar í eiginhandarriti (Rvk. 1965) 312 (hér eftir skammstafað JH Kv.ehdr.).

3 Í JH Kv.ehdr. 312 er bent á minningarkvæði um Jónas, sem til er í tveimur handritum, líklega ehdr. höfundar, og mun annað þeirra vera úr fórum síra Hallgríms Jónssonar, bróður Hólmfríðar. Kvæðið er ort af konu, sem virðist hafa þekkt Eg bið að heilsa í annarri gerð en þeirri, sem prentuð var í Fjölni. Ekkert mælir beinlínis gegn því, að Hólmfríður hafi ort kvæðið eða einhver fyrir hennar hönd. En á það má benda, að eiginkona síra Hallgríms var Krístrún sú, sem fyrrum var unnusta Baldvins Einarssonar og hann sveik í tryggðum (sjá rit Nönnu Ólafsdóttur: Baldvin Einarsson og þjóðmálastarf hans 19 o. v.). Var Krístrún sögð hagamælt, en raunar veikir það heldur líkur þess, að hún hafi ort svo böngulegt kvæði sem hér um ræðir.

bindast Jónasi Hallgrímssyni á þeim dögum.“¹ Ef til vill hefur Jónas um tíma litið prestsdótturina nokkrum vonar-
augum og látið sig dreyma um að eignast hana. En það fór
sem fyrr, að ekki varð úr neinu slíku. — Í bréfi til Brynjólfs
Péturssonar haustið 1840 segir Jónas: „Ekki er ég trúlofað-
ur enn, þú lýgur því uppá mig.“² Ókunnugt er um tilefni
þessara orða, en þau gætu átt við orðróm um samband Jón-
asar og Hólmfríðar.

1 Jón Sigurðsson: Sigurður í Yztafelli 114.

2 JH Rit II 50.

V ÁSTAKVEÐSKAPUR

YFIRLIT

Eiginleg ástakvæði Jónasar eru ekki ýkja mörg: *Ferðalok*, *Söknuður*, *La belle*, *Serenade* og *Stökur*. Auk þess má telja til óbeinna ástakvæða *Hulduljóð*, *Ástu*, *Efter Assembléen*, *Eg bið að heilsa*, *Augun þín* og *Ég ætlaði mér að yrkja*. Fleiri kvæði koma hér þó til umræðu. Skál nú eftir föngum gerð grein fyrir, hvenær Jónas orti kvæðin, með hliðsjón af þeim æviatriðum, sem áður getur. Flest eru til í eiginhandarriti, og verður þar stuðzt við ljósprentun þeirra. Fæst handritin verða tímasett nákvæmlega, en þó yfirleitt svo, að litlu skakkar. *Ferðalok* hafa hér þá sérstöðu, að sumir telja þau með æskukvæðum Jónasar, þó að eina ehdr. þeirra sé frá síðasta æviári hans. En hér verður um kvæðin fjallað í röð ritunartímans.

Flest kvæðin frá Bessastaða- og Reykjavíkurárunum 1826–32 eru í ehdr., hreinrituð í sérstöku kveri.¹ Sum staðar er ljóst, að þau eru ekki skrifuð í sömu röð og ort eru. Þótt Jónas hafi á þessum árum orðið fyrir nokkurri ástar Reynslu, með kynnum af Þóru og síðar Christiane, sér þess hér ekki víða merki. Af 34 kvæðum í kverinu eru aðeins 3 ástakvæði: *La belle*, *Söknuður* („Man eg þig mey“) í frumgerð og *Serenade* („Skönne Pige“).² Að líkindum eru þau öll frá Reykjavíkurárunum, 1829–32, en um nánari tíma-setningu er ekki að ræða.

Gera má ráð fyrir, að *Serenade* sé ort til Christiane – ef á

1 KG 31 b I; sjá JH Kv.ehdr. 308.

2 Tvö síðarnefndu kvæðin eru fyrirsagnarlaus í ehdr., en þau heiti, sem kvæðin hlutu síðar, eru hér notuð til hagræðis.

annað borð má eigna það nokkurri sérstakri – en ólíklegt virðist, að Jónas hefði þá ort á dönsku til annarrar stúlku í Reykjavík. Skáldið tjáir hér hástemmdum orðum ást sína til stúlkunnar, sem er honum allt, lofsyngur fegurð hennar og yndisleik. Skoðanir eru skiptar um, til hverra Söknuður og La belle muni ort, enda óvissara um tímasetningu þeirra. Matthías Þórðarson hélt því fram, að bæði kvæðin væru ort til Þóru, og hefur sú skoðun orðið allútbreidd, þó að rök hans væru mjög hæpin.¹ Á hinn bóginn benda sögusagnir til, að Söknuður hafi áður fyrr verið talinn ortur til Christiane,² og virðist það engu ólíklegra, ef hliðsjón er höfð af hug Jónasar til hennar á þessum árum. – Ætla mætti, að La belle væri ort til stúlku, sem er skáldinu nálæg. Kvæðið ber með sér, að hann er njótanda þeirrar fegurðar, sem hann lýsir, en laust við allan saknaðarblæ. Raunar eru rökræður fánýtar um það, hvaða stúlkur skáldið hafi í huga. Þó að nefnd væru einhver nöfn, varpar það tæpast nokkru ljósi á kvæðin, og því síður er því treystandi, að persónur og atvik kvæðanna séu sótt beint til veruleikans.

Eftir að Jónas fór utan 1832, virðist líða nokkur tími án þess hann yrki ástakvæði. Frá Íslandsdvalarárunum 1839–1842 eru sennilega *Hulduljóð* og *Ásta*, þar sem orðum er beint til kvenna, sem nefndar eru Hulda og Ásta.³ Báðar birtast þær skáldinu sem hugarsýnir, eins konar ímyndir

1 Matthías álitur kvæðin ort í sömu röð og þau eru í kvæðakverinu. La belle sé því ort sumarið eða haustið 1829 og Söknuður skrifaður „veturinn 1829–30, líklega um áramótin og þá nýort“. Vegna aldurs Christiane sé það „víst fjarstæða ein“, að kvæðið sé ort til hennar (JH Rit I 326–28, sbr. V xlix). Guðrún Stefánsdóttir hefur hrakið rök Matthíasar og komizt að gagnstæðri niðurstöðu, að bæði La belle og Söknuð hafi Jónas ort til Christiane (Nýtt Kvennablað II, 4 (des. 1941) 3–4).

2 JH Ljm. (1913) 130–31, sbr. Iðunni n. fl. XII (1928) 284.

3 *Hulduljóða* er fyrst getið snemma árs 1841, en Jónas hafði þau í smíðum allt til æviloka (sjá JH Kv.ehdr. 311). *Ásta* er ekki til í ehdr., en Jónas las það á Fjölnisfundi í marz 1843. Fyrirmynd þess er Kysstu mig aftur eftir Bjarna Thorarensen, sem birtist í Fjölni 1837. E. t. v. hefur Jónas ort Ástu um svipað leyti eða skömmu eftir að Bjarni lézt (í ágúst 1841). Hann notaði sama bragarhátt á erfiljóðinu um Bjarna.

eða persónugervingar náttúrunnar (Hulda) og móðurmálsins (Ásta).

Eins og kunnugt er, var Sóreyjardvöl Jónasar 1843–44 eitt blómlegasta skeið ævi hans og skáldskapargerðar. Eitt bréfa hans þaðan til Konráðs, skrifað í marzbyrjun 1844, hefst á gamansömu kvæði á dönsku þess efnis, að hann hafi orðið fyrir barðinu á ástaguðinum Erosi. Gefur hann í skyn, að tilefni þess sé ástarævintýri hans og „jómfrú Jessen frá Slagelse“, sem hann kveðst hafa kynnt á vikivakaskemmtun.¹ Augsýnilega fylgir hér ekki mikil alvara máli, en kynni þessi hafa örvað skáldskapargáfuna, eins og kvæðið ber vitni um.

Vorið 1844 orti Jónas einnig *Eg bið að heilsa*,² þar sem hann biður fyrir kveðju heim til „stúlkunnar sinnar“. Lýsing hennar gæti bent til ákveðinna endurminninga: Hún er í peysu, með húfu og skúf, í fyrstu grænan, en síðan breytt í rauðan.

Kvæðisbrotið *Augun þín* („Kærðu þig ekki neitt um neitt“) er líklega skrifað sumarið eða haustið 1844.³ Tilurð þess er óviss. Það er ort til stúlku, um fegurð augna hennar. Að sumu leyti minnir það á „Goða það líkast unun er“, sem Bjarni þýddi.

Í handritum frá vetrinum 1844–45, ævikvöldi Jónasar, eru *Stökur* og *Ferðalok*. Auk þess má geta sér til, að frá þeim tíma sé *Ég ætlaði mér að yrkja*, sem er ekki til í ehdr. Þar gætir þess þunglyndis, sem hrjáði Jónas þá. Skáldinu er of fátt í skapi til að geta ort og kennir það stúlku, sem hafði „ginnt“ hann:

Og það er þér að kenna,
sem þrái eg alla stund;
þú áttir ekki að eiga
þennan úlfgráa hund.

1 JH Rit II 167 o. áfr. Í ljóðmælaútgáfunni, JH Rit I 256, er kvæðið nefnt „Efter Assembléen“.

2 Ehdr. er talið vera frá því í aprílbyrjun, sbr. JH Kv.ehdr. 312.

3 Sbr. sama 313.

Tilgangslítið er að reyna að geta sér til, um hverja sé hér ort, en meiri ástæðu hefði Jónas haft til að hnjóða þannig í Edvard Thomsen en eiginmann Þóru.

Fróðlegt er að bera saman þunglyndiskvæði þetta og stökurnar, sem Jónas orti í skammdeginu 1844 (dagsettar í ehdr. 21. desember), til dæmis framangreinda vísu og þessa:

Mér var þetta mátulegt,
mátti vel til haga,
hefði eg betur hana þekkt,
sem harma eg alla daga.

Í fyrra tilviki sakaði skáldið stúlkuna um ófarnað sinn, en hér sakar hann sjálfan sig. Kynni þetta að vera ort til sömu stúlku? Því verður ekki svarað með vissu. Menn hafa mjög reynt að ráða af efninu í Stökum, til hverrar þær muni ortar, en niðurstöður eru margvíslegar. Ýmist hafa menn talið þær ortar til Christiane, Þóru eða til þeirra beggja.¹ En ef ákveðin kona hefur verið Jónasi í huga, er hann orti Stökur, verður Þóra að teljast líkleg, því að um sama leyti virðist hann fást við Ferðalok.

Ferðalok skrifaði Jónas fremst í kvæðakver, sem nú er ÍB 13 fol. Færa má líkur að því, að hann hafi tekið að skrifa kvæðin þar um áramót eða snemma í janúar 1845.² En menn hafa ekki verið á sama máli um, hvort kvæðið hafi þá verið nýtt eða upphaflega ort skömmu eftir að atburðirnir gerðust, sem voru tilefni þess.

Ekki verður ráðið af útgáfunni 1847, sem Brynjólfur og Konráð sáu um, að þeir hafi talið kvæðið eldra en ehdr. segir til um. Hannes Hafstein — sem að líkindum vissi um tilefni kvæðisins, enda sonur Kristjönu, aðalheimildarkonu um

1 Indriði Einarsson hugði þær ortar til Christiane (Íðunn n. fl. XII (1928) 283–84), Matthías Þórðarson, að þær væru til Þóru (JH Rit I 370), en Guðrún Stefánsdóttir áleit þær ortar til beggja: 2. og 4. staka til Þóru, en 3. staka til Christiane (Nýtt Kvennablað II, 4 (desember 1941) 4).

2 JH Kv. ehdr. 314.

ástamál Þóru og Jónasar — gerir auðsjáanlega ráð fyrir, að það sé ort veturinn 1844–45. Þar sem hann lýsir hugarástandi Jónasar þennan vetur, segir m. a.: „Gamla og gleymdar ástir frá skólatíð hans vöknudu, og komu fram í hinu inndæla kvæði „Ferðalok“ . . .¹

Matthías Þórðarson telur hins vegar, að Jónas hafi ort kvæðið sumarið 1828. Vegna ljóslifandi lýsinga sé það líkast því að vera ort að atburðunum nýafstöðnum, og af 1. og 10. erindi megi ráða, að það sé ort norður í Öxnadal. Þá bendi og bragarháttur fremur til fyrri ára.² — Margir virðast hafa fallizt á skoðun Matthíasar, en aðrir tekið henni með varúð. Rétt er, að ljóðaháttur var algengasti háttur Jónasar á yngri árum, en kemur sjaldan fyrir í kvæðum hans síðar.³ En búast hefði mátt við Ferðalokum í elzta kvæðakveri hans (KG 31 b I), ef hann hefði ort kvæðið 1828. Hann lagði mikla alúð við það kver og hélt þar mörgu til haga, sem veigaminna var.⁴

Haldbezta staðreyndin varðandi tímasetningu Ferðaloka er aldur eiginhandarritsins. Þó að vitanlega sé ekki fyrir það að synja, að Jónas hafi átt eldri drög að kvæðinu, má hugsa sér

1 JH Ljm. (1883) xxxviii.

2 JH Rit I 322.

3 Í kvæðum, sem talin eru ort eftir 1832, kemur ljóðaháttur aðeins tvisvar fyrir: *Alþing hið nýja* (1840) og *Kveðja til Uppsalaáfundarins 1843*.

4 Sverrir Kristjánsson hefur í Tímariti Máls og menningar XXVII (1966) 221–23 reynt að leiða að því rök, að Ferðalok séu ekki ort fyrr en Jónas hafði kynnt skáldskap Heines á seinni árum sínum. Telur hann, að í kvæðinu komi fyrir „orð, sem bera mikinn keim af skáldskaparmáli Heines,“ og nefnir dæmi um hliðstæðar hugmyndir og líkingar því til stuðnings. En hér er yfirlétt um að ræða almenn, rómantísk fyrirbæri, er algeng voru í skáldskap þess tíma, ekki sízt danskra skálda eins og Oehlenschlägers, sem Jónas hefur kynnt fyrr en Heine. Sum dæmi Sverris eru mjög vafasöm, t. d. að „sjónstjörnur“ sé komið frá „Augensterne“ Heines. „Brosa blómvarir“ mætti engu síður rekja til Oehlenschlägers, samanber „Hun smilte rædsomt med sin Rosenlæbe“ í kvæðinu *Ellehoien*, sem Jónas kann vel að hafa þekkt þegar á Bessastaðaárum sínum. (Dæmið til samanburðar hjá Heine var: „So flattert meine Seele stets / um ihre Rosenlippen.“ Minnir þetta ekki fremur á hugmynd Bjarna Thorarensens í Kysstu mig aftur?)

einfaldari og nærtækari skýringu á skyldleika þess við æskukvæðin: Að Jónas hafi ort það á síðasta og dapurlegasta skeiði ævi sinnar, en af ráðnum huga í anda æskuáranna. Hann hverfi til endurminninganna og yrki eins og hann væri staddur í Öxnadal sumarið 1828. Í Ferðalokum sameinist ástarkenndir æskumanns og listfengi fullþroska skálds.

VI ÁSTAKVÆÐI

1. Einstök kvæði

Söknuður

Kvæðið er til í tveimur gerðum: ehdr. frá 1830–32 og eins og skáldið bjó það til prentunar í Fjölni 1843. Að líkindum er því rúmlega 10 ára aldursmunur gerðanna, og skal nú sýndur helzti munur þeirra (hin eldri auðkennd A og sett í vinstri dálk, hin yngri B til hægri).

A er fyrirsagnarlaust, í B er heitið *Söknuður*. Seinni hluta 3. erindis er breytt þannig:

brosi þínu blómstur,	brosi dagroða,
blíðum augum stjörnur,	blástjörnur augum,
liljur ljósri hönd.	liljur ljósri hendi.

Í B er sleppt 4. erindi í A, sem er á þessa leið:

Skær eru hin háu
himinljós,
fögur foldarblóm.
Unir auga
ímynd þinni,
saknar sjálfrar þó.

5. erindi í A verður 4. erindi í B. Orðamunur:

Hví vildu okkar	Hví hafa örlög
örlög þung	okkar beggja
skeiði skipta látið?	skeiði þannig skipt?

6. erindi í A og B eru allmjög frábrugðin:

Frá þér, fagra,	Sólbjartar meyjar,
frá þér, saklausa,	er eg síðan leit,
hve eg skilja skal?	allar á þig minna.
Einn vil eg ganga . . .	Því geng eg einn . . .

7. erindi í A verður 5. erindi í B. Helztu breytingar eru:

mér af sjónum svífi,	mér úr minni líði, (3. l.)
er þig ganga tíðir,	er þú ganga hlýtur. (5. l.)

Í síðasta erindi er 6. línu breytt:

hve um þreyjak þig.	eina þreyi eg þig.
---------------------	--------------------

Einkum er hér um að ræða lagfæringar stíls og orðfæris, kvæðið verður fagaðra, en efni þess breytist ekki verulega.

Í frumprentun er Söknuður kallaður „breytt kvæði“. Vafalítið á Jónas þar við kvæði Goethes, *Nähe des Geliebten*, sem er augljós fyrirmynd Saknaðar:¹

Ich denke dein, wenn mir der Sonne Schimmer
Vom Meere strahlt;

Ich denke dein, wenn sich des Mondes Flimmer
In Quellen malt.

Ich sehe dich, wenn auf dem fernen Wege
Der Staub sich hebt;

In tiefer Nacht, wenn auf dem schmalen Stege
Der Wanderer bebt.

Ich höre dich, wenn dort mit dumpfem Rauschen
Die Welle steigt.

Im stillen Haine geh' ich oft zu lauschen,
Wenn alles schweigt.

Ich bin bei dir, du seist auch noch so ferne,
Du bist mir nah!

Die Sonne sinkt, bald leuchten mir die Sterne.
O wärst du da!

1 Stuðzt er við textann í Goethes Werke, herausgegeben von Prof. Dr. Karl Heinemann (Leipzig und Wien s. a.) I 37. Matthías Jochums-son hefur snúið kvæðinu á íslenzku og nefnir *Unnustuna* (Ljóðmæli II (Rvk. 1958) 577).

Eins og sjá má, eru það einkum þrjú fyrstu erindi Saknaðar (og 4. erindi í frumgerð), sem líkjast þýzka kvæðinu. Fyrsta erindið er nánast þýðing, í öðru og þriðja erindi eru hugmyndir skyldar: Skáldið heyrir og sér stúlkuna í náttúrunni. En hjá Jónasi eru þó tengslin við náttúruna nánari og persónulegri. Fegurð náttúru og meyjjar er ein og hin sama. Blærinn og lækjarniðurinn flytja skáldinu nafn unnustunnar, náttúran er ímynd hennar. Einnig er endir beggja kvæða áþekkur. En 4.–5. er. og meginhluti 7. er. eru ólíkari. Þar er lýst sárum ástarharmi og vonleysi, sem ekki er hjá Goethe.

Áhrif eddukvæða virðist hér einnig mega greina, auk bragarháttarins, og þá einkum í þeim hluta, sem síður er að fyrirmynd Goethes:

Sólarljóð, 12. er.

Hvárskis þeir gáðu
fyr þá hvítu mey
leiks né ljóssa daga.
Øngvan hlut
máttu þeir annan muna
en þat ljósa lík.

Söknuður.

Löngum mun eg,
fyr hin ljósa mynd
mér úr minni líði ... (5. er.)
Sólbjartar meyjjar,
er eg síðan leit,
allar á þig minna. (6. er.)

Samanber einnig 8. er. í A: „hve um þreyjak þig“ og Skirnis-mál, 42. er.: „hve um þreyjak þrjár.“

Þótt hugmyndir Saknaðar séu ekki að öllu leyti frumlegar, er allur andi kvæðisins eigi að síður í bezta samræmi við skáldskaparstefnu Jónasar á þessum tíma. Í fyrri kvæðum hans ber víða á svipuðum sársauka og klökkum tón. Og sams konar viðhorf til náttúrunnar, lifandi og meðvituð þátttaka hennar í lífi skáldsins, er rauður þráður í kvæðum Jónasar. Hann hefur valið sér kvæði Goethes til fyrirmyndar, af því að það féll að viðhorfum hans og skáldskaparsmekk.

Í Söknuði gætir þó öllu meira bölsýnis og vonleysis en títt er í kvæðum Jónasar. Allt umhverfið minnir á horfna unnustuna og ýfir upp harminn, sem heltekur skáldið, dauðinn er á næsta leiti:

Styð eg mig að steini,
stirðnar tunga,
blaktir önd í brjósti.

Sjálfslýsing Jónasar eftir missi stúlkunnar,

því geng eg einn
og óstuddur
að þeim dimmu dyrum,

minnir mjög á það, sem Bjarni Thorarensen orti af svipuðu tilefni í Solatium:

Hlægir mig að ganga
geigvænu myrkvu
dyrnar að
degi kvöldlausum.

Fróðlegt er að íhuga ólík viðbrögð skáldanna gegn mótlætinu í ljósi þessara hliðstæðna. Bjarni yrkir sér til hughreystingar, varpar kvíða og hugarangri á bug, Jónas tjáir söknuð sinn og einmanakennd af hljóðlausri undirgefni, en felur sársaukann ekki bak við hreystiyrði eins og Bjarni.

Í Söknuði ber meira á samlíkingum en myndlíkingum. Þar sem Jónas líkir saman meyjar- og náttúrufegurð (í 3. er.), líkir hann náttúrufyrirbærunum við meyna, en ekki öfugt. Myndlíkingar felast í orðunum *silfurblár* og *sólbjartur*, sem eru einu samsettu lýsingarorðin í kvæðinu. Önnur lýsingarorð eru látlaus, svo sem *glæður*, *góður* og *grænn* (um náttúrufyrirbrigði), *fagur* (um nafn stúlkunnar) og *ljós*, sem er eina lýsing unnustunnar sjálfrar. Mörg samsett nafnorð eru listræn og lýsandi: *Ástarrómur*, *dagroði*, *blástjörnur*, *himinstjörnur*, *himinblær*, *heimsljós*, *sorgaraugu*.

Ef til vill eru töfrar Saknaðar einkum fólgirnir í því, hve vel skáldinu tekst að lýsa hyldýpi harms, örvæntingar og einmanakenndar hins ástsvikna með fáum og fingerðum dráttum, án þess að grípa til mælgis og fjálgleiks.

Serenade

Serenade orti Jónas um líkt leyti og eldri gerð Saknaðar, að líkindum sem einhvers konar tækifæriskvæði. Bragarhátturinn ber með sér, að ort sé við sérstakt sönglag, ef til vill danslag, enda stundaði hann tíðum dansleiki í Reykjavík. Næsta kvæði á undan Serenade í kveri Jónasar er einnig á dönsku, ort á dansleik (Impromptu paa Bal).

Jónas ber hér, eins og í Söknuði, saman fegurð meyjar og náttúru. En lofgerðin til stúlkunnar er þeim mun hástemmdari, að náttúrufegurðin stenztt ekki samjöfnuðinn: „Sommerrosen kan ej ligne dig.“ „Som dit Öje / Stjernen i det Höje / smiler ikke blidt . . .“ Það er ekki aðeins mál kvæðisins, sem er danskt, heldur og allur andblær þess. Hörpuleikurinn er framandi, einnig náttúran með liljur sínar og rósir, og stúlkann er sögð „rank som Skovens Vidje“. Íburðarmiklar lýsingar eru á fegurð meyjarinnar og sársaukablandinni ástarþrá skáldsins. Slíka tilfinningasemi er vitaskuld víða að finna í rómantískum ljóðum danskra skálda sem annarra á þessum tíma. Serenade er bergmál þessa kveðskapar. Eflaust stafar hér skortur frumleika að miklu leyti af takmörkuðu valdi á dönsku máli, sem kemur meðal annars fram í fábreyttu orðavali.

Ferðalok

Áður var greint frá ferðalagi Jónasar og Þóru Gunnarsdóttur frá Reykjavík norður í Eyjafjörð í júlí 1828. Ferðalok Jónasar urðu á Steinsstöðum í Öxnadal, en Þóra hélt áfram för. Kvæðið lýsir minningum ljúfrar ástar þeirra og unaðsstunda á leið norður.

Í upphafi (1.–3. er.) tjáir skáldið söknuð sinn og þrá til stúlkunnar. Það býr sig undir að hverfa á vit minninganna. Eftir þennan inngang tekur við meginþáttur kvæðisins, 4.–9. er., upprifjun endurminninga. Skáldið bregður upp mörgum stuttum myndum, sem öðrum þræði eru náttúrulýsingar,

þar sem fléttuð er saman á undurfagran hátt ástin til stúlkunnar og náttúrunnar. Minningarnar eru barnslega einfaldar og tærar: Þau tíndu blóm, léku sér að þeim og kysstu úr þeim dögginna. Þau hlógu og nutu þess að vera tvö saman, hann hélt henni á hesti og greiddi lokka hennar. Í 10.–11. er. vikur skáldið aftur að þrá sinni til stúlkunnar, sem nú er fjarri. En upprifjunin hefur vakið honum unað og bjartsýni. Þótt allir hlutir séu með einhverjum hætti aðskildir, skuli ekki örvænta, því að „anda, sem unnast, / fær aldregi / eilífð að skilið.“

Efnislega má því skipta kvæðinu í þrjá hluta. I (1.–3. er.): Inngangur, um söknuð og þrá skáldsins. II (4.–9. er.): Meginhluti, um endurminningarnar. III (10.–11. er.): Eins konar tilbrigði I. hlutans, niðurlag.¹ Þó að ellefu erindin skapi samfellda mynd, eru mörg þeirra sjálfstæð að efni. Glöggt dæmi er lokaerindið. Er jafnvel hugsanlegt, að því sé síðar aukið við. Mætti meðal annars ráða það af því, að í síðari hluta 10. er. er upphaf kvæðisins endurtekið lítt breytt. Ef þar væru kvæðislok, væri ástarstjarnan fyrst og síðust og bygging þess því enn traustri. En vitaskuld eykur 11. erindið kvæðinu stórum auðlegð og skáldlega dýpt.

Skal nú vikið að myndum og líkingum kvæðisins.

Ástarstjarnan er tákn ástar skáldsins til stúlkunnar. Stjarnan hafði áður hlegið á himni, en nú er hún hulin næturskýjum. Ástmærin er horfin augum skáldsins. Í 10. erindi er líkingin endurtekin með þeirri breytingu, að ástarstjarnan „skín á bak við ský“; ástin lifir, þótt skugga hafi borið fyrir. Auðsætt er, að í líkingunni felst bjartsýni, því að skýin eru reikul, það rofar til fyrr eða síðar. Jónas bíður þess vongóður að sjá sams konar mynd og Bjarni Thorarensen dregur upp í erfiljóði sínu um Jón Jónsson:

1 Í ehdr. Jónasar er strik sett neðan við 3. erindi sem tákn þáttaskila í kvæðinu, og er því jafnan haldið í útgáfum. Á sama hátt mætti slíkt tákn vera neðan við 9. erindi.

Sér ek rof
 á svörtu skýi
 ok stjörnu staka
 standa í rofi . . .

Ástarstjarnan kemur ekki annars staðar fyrir hjá Jónasi, en skyldum líkingum bregður fyrir, einkum í kvæðum fyrri ára. Í erfiljóðinu *Að bón Jóhanns Árnasonar*, frá Bessastaða-árunum, er „vonarstjarnan“ notuð á svipaðan hátt: „Vonarstjarna / vandamanna / skundaði að skýbaki.“ Í *Saknaðarljóði* hefur stjarnan fengið öllu dapurlegri mynd: „Vonarstjarna / vandamanna / hvarf í dauðadjúp . . .“ Enn má nefna *Við burtför stiftamtmanns Hoppe* (1829): „Littu mót vestri / yfir ljósum tind / Snæfells stjörnu blika. / Það er orðstír þinn . . .“

Háleitur skáldskapur 2. og 3. erindis leiðir hugann að mynd, sem Bjarni Thorarensen notar oft og á ýmsa vegu: Öndin losnar úr líkamsböndum og fer á fund guðs, þegar maðurinn deyr. Hjá Jónasi er þó sízt um andlát að ræða:

Hlekki brýt eg hugar
 og heilum mér
 fleygi faðm þinn í.

Beinast liggur við að skilja þessa hugarhlekki sem viðjar veruleikans, sem skáldið þarf að rjúfa til að geta horfið á vit drauma sinna og endurminninga, er leiða síðan til algjörRAR samvitundar við ástmeyna (3. er.).

Blómin eru skáldinu einkar huggleikin. Fjórða og fimmta erindi eru eingöngu um leik elskendanna að blómum. Varir stúlkunnar eru *blómvarir* og hún sjálf *blómknappur*. Það, sem þau hyggja vera dög blómanna, er í rauninni tár góðra blómálfa, sem gráta skilnað þeirra. Hér er náttúran enn persónugerð, hún finnur til með elskendunum. Á sama hátt mætti skilja upphaf 6. erindis:

Hlógum við á heiði.
Himinn glaðnaði
fagur á fjallabrún.

Þegar þau hlæja, glaðnar himinninn; þegar skilnaðurinn vofir yfir, gráta blómin. Náttúran tekur þátt í gleði og sorg barna sinna.

Edduáhrifa gætir ekki aðeins í vali bragarháttar, heldur nokkuð í stíl:

<i>Hávamál, 97. er., s. hl.</i>	<i>Ferðalok, 6. er., s. hl.</i>
Jarls yndi	Alls yndi
þótti mér ekki vera,	þótti mér ekki vera,
nema við þat lík at lifa.	utan voru lífi lifa.

Í síðasta erindi er svipað stílseinkenni og títt er í eddukvæðum, einkum undir ljóðahætti. Taldar eru upp hliðstæður til samanburðar og endurtekningar notaðar til áhrifsauka:¹ Bakki og egg eru aðskilin, hnettir eru aðskildir, en elskendur verða aldrei skildir að. Glöggd dæmi um þetta er 76. erindi Hávamála:

Deyr fé,
deyja frændr,
deyr sjálfr it sama;
en orðstírr
deyr aldregi
hveim er sér góðan getr.

Fáeinir fyrndar orðmyndir koma fyrir: Knýtti, okkarn (< vorn í ehdr.), hlýr (hér kk.; í formáli hk., en tvímynd þess var kk. hlýri) og aldregi.

Ef borið er saman við Söknuð, ber þar mest á samlíkingum, en myndlíkingar setja mestan svip á Ferðalok. Þetta ber vitni þroskaðri skáldskaparstíl. Í Söknuði er stúlkunni lýst með samlíkingum við náttúrufyrirbæri:

1 Sjá um þetta t. d. Einar Ól. Sveinsson: *Bókms. I 159 o. áfr.*

Lít eg það margt,
er þér líkjast vill . . . :
brosi dagroða,
blástjörnur augum,
liljur ljósri hendi.

En hliðstæð lýsing í Ferðalokum er dregin upp með myndlíkingum af listrænum einfaldleik:

brosa blómvarir,
blika sjónstjörnur,
roðnar heitur hlýr.

Þessi brot kvæðanna beggja minna eilítið á þetta í Guldhornene eftir Oehenschläger:

Violer hende krandsér.
Hendes Rosenkind brænder,
Hun har Lilliehænder.

Víðar má finna svipaða notkun myndlíkinga hjá Oehenschläger, t. d. í Ellehøien:

Hun smilte rædsomt med sin Rosenlæbe.¹

Jónas er kunnur að notkun og nýsmíði samsettra, myndrænna nafnorða og lýsingarorða. Í Ferðalokum er þó harla lítið um þetta. Samsett nafnorð eru helzt með fyrri liðnum *blóm* (-álfar, -knappar, -varir) og með seinni liðnum *stjarna* (ástar-, sjón-). En lýsingarorð eru öll ósamsett: *Hryggur*, *djúpur*, *heitur*, *hár*, *ljúfur*, *ilmandi*, *bjartur*, *fagur*, *góður*, *kaldur* og *harður*. Aðeins eitt þessara orða er um stúlkuna („heitur hlýr“), en á einum stað er kveðið um „fagra fylgd“ hennar. Tvö orðin eru um skáldið („hryggur . . . sveinn“, „í heitu hjarta“), en öll önnur eru um fyrirbæri náttúrunnar.

Tvö örnefni eru nefnd, Galtará og Hraundrangi. Þau eiga drjúgan þátt í að auka kvæðinu veruleikablæ. Og frá róman-

1 Oehl. Poet. Skrifter I 18 og 21.

tísku skáldflugi í þremur fyrstu erindunum er horfið til veruleika hinnar lifandi náttúru, blómanna, sem hvorki eru liljur né rósir — heldur blágresi og krossgras.

2. Heildareinkenni – Samantekt

Viða bregður fyrir ástatilfinningum og ástúðlegum lýsingum í öðrum kvæðum en eiginlegum ástaljóðum. Fegurðarnæmi skáldsins og aðdáun á náttúrunni og tungu er af sömu rót og ástakenndir þess. *Ásta* og *Hulduljóð* skulu nefnd í þessu sambandi.

Vafizt getur fyrir mönnum að skilja, hvað sé átt við með Ástu, þar sem í senn er tjáð ást til móðurmálsins og konu. Fyrsta erindi er eingöngu lofgerð til málsins, hið síðasta er tilbrigði um Kysstu mig aftur (einkum 3. er.) eftir Bjarna Thorarensen.¹ En hjá Bjarna er það sál skáldsins, sem bundin er vörum stúlkunnar, hjá Jónasi eru það ástarorð. Í fyrra kvæðinu er skáldinu mest í mun að kyssa stúlkuna, en í hinu síðara er æðsta sæla skáldsins að nema ástarorð af vörum hennar. Í *Hulduljóðum* er orðum beint til Huldu, sem virðist vera eins konar persónugerving íslenzkrar náttúru, fjallkona.² En stundum er líkast því sem skáldið sé að ávarpa unnustu sína:

Tárperlur bjartar titra þér í augum,
tindra þær gegnum fagurt lokkasafn,
sólfagra mey! . . . (11. er., 1–3.)

— — —
Hallaðu lokkahöfði bjarta þínu,
mín Hulda kær! að vinarbrjósti mínu. (13. er., 5–6.)

1 Í frumprentun Ástu, Fjölmi 1843, eru gæsalappir settar um 5.–6. l., en ókunnugt er um ástæðu þess. Hugsanlegt er, að það sé prentvilla, gæsalappirnar hafi átt að vera um 1.–2. l., sem eru litt breyttar frá Kysstu mig aftur, 3. er. 1.–2. l.

2 Samanber, að kvæðið er helgað minningu Eggerts Ólafssonar, sem fyrstur orti um fjallkonuna.

Hulduljóð eru því glöggt dæmi þess, hve ást skáldsins til náttúrunnar verður samofin ástakenndum til lifandi veru.

Jónas leggur yfirleitt ekki mikla rækt við hluttækar eða myndrænar kvenlýsingar. Að nokkru má skýra það með því, að ástakvæðin eru venjulega í formi ávarps, talað er til stúlkunnar í 2. persónu, sem gefur síður tilefni til útlitslýsingar hennar. Þessu er öðruvísi háttað, þar sem ort er um stúlkuna í 3. persónu: Í *La belle* er hún mittisgrönn, fótnett, brjósta-fögur, beinvaxin o. s. frv.; í *Eg bið að heilsa* er hún „engill með húfu og rauðan skúf, í peysu“; og í *Sæunni hafkonu* er vaxtarlag m. a. borið saman við höggmyndir Alberts Thorvaldsens (sú lýsing er vitanlega frumort af Jónasi).¹ Litar-orð koma sjaldan fyrir í kvenlýsingunum og þá helst um lit augna.

Miklu meira er um huglægar lýsingar innri fegurðar. Einkunnarorð eða líkingar eru þá gjarna sóttar til náttúru-fyrirbæra, einkum blóma og sólar, sem lýsa bjartri fegurð, þótt litlu sé lesandinn nær um útlit meyarinnar. Hún er til dæmis sögð *himinfögur, sólfögur, sólbjört, brosfögur, hárfögur, mundarfögur, mundhvít, upplitsbjört; blómknappur, engill*. Augun eru *sædjúp, bláfögur; sjónstjörnur*; brosið er *himinbros*, varirnar *blómvarir*. Eftirtektarvert er, að í þessum tilvikum minnst Jónas varla á rómantísku blómin, rósir og liljur, nema helst í kvæðum, sem hann orti á dönsku. Áður var að þessu vikið í Serenade, og í Solhverv kemur fyrir *Rosen ród, Liljen hvid* og *Dana-Rose*; í Til lille M. Maack er *Rosenkind*.²

Dáleikar Jónasar á fögrum einkunnarorðum koma vel fram í umbreytingum sumra kvæða. Tökum til dæmis *Mit*

1 Auk þess er ort um stúlku í 3. persónu í einni af Stökunum („hefði eg betur hana þekkt“), að öðru leyti er hún ávörpuð þar í 2. persónu. Í kvæðunum er skáldið sjálft ávallt í 1. persónu, nema í 1. og 10. er. Ferðaloka (3. persóna).

2 Í ljóðabýðingum virðist jafnvel stundum sem Jónas forðist þessi orð. T. d. í Dagrúnarharmi: *Rosenzeit* > *blómævi* (3, 5); *Lilie* > *blómknappur* (31, 6).

deinen blauen Augen (Berst mér þá hjarta, smákvæði Heines II). Í frumkvæðinu er ekki önnur lýsing stúlkunnar en *blaue Augen* og *lieblich*, en í þýðingunni er hún *bláeyg*, *bjarteyg*, *brosfögur*, *indæl*, *ástúðleg*, og augun eru *sædjúp* og *hrein*.

Sagt hefur verið um ástakvæði Bjarna, að yfir þeim hvildi blær skírlífis. En betur á það við um ástaljóð Jónasar, þar sem varla er að ástaratlotum vikið. Einna helst er það í Ferðalokum, þar sem skáldið er þó ekki nærgöngulla við ástmeyna en svo, að hann hélt henni á hesti og greiddi henni lokka. Eini kossinn hjá Jónasi er ekki koss elskenda, heldur þegar blómin voru kysst (Ferðalok, 7. er. Hér eru ljóðaþýðingar vitanlega undanskildar, en Jónas þýddi m. a. sannkallað kossakvæði eftir von Chamisso (Ég vil kyssa)).

Ástakvæði Jónasar eru einkum tjáning á eigin tilfinningum, fegurðarþrá, söknuði og gleði, sem ástin veldur. Hann er áhorfandi kvenlegrar fegurðar, en ekki njótandi; þolandi ástarinnar, en ekki gerandi. De Fontenay orðaði þetta svo, að í ástakvæðunum væri Jónas „hinn íhuguli, þolgóði aðdáandi hins ófánlega“.¹

Kvæðin einkennast öðru fremur af hófsömum, en sársaukablöndnum trega. Um gremju eða beiskjutón er vart að ræða, og horfnar ástmeyjar sínar sakar Jónas ekki um, hversu komið sé (undantekning þessa er Ég ætlaði mér að yrkja). Einu sinni ásakar hann sjálfan sig (í Stökum), en oftast eru örlögin ein að verki (Söknuður, Ferðalok).

Sem fyrr segir, á náttúran ríkan þátt í ástakvæðunum, en fulltrúar hennar eru einkum blómin, sólin, stjörnurnar og blærinn. Hún er Jónasi ástrikt og óbrigðult athvarf. Þegar ástarharmurinn þjakar, leitar hann hugsvölunar í faðmi náttúrunnar, og ástatjáningin beinist að fegurð hennar og yndisleik.

1 Jörð II (1941) 212.

3. Viðtökur – Ferill – Áhrif

Geymd kvæða er með ólíkum hætti hjá Bjarna og Jónasi. Kvæði Jónasar birtust mörg um hans daga, þar sem hann bjó þau sjálfur til prentunar, en önnur voru gefin út af vinum hans tveimur árum eftir lát hans. Sjaldgæft er því, að kvæðin séu til í mismunandi gerðum eiginhandarrita og eftirrita eins og mörg kvæði Bjarna.

Ástakvæði Jónasar hafa ekki verið þýdd eins mikið og kvæði Bjarna. Ferðalok, Söknuður og Eg bið að heilsa hafa verið þýdd á dönsku og þýzku, hið síðasttalda einnig á ensku, en La belle aðeins á dönsku. Á flestum málum eru 2 þýðingar hvers kvæðis (nema 3 danskar þýðingar á Söknuði).¹

Á vissan hátt kann að sýna útbreiðslu og vinsældir kvæða, ef þau eru höfð til söngs, þótt ekki sé það einhlítt. T. d. hafa Ferðalok líklega aldrei verið sungin, en síra Bjarni Þorsteinson tilgreinir 4 þjóðlög við Söknuð.² Þessi lög heyrast sjaldan nú, hins vegar kunna allir stemmuna við Stökur, svo og lag Inga T. Lárussonar við Eg bið að heilsa. Á síðari árum hafa m. a. Ferðalok, Söknuður og La belle verið viðfangsefni tónskálda (Karls O. Runólfssonar, Skúla Halldórssonar), en verk þeirra eru miður kunn almenningi.

Um fyrstu viðtökur einstakra kvæða er harla fátt til vitnis. Vinir Jónasar, einkum Fjölnismenn, kunnu vel að meta þau og voru gagnrýnendur hans og ráðgjafar. Eitt fárra dæma um þetta er bréf Brynjólfs Péturssonar til Jónasar dagsett 10. apríl 1844, þar sem hann segir álit sitt á Eg bið að heilsa,

1 Greinargerð þessi er ekki tæmandi, en að mestu gerð samkvæmt athugunum útgefanda í JH Rit I. Auk þess, sem þar er talið, er vitað um þýðingar Fontenays í *Scripta Islandica* VII (1956) 21–37 og ensku þýðingarnar í *Icelandic Lyrics* og *Icelandic Verse*.

2 Íslensk þjóðlög 578, 592–93, 644, 791–92. Í eina tíð var Ásta sungin undir dönsku lagi (sbr. Eimreiðina VI (1900) 199–200). Við það kvæði hefur Friðrik Hjartar einnig samið lag, sem hann nefnir Móðurmálið (*Menntamál* XXIII (1950) 181).

bendir á sumt, sem betur megi fara, en segir annars, að kvæðið sé „mesta gull“.¹

Benedikt Gröndal kveðst hafa samið ritgerð um Ferðalok, þegar hann var í Bessastaðaskóla.² Hann segir, að á þeim árum hafi kvæði Jónasar orðið sér „ógleymanleg, ég lærði flest þeirra utan að, án þess ég vissi af . . .“ Ekki hafi nemendur skólans lært kvæði Bjarna „eins liðugt og Jónasar kvæði“.³ Gröndal viðurkennir, að í skáldskap sínum hafi hann verið undir áhrifum Jónasar í upphafi,⁴ enda dylst það ekki, sbr. t.d. ástakvæði hans, *Bæn*, *Heim* o.fl., sem minna einkum á Ferðalok og Söknuð.

Í kvæðum flestra skálda á 19. öld og margra á 20. gætir áhrifa frá Jónasi, ekki sízt ástakvæðum hans. Hér verða aðeins nefnd nokkur dæmi. *Draumur* Gísla Brynjúlfssonar, einkum 1. hluti, er bergmál frá Ferðalokum. Í *Man eg ei meyju vænni*, *Ástavisum* og *Hinum fyrsta ástarfundi* eftir Steingrím Thorsteinsson bregður fyrir orðfæri og stíl Jónasar, í síðastnefnda kvæðinu eru samofnar lýsingar ástarunaðar og náttúrufegurðar líkt og í Ferðalokum. Ástakvæði Jóns Thoroddsens bera ekki víða skýr merki Jónasar, nema helzt *Á nóttu*. Af yngri skáldum, sem yrkja með stílblæ Jónasar, mætti nefna Guðmund Guðmundsson, einkum í *Strengleikum*, og Huldu, til dæmis í *Hugboði* og *Því gleymi ég aldrei*. Hjá öllum þessum skáldum, svo og mörgum öðrum, er fyrst og fremst um að ræða formsáhrif.

Ástir Jónasar og Þóru hafa orðið að einu ljúfsárasta ástarævintýri Íslendinga, og Ferðalok eru það ástakvæði Jónasar, sem markað hefur skýrust spor í skáldskap. Nefnd skulu nokkur dæmi um þetta frá síðustu tímum. Snorri Hjartarson yrkir um Jónas,⁵ þar sem fyrir bregður minningu Ferðaloka:

1 Brynjólfur Pétursson: Bréf 49.

2 Ritsafn IV 367 (Dægradvöl). Benedikt útskrifaðist úr skólanum 1846, en Ferðalok birtust fyrst í Fjölni 1845.

3 Sama 324.

4 Sama 388.

5 Kvæði (Rvk. 1944) 12.

Stjarnan við bergtindinn bliknar,
brosir og slokknar.

Davíð Stefánsson orti *Minningu* í orðastað Þóru,¹ þar sem hún rifjar upp ástir sínar og Jónasar:

Hann greiddi mér lokka við Galtará,
í grasi hvíldum við bæði.

— — —
Þá lifðum við stund, sem lífi brá
í landsins fegursta kvæði.

Í kvæðinu *Hlógu þau á heiði* lýsir Ólafur Jóh. Sigurðsson fögru umhverfi, sem vekur minningar um skáldið, er áður fór um sömu slóðir með unnustu sinni:²

Eitt sinn gekk hér með ungum pilti
örlagastúlka.

Páll H. Jónsson yrkir *Nafn*:³

Þóra. Hvar heyrði eg þetta kæra nafn . . .

— — —
Var það í niðinum við Galtará?

Þetta „hamingjusama nafn“ var

. . . hin byrgða ástarstjarna af drangsins hönd
í lífi og dauða listaskáldsins góða.

Einn úr hópi yngri skáldakynslóðar, Matthías Johannes-
sen, yrkir *Við Galtará*, þar sem minnzt er ásta Jónasar og
Þóru.⁴

1 Ljóð frá liðnu sumri (Rvk. 1956) 154–56.

2 Andvari LXXXV, n. fl. II (1960) 25.

3 Á sautjándá bekk (Rvk. 1962) 12–13.

4 Fagur er dalur (Rvk. 1966) 104.

NÍÐURSTÖÐUR

VII SAMANBURÐUR BJARNA OG JÓNASAR – BÓKMENNTALEG STAÐA ÁSTAKVÆÐANNA

Við samanburð ástakvæðanna er vert að hafa hliðsjón af reynslu skáldanna og ólíku ævhlutskipti. Báðir urðu þeir að þola ástavonbrigði, þótt viðbrögð þeirra, eins og þau speglast í kveðskapnum, væru mismunandi. Um æskuástir Bjarna er ekkert vitað, en um þrítugt tók hann fyrst að leita sér ráðahags, svo að vitað sé. En sú viðleitni mótaðist einkum af stöðu hans sem háttsetts embættismanns, og hrakfarir hans voru í hámmælum hafðar og urðu honum til ávirðingar. Viðbrögð hans bera einkum vitni um sært stolt og ótta við álitshnekki. Jónas var hins vegar ekki háður ytri aðstæðum á borð við Bjarna. Ástir hans voru að öllu leyti sprotnar af sönnum og hreinum tilfinningum viðkvæmrar lundar, og í ástakvæðunum speglast einlægur og þungur tregi.

Vert er einnig að hafa í huga, á hvaða aldri þeir ortu ástakvæðin. Kveðskapur Bjarna er frá tveimur skeiðum. Hið fyrra var á biðilsárum hans, þegar hann var h. u. b. 30–35 ára, en hið síðara, þegar hann var kominn um og yfir fimmtugt og hafði verið kvæntur í 15–20 ár. En um Jónas gegnir öðru máli. Fyrstu ástakvæði hans eru frá því hann var liðlega tvítugur, en hin síðustu frá því skömmu fyrir ævilok. Hann lézt rúmlega 37 ára gamall, eða litlu eldri en Bjarni var, þegar hann kvæntist.

Mun meira er til af ástakveðskap eftir Bjarna en Jónas. En gæði kvæðanna eru ekki í sama hlutfalli. Allnokkur hluti af kveðskap Bjarna er fremur klúr, en klámvísur hafa

ekki varðveitt eftir Jónas, svo að nokkru nemi.¹ Hér geldur Bjarni þess, að mörg kvæði hans hafa áreiðanlega geymzt betur en hann hefði sjálfur kosið.

Bjarni orti beztu ástakvæði sín, þegar lék í lyndi, á trúlofunar- og hjúskaparárunum, en hin eru yfirleitt síðri, sem sprottin eru af ástavonbrigðum. Jónas er hins vegar umfram allt skáld ástatrega og vonbrigða (sbr. þó La belle, Ástu). Bjarni er meira nautnaskáld. Hjá honum gegnir kossinn mikilvægu, örlagaþrungnu hlutverki, en Jónas minnst vart á kossa ná aðrar ástanautnir í frumortum kvæðum. Hjá honum er ástin ljúfur unaður og svölun fegurðarþrár. En ást Bjarna er æðsta lífsnautn, í henni eru fólgnar dýpstu andstæður, líf og dauði, sæla og þjáning.

Notkun þeirra á litarorðum talar einnig sínu máli. Bjarni notar oft rauða litinn sem tákn nautnar, en Jónas aldrei. Báðir nota hvíta litinn í kvenlýsingum sínum, en á ólíkan hátt: Bjarni til að minna á kulda og hreinleik („snjóhvítur“), en Jónas skírskotar með honum til sumarvirtu („sólhvítur“). Hvorugur er mikið gefinn fyrir myndrænar lýsingar kvenlegrar fegurðar, en líkja stúlkum gjarna við tiltekin náttúrufyrirbæri að hætti rómantískra skálda: Augun eru stjörnur, varirnar blóm o. s. frv. En þó að báðir séu rómantískir, fara þeir hvor sína leið í leit fyrirmynda. Gott dæmi er áhrifin frá Oehlschläger: Bjarni sækir fremur til harmleikja hans, með stórbrotnum örlögum og andblæ fornaldar, en Jónas fremur til ljóðrænni verka hans, um ljúfar ástir og blómrika sumarnáttúru. Bjarni nefnir ástmeyjar fornum valkyrjunöfnum (Sigrún, Svava), en Jónas notar táknræn unaðsheiti (Hulda, Ásta).

Þegar fjallað er um stöðu og áhrif ástakvæða Bjarna og Jónasar, verður að gæta þess, að hér er aðeins um að ræða hluta af kvæðum þeirra, og er því takmarkaðar ályktanir

1 Klæmnu eða tvíræðu orðalagi bregður stundum fyrir í kveðlingum og ljóðabréfum hans til kunningja sinna. Sumt af því hefur ekki þótt prenthæft; sjá þó glefsur úr slíku bréfi (til Gísla Thorarensens) í Skírni CXXXIX (1965) 87 o. áfr.

unnt að draga af þeim um heildaráhrif og stöðu skáldanna. En ljóst er, að með þeim færast nýtt líf í ástakveðskap héraendis. Hann hafði um langa tíð verið næsta staðnaður, bæði að efni og formi, einkum birzt í eymdarfullum og mærdarmiklum rímnamansöngvum eða kersknum afmorsvísnum, og mjög gætti þar skorts listrænnar alúðar og einlægni. Sigurður Breiðfjörð var þeim Bjarna og Jónasi samtíða og orti mikið um ástir og kvenlegt yndi. Líta má á hann sem skáld á mörkum tvennra tíma. Í Ljóðasmámunum hans I–II, sem út komu 1836 og 1839, birtust nokkur snotur ástakvæði, þar sem rómantísk áhrif dyljast ekki, en öðrum þræði er skáldið þar rótgróið í fyrrnefndri kveðskaparhefð.¹ Ekki verður þess vart, að Sigurður hafi orðið fyrir beinum áhrifum frá Bjarna og Jónasi, en hann hafði allnáin kynni af skáldskap danskra samtíðarskálda, sem ruddu rómantísku stefnunni braut.

Bjarni og Jónas voru hér fremstir brautryðjendur hins nýja viðhorfs, að hefja hið sigilda yrkisefni, ástina, á æðra skáldskaparstig. Skáldin, sem á eftir koma, yrkja ástakvæði jafnan af meiri listrænni alvöru, og þau færa sér í nyt hugmyndaauðgi Bjarna og hinn ferska ljóðstíl Jónasar.

Í fyrstu virðast ástakvæði Bjarna hafa vakið á honum mesta athygli, en þetta hefur breytt, og nú eru ýmis önnur kvæði hans kunnari. Ástakvæði Jónasar hafa hins vegar ávallt notið vinsælda, og eru í hávegum höfð nú á dögum sem áður.² Orsakir þess, hve kvæði Bjarna hafa fjarlægzt

1 Dæmi um þess konar kvæði eftir Sigurð Breiðfjörð: *Til jómfú G. J.* og *Til stúlku* í Ljóðasmámunum I; *Stúlkulýsing* og *Rósa* í Ljóðasmámunum II.

2 Jónas og Bjarni eru oft nefndir í sömu andrá, og þess eru mörg dæmi, að menn hafa borið saman gildi og gengi kvæða þeirra. Fáein skulu hér nefnd.

Benedikt Gröndal hefur eftir Grími Thomsen, að hann telji Bjarna skáld, en Jónas sé það ekki (Ritsafn IV 344 nm., Dægradvöl). Séu ummælin rétt, hefur Grímur vissulega síðar skipt um skoðun varðandi Jónas.

Matthías Jochumsson hefur lýst ákafri hrifningu sinni við fyrstu kynni af skáldskap Jónasar og vikið að samanburði hans og Bjarna (í

meir en Jónasar, eru eflaust margvíslegar, en tvennt mætti einkum nefna. Í fyrsta lagi geldur Bjarni orðfæris síns, sem var litt snortið af hinna miklu breytingu málfars á öndverðri 19. öld. En Jónas naut þess að hafa numið af Sveinbirni Egilssyni og ruddi braut nýju og fegruðu máli, sem enn hefur ekki glatað ferskleik sínum. Í öðru lagi eru ástakvæði Bjarna meir í anda rómantísku stefnunnar og því háðari gengi hennar og vinsældum. En ástakvæði Jónasar virðast ort af meiri einlægni en kvæði Bjarna og óháðari hvers konar tízku-stefnum skáldskapar. Þau eru því í eðli sínu sígild.

fyrirlestri fluttum í ársbyrjun 1905, prentuðum í Gjallarhorni 6. og 20. janúar 1905).

Valtýr Guðmundsson taldi árið 1902, að Jónas hefði „en langt større Folkeyndest“ en Bjarni, en bætir við: „Han [Jónas] sættes ogsaa af mange langt højere end denne [Bjarni], hvad der dog næppe er helt berettiget.“ (Islands Kultur 63.)

Guðrún Stefánsdóttir segir, að í bernsku hennar hafi eldri kynslóðin haft meiri mætur á Bjarna, en hin yngri á Jónasi (Nýtt Kvennablað II, 4 (des. 1941) 3). Davíð skáld, bróðir hennar, hefur eftir ömmu sinni, fæddri 1839, að í ungdæmi hennar hafi „amtmaðurinn notið meiri virðingar fyrir skáldskap sinn en Jónas Hallgrímsson.“ (Samtið og saga III 104–105.)



VIÐAUKI

I ÚR BRÉFUM BJARNA THORARENSENS TIL BJARNA ÞORSTEINSSONAR

Bréf þessi eru varðveitt í Lbs. 342 fol. Hér eru aðeins birtir nokkrir kaflar þeirra, er varða kvonbænamál Bjarna Thorarensens. Efni þeirra þarfnast ekki mikilla útskýringa, enda má styðjast við það, sem að framan var frá skýrt varðandi þessi mál.

Reykjavík 3. mars 1820.

Þó eg voni að síá þig í Sumar og eg eckért Bréf hafi frá þér fengid með Póstskipi, hripa eg þér samt til í þetta Sinn eins horadann Mida og eg siálfur er. – Um það eg sagdi þér ádurenn þú fórst, féck eg seinna skriflegt Loford í Bréfi frá Amtm[anni] St[ephensen] hvarí það þá úþbryckilega hét, að það ei væri Conditio sine qua non að eg fengi Sýsslu, en nú er það að mestu ordid, svo það var Heilrædi af þér er þú rédir mér að flýta mér, sem eg gat ecki – fáí eg sem sagt Sýsslu, er engin Vidstada á neinu, en verdi það ei, er mér allt ördugra. Þessvegna er það, að eg hefi sókt um Arnæs Sýsslu – en um Sýsslur í öðrum Landsfiórdungum sæki eg ecki vegna Móður minnar; Þú heldur nú víst, að eg sé mikid kaldur Elskari þareg ei vil vinna það til Kiærustu minnar að giöra hinni Sorg, en þessi hefir nú verid Kiærasta mín í 33 Ar og þú sérd að hún hefir Ancienniteten – líka vona eg, þó óvíst sé, að géta kippt hinu í Lidinn þó eg kyrr verdi, því það orsakast mest af Hrókarædum Nábúa míns sem brúkar alla sína miklu Ydni allstadar mér til Ogagns . . .

Amtmadur Stephensen: Stefán á Hvítárvöllum. – *Nábúi minn:* Magnús Stephensen dómstjóri í Viðey.

Gufunesi 23. júlí 1820.

— — — Víst er það mögulegt að eg fái Rángárvalla Sýsslu og óútsléttanleg Smán væri fyrir mig ef eg þá léti Móður mína nockud skorta, en, þú sérd siálfur að betra er fyrir hana að taka sem Rétt en þyggja sem Giöf þó af Syni sé, og eg segi hreint út, að þegar Mederfíngjar mínir með Réttu heimta af mér það sem Fadir minn kostadi uppá mig, þá giöri eg ei heldur með Oréttu á sínum Tíma Sterfbúi Móður minnar Reikning fyrir það sem eg mögulega kosta uppá hana, og það væri kannski Skylda mín ef eg ætti Konu og Börn, hvað hid fyrra (:því Börn má fá með mörgu Móti!:) inter nos verd[u]r kannski aldrei Tilfellid, því það sem þú uppá mín vegna óttadist í fyrrahaust er nú að mestu Leiti framkomid — það de-taillerada um þetta vil eg ennþá ecki skrifa þér, þared *mögu-legt* er ennþótt ei líklegt að allt réttist vid, en það skulda eg Æru Kiærustu minnar að segja þér að hún er að öllu Leiti saklaus héri, því hún lofadist mér aldrei undir öðru Skilyrði en að það væri Födur hennar liúfur Vilji — en það sem mest hefir skadad mig uppfrá hiá Föðurnum, er mín Forstaaelse með Etatsráði Einarsen hvörn heila Ættinn hatar — Nóg um þetta um Sinn, en verdi ei Réttung á þessu, er mér nærst Skapi að reina ei framar til að gipta mig því mér sýnist sem Forlöginn ætli að neyta mér um þessa Behagelighed og eg ætti þá ei heldur að vera snokinn fyrir hana.

Kaflinn hefst í 14. línu bréfsins. — *Etatsrád Einarsen*: Ísleifur Einarsson dómari í Landsyfírréttinum.

Gufunesi 15. ágúst 1820.

Þú sérd að eg er ordinn allástundunarsamur Korrespon-
dent vid þig, en það kémur ecki til af góðu, heldur af því að eg í Þörfinni leita til þín — Svo stendur nefnilega á, að Ráda-
hag mínum uppí Borgarfyrði er nú að öllu Leiti uppbrugdid, og eg vil þessvegna ubetinget apturkalla Ansögning mína um Arness Sýsslu, svo Bréf mitt til Rentuk[ammers] sem eg ádur sendi þér, má því að öllu Leiti skiljast eptir Bókstafn-

um – Rángárvalla Sýsslu sæki eg nærstum einúngis vegna Mόδur minnar, og þó nú Briem fengi hana ɔ. Rv Sýsslu en eg Arnass þá er ecki ad ætla uppá ad eg géti haft Braudaskipti vid hann og eg er elskusáttur þó eg þá fái hvöriga, þar eg þó hefi sókt um Rv.S., og því ei svikid Mόδur mína, en treisti mér nú, þar eg hefi fengid betri Ráðskonu, vel til ad lifa hér . . .

Eg sagdi þér ad Ráðahag mínum þar efra væri uppbrugdid, eg veit ad þér, sem eg helst á seinni Tímum hefi reint mér velviljadann, fellur þetta illa uppá mín Vegna, en eg gét sagt þér ad eg tek mér það, nú það er ordid, miklu minna nærri en eg ætladi – þó mér þyki illt ad siá af Stúlkunni, vid hvörja eg skildi, þá eg í seinasta Sinni fór uppeptir, med sömu Vináttu og nockurntíma ádur; en annad sem giörir ad eg ei er svo ódfús ad mægiast vid þá Ætt, nenni eg ecki ad skrifa þér, en svo mikid má eg segia, ad Vinátta mín vid Etatsr[ád] E[inarsen] hvöria Hlutadegendur í Vetur sáu ad þeir ecki gátu trubláð, stóð mér helst í Vegi, þarnæst ýmsar Skrök-sögur ad sunnan um Ord eg hefði átt ad láta mér um Munn fara, hvaraf sú skiædasta var, ad eg hefði eittsinn átt ad segia, ad ef Amtm[adur] sviki mig tæki eg til minna Ráða, þetta man eg mig aldrei hafa talad, en það var svoleidis lagt út „ad eg ætladi ad violera Kiærustu m[ína]“ til þess ad Amtm[adur] neyddist til að géfa mér hana!! og Sagan retourneradi aptur úr Borgarf[yrdi] í þessari fögru Indklæðning einsog eg hefði brúkad þaug Ord – I minni seinustu Ferd þegar eg var búinn ad fá þá Erklæringu frá Kiærustu m[inni] ad hún tæki mig viljug ennþá, ef Fadir hennar áfýsti hana til þess, sagdi eg Amtm[anni] þetta, og bad hann ad giöra það, ef hönum sýndist, og minnti eg hann þá á hans fyrri Loford vid mig, en ef hann vildi ecki, bad eg hann einúngis ad segia mér Ney, án þess hann þyrfti ad géfa mér Astædur fyrir því – en hann vildi ei segia mér Ney, og dróst heldur á vid mig um ad styrkia mig til þess. – Þú gétur nærri ad eg ei trúdi Manninum, en, fáum Dögum eptir, sókti hann dóttur sína frá Leyrá og lét hana fara til sín til fulls og alls,

og hefir nú fyrir skömmu skrifad mér ad hún sé ordin mér hreint afhuga – Utúr þessari Affaire er komin Ovild millum Amtm[anns] og Kancellieráds Sch[evings] sem ætíð hefir verid mér medmæltur og eg hefi þó þá Satisfaction ad Publicum er á mínu Máli og jafnvel þeir sem áður hafa verid mér mótfallnir. —

Eg hugsa nú valla framar ad reina til ad gipta mig, allra-síst þar, sem Ryktid segir eg ætli nú ad leita á, sem er í – Videy!! – Þetta giptingatal enda eg med Ordum Schillers . . .

Úrfellingin (í 7. l. bls. 89) nær yfir um 9 línur í bréfinu. – *Kancellierád Scheving*: Jónas sýslumaður á Leirá. – Sjá framhald þessa kafla, tilvitnun í Schiller, í BTh. Ljm. II 338.

Stykkishólmi 16. sept. 1820.

Dú sérd af Yfirskript Sedils þessa ad eg er hér, en eg bæti því vid ad eg giptist hér í Giær Hildi eldstu Dóttur Benedictsens hér – eg hefi skrifad þér hvörnig fyrir mér géck uppí Borgarfyrði og eg vona ad hvörki þú né adrir Kunningiar mínir láir mér ad eg ei vildi lengur ega þar undir Luner Hlutadeigenda – Þetta mitt Hlutskipti er eg ei einasta vel ánægður med eptir Kríngumstædunum heldur segi eg þér fyrir Alvöru ad þó eg hefði átt ad velja hefdu ad minnsta Kosti runnid á mig 2 Grímur. I næstu Viku fer eg med Konu mína heim. –

Luner: duttlungar.

Reykjavík 4. marz 1821.

. . . eg hefi skrifad þér ad eg er giptur og nú bæti eg því vid ad eg er í *besta* Máta giptur, því Kona mín er eins góð og eg held ad Kiærasta þín sé og þarhá rétt lagleg – Þetta er nú ecki eginlega eptir Etiqvetten ad Mann beri Hól á Konu sína, en privatissime til Kunningia má madur þó unna þeim Sannmælis. –

II ÚR BRÉFUM LÁRUSAR SIGURÐSSONAR TIL JÓNASAR HALLGRÍMSSONAR

Bréfin eru í Árnasafni í Kaupmannahöfn (K.G. 31 a).
Hér eru aðeins teknir úr þeim stuttir kaflar, sem varpa ljósi
á samband Jónasar og Christiane.

Kaupmannahöfn 26. og 30. sept. 1830.

– – – Heilsaðu stúlkunum okkar, og einkum henni móður
þeirra, og öllum Vinum og Vinkonum þíns Vins
Laurusar Sigurdssonar.

Kaupmannahöfn 11. maí 1831.

. . . jeg las með lifandi Interesse bréfið þitt góði Jónas! það
var líkt föðurnum, jeg gat og gét mikið vel sett mig inni þína
stöðu, enn jeg var fyrrum þjónnalegri og klaufalegri en þú.
Jeg veit ecki hvört jeg má nockuð tala við þig um hana
Chjönu þína, því ef ég lasta hana þá stopparðu á mér munn-
inn eins og hinum durgnum sem þú náðir til, en ef eg heldur
hæli henni þá mætti þér sýnast sem eg vildi tæla þig í það
net sem jeg svo bolal[ega] flækti mig í. Ecki gét jeg þó hæck-
að hennar verð fyrir þér með neinu hrósi, því þitt Hjarta er
hennar ubestikkelige Justitiarius, sem ecki lætur neinn Actor
eða Procurator hræra í sér, en augun eru Assessores, eða er
eckí so? Jeg þeckti litlu Chjönu og man enn hvað góð aum-
ing[j]a stúlkan var mér, þegar hún vissi hvað sistirin hafði
gjört mér, og á fleiru þeckti jeg hjartað hennar, hefði hún
bara haft uppeldið sem hérna er, þá hefði hún orðið gull, en
Pindar og Shakespeare hafa besta trú á náttúrunnar móðurl.
uppeldi, því skildum við þá ecki hafa það (Slutningen er lik
Oehlenschläger, alle store Digtere have skrivet Romaner,
hvorfor da ikke jeg?) og auðséð var á henni seinast að hún
þurfti ei að hafa mikið fyrir að dannast . . .

Kærðu þig bölvaður, láttu engan Skrupel halda þér frá að festa þér unnustu þíns hjarta, þegar þú elskar hana góði besta Jónas! Óvíst er að hún fái annan sem ríkari er um lán og lucku, aumingja stúlkan litla, þitt góða barn . . .

Jeg óska þér luckulegrar Reisu hingað niður, enn gráta muntu sætum tárur þegar . . . Landakot og fallegu kraftfullu hetjufjöllin hverfa þér.

Kaflinn hefst í 25. línu bréfsins. – Í stað úrfellingar í næstsiðustu línu kaflans er í bréfinu *Lambastað*, en dregið út og bætt við (*andskotinn!*).

Kaupmannahöfn 29. sept. [1831].

— — — Det forstaar sig, að þú gefur stúlkunum ockar epli með þér, og smigrar það mér að það skuli koma stúlkunni þinni til munns á Íslandi, sem geingið hefur í gegnum höndurnar á mér í Kaupmannahöfn . . .

Kaflinn er úr stuttum bréfseðli án ártals, en þar er Ulstrup fógeti sagður nýkominn til Hafnar; hann sigldi utan sumarið 1831.

SUMMARY

This essay deals with the love poetry of two of Iceland's earliest romantic poets who are also among her greatest, Bjarni Thorarensen and Jónas Hallgrímsson.

Bjarni Thorarensen (1786–1841) was the son of a county sheriff from the south of Iceland. After completing his secondary schooling, he went to Copenhagen, where he stayed from 1802 to 1811, studying law, and later engaging in other activities, and became familiar with and strongly influenced by the romantic movement. On his return home he held high official positions, being first a judge of the high court and later a provincial governor. Nine years after his return to Iceland he married, by this time nearly 34 years old. However he had already undergone some amorous experiences, having been twice previously engaged, and associated with other girls besides, all of superior social standing. His wife was the daughter of a wealthy business factor and scholar.

Bjarni appears to have written little love poetry before he was almost 30. But his so-called "courting years" c. 1815–20 were a fruitful period of poetic activity, a fact which may be partly ascribed to the disturbance of his mind by varying romantic experiences. Many of the poems of this period express the disappointments or delights of love, according to the prevailing circumstances, but the majority are of slight importance and composed in a frivolous mood. Nevertheless there are two love poems of some significance: *Sigrúnarljóð*, written in 1820, and *Kysstu mig hin mjúka mæð*, which is probably somewhat later. Neither appears to have been addressed to an actual person; they are both too far removed from earthly reality. In each of them death is present: in the former the poet describes the beloved's beauty in death, and how they will then be united; in the latter, he is willing to pay with his life for a kiss. He bids the dying girl kiss him; he will joyfully "drink death" from her lips. Both poems are extremely romantic, love being carried beyond the boundaries

between life and death, and the beauty of the sick and dying glorified. The root idea of *Sigrúnarljóð* is to be found in Oehlenschläger, its motto being taken from one of his tragedies, *Axel og Valborg*. It also recalls *Völsungakviða hin forna*, where there is a description of lovers who are united, though one of them has died.

During the years 1835–38 Bjarni began once more to compose love poems, after an apparent interval of more than a decade. The most outstanding from this period are *Kysstu mig aftur* and *Freyjukettirnir*, both vigorous and witty. The former expresses the desire for a kiss, while the latter warns men against love. These poems differ from the love poems of Bjarni's earlier years in that they are more earthy and passionate. In the poetry of his earlier period there is little trace of sincere or passionate expression of love, but in *Kysstu mig aftur* passion finds expression in artistic imagery: the soul of the poet alighted on the lips of the girl when they kissed before; now he must have another kiss to reclaim his soul. The maiden's lips are likened to red roses. The metaphor is a familiar one, found in ancient Greek poetry and common among the romantics, while a similar idea of the fatal power of a kiss is expressed by Bjarni elsewhere. In the poem *Freyjukettirnir* a skilful metaphor is also employed. In the Norse mythology the cats of the love-goddess Freyja had the sole function of drawing her car, but Bjarni adds that they lie hidden in the eyes of women and pounce upon men so that they fall in love. The description of Freyja is reminiscent of the Roman Venus, and the behaviour of her cats not unlike that of Cupid with his arrows.

Jónas Hallgrímsson (1807–1845) was the poor son of a pastor from the north of Iceland. He completed his studies at the grammar school of Bessastaðir in 1829, and then engaged in clerical work in Reykjavík until 1832, when he went to Copenhagen. At the university there his main studies were in the field of natural history, though he was also one of those who published the first Icelandic literary periodical *Fjölnir* (1835–47). He did not take a degree and never received an official appointment, but spent many summers travelling about Iceland engaged in natural history research, though he lived a great deal of the time in Denmark and died in Copenhagen not quite 38 years old. He never married, but is known to have formed attachments with at least two girls. On a journey across Iceland in 1828 a 16-year-old pastor's daughter had been his travelling companion. In memory of this occasion he wrote the lovely poem *Ferðalok*, probably shortly before his death. In it he describes their

delightful hours together in the mild, flowery wilderness, and his regrets for these youthful lovers. During his years in Reykjavík he fell in love with a girl who married another man about the time when he went abroad. One of his best known love poems *Söknuður*, in which he expresses his deep grief for a lost love, dates from this period. The poet cannot forget his beloved, for ever before his eyes are various natural phenomena that remind him of her. Part of the poem is modelled on Goethe's *Nähe des Geliebten*. Jónas composed other poems that may be classed as love poems, including *La belle*, *Serenade* (in Danish), both written before 1832, and *Stökur*, from just before his death, in which he writes nostalgically of former loves.

Bjarni was on the whole a poet of the senses, but Jónas differs from him in this respect. In his poems no mention is made of lovers' kisses or other amorous delights. Nor is he much concerned with concrete physical description of the beloved, more often describing inner beauty, bright and warm, with references to the beauties of nature, but without giving much of an external picture of the person. Jónas pursues the paths of romanticism, but generally with some reserve. Thus, when he compares a girl with flowers he scarcely mentions the romantic roses or lilies, except in some poems composed in Danish. But in the latter he is under the special influence of the romantics, e.g. Oehlenschläger, whose lyrical poetry was for him what the dramatic works were for Bjarni. Jónas seldom writes frivolously or bitterly of his griefs. His poems are always a sincere expression of the joys or sorrows of love, usually characterised by a gentle but sensitive sadness. His love poems invariably contain an element of the nature poem. His descriptions of women are at the same time descriptions of nature, for the flowers, sun, stars, breeze, etc., are like the beloved and remind of her. In times of sorrow the poet seeks comfort in the passionate and unfailing arms of nature, and his love is turned to her.

It has long been the custom to compare the lives and poetry of Bjarni and Jónas, for the poems of both appeared at approximately the same time, making an impact owing to the novelty of their composition. For a long time love poetry in Iceland had been stereotyped, admitting few new forms or ideas. But these fellow-poets injected fresh life into this class of composition and played a leading part in raising it to a higher poetic level. It is clear that after them poets wrote of love with more artistic feeling and seriousness, employing something of the wealth of imagery of Bjarni and the fresh lyricism of Jónas.

Among Bjarni's verses the love poems seem at first to have attracted the most attention, especially *Sigrúnarljóð*, though later his reputation was upheld more by other poems. However, the love poetry of Jónas has always been, and still is, in high favour. One of the reasons for the decline in popularity of Bjarni's love poems is probably the fact that they are a purer product of the romantic movement, and thus more subject to the rise and fall in favour that attended it. On the other hand the poems of Jónas are less dependent upon fashion, and therefore more accessible to the minds of men in all ages. They are classics by nature.

HEIMILDIR

Í skránni eru ótaldar nokkrar heimildir, einkum ljóðabækur, sem getið er jafnóðum neðanmáls. Aftast er skrá um handrit, sem notuð voru.

Benedikt Gröndal: Ritsafn I–V. Gils Guðmundsson sá um útgáfuna.

Rvk. 1948–54.

Biskupinn í Görðum. Sendibréf 1810–1853 (frá Árna Helgasyni). Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. (Íslensk sendibréf II.) Rvk. 1959.

Bjarni Einarsson: Skáldasögur. Um uppruna og eðli ástaskáldsagnanna fornu. Rvk. 1961.

Bjarni Thorarensen: Bréf til Gríms Thomsens. Skírnir XCII (1918), 286–87.

— Bréf til Bjarna Þorsteinssonar, amtmanns. Lesbók Morgunblaðsins XV (1940), 58–9.

— Bréf I. Jón Helgason bjó til prentunar. (Safn Fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga XIII.) Kh. 1943.

— Kvæði. Gefin úr af Hinu íslenska bókmenntafélagi. Kh. 1884.

— Ljóðmæli I–II. Jón Helgason bjó til prentunar. Kh. 1935.

— Sjá Digte af Bjarni Thorarensen . . .

Bjarni Þorsteinsson [amtmaður]: Sjálfævisaga. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags XXIV (1903), 109–193.

Bjarni Þorsteinsson [prestur á Siglufirði]: Íslensk þjóðlög. Kh. 1906–09.

Brynjólfur Pétursson: Bréf. Aðalgeir Kristjánsson bjó til prentunar. Rvk. 1964.

Dansk biografisk Leksikon I–XXVII. Kh. 1933–44.

Digte af Bjarni Thorarensen og Jónas Hallgrímsson. Udgivet i facsimile efter deres egenhændige manuskripter af Einar Munksgaard. Indledning af Jón Helgason. Kh. 1938.

Einar Ól. Sveinsson: Íslenskar bókmenntir í fornöld I. Rvk. 1962.

Fjölirnir I–IX. Kh. 1835–47.

Fontenay, Fr. le Sage de: „Um ljóð Jónasar Hallgrímssonar.“ Jörð. Mán- aðarrit. II (1941), 195–214.

— „Jónas Hallgrímssons Lyrik.“ Scripta Islandica VII (Uppsala 1956), 21–37.

Gísli Brynjólfsson: Dagbók í Höfn. Eiríkur Hreinn Finnbogason bjó til prentunar. Rvk. 1952.

- The Greek Anthology I–V. With an English translation by W. R. Paton. London 1925–27.
- Grímur Thomsen: „Bjarni Thorarensen. En Skizze.“ Gæa. Æsthetisk Aarbog. Udg. af P. L. Møller. Kh. 1845. 187–203.
- Guðni Jónsson: Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur I–. Rvk. 1940–.
- G[uðrún] St[efánsdóttir]: „Jónas Hallgrímsson.“ Nýtt Kvennablað II, 4. hefti (des. 1941), 3–4.
- Hannes Pétursson: Steingrímur Thorsteinsson. Líf hans og list. Rvk. 1964.
- Hannes Þorsteinsson: Ævir lærðra manna (í Þjóðskjalasafni).
- Húsfreyjan á Bessastöðum. Bréf Ingibjargar Jónsdóttur til bróður síns, Gríms amtmanns. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Rvk. 1946.
- Icelandic Lyrics. Selected and edited by Richard Beck. Rvk. 1930.
- Icelandic Verse: Sjá Kirkconnell.
- Indriði Einarsson: „Ástir Jónasar Hallgrímssonar.“ Iðunn, nýr flokkur XII (1928), 277–84.
- Íslenzk sagnablöð I–X. Útgefin af Hinu íslenska bókmenntafélagi. Kh. 1817–26.
- Jón Espólin: Íslands Árbækur I–XII. Kh. 1821–55.
- Jón Helgason [biskup]: Þegar Reykjavík var fjórtán vetra. Brot úr sögu Reykjavíkur. (Safn til sögu Íslands og ísl. bókmennta V, nr. 2.) Rvk. 1916.
- Jón Helgason [ritstjóri]: „Þeir fjandans Freyjukettir.“ Íslenzkt mannlíf III. Rvk. 1960. 7–32.
- Jón Sigurðsson: Sigurður í Yztafelli og samtíðarmenn hans. Rvk. 1965.
- Jónas Hallgrímsson: Ljóðmæli og önnur rit. Gefin út af Hinu íslenska bókmenntafélagi. (Inngangur eftir Hannes Hafstein.) Kh. 1883.
- Ljóðmæli. 3. útgáfa. Útgefendur Jón Ólafsson og Jón Sigurðsson. Rvk. 1913.
- Rit I–V. (Matthías Þórðarson sá um útgáfuna.) Rvk. 1929–37.
- Sjá Digte af Bjarni Thorarensen og Jónas Hallgrímsson.
- Sjá Kvæði Jónasar Hallgrímssonar í eiginhandarriti.
- Jónas Jónasson: „Yfirlit yfir bókmentir Íslendinga á 19. öld.“ Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags II (1881), 164–200.
- Kirkconnell, Watson: The North American book of Icelandic Verse. N.Y.-Montreal 1930.
- Kvæði Jónasar Hallgrímssonar í eiginhandarriti. Einar Ól. Sveinsson og Ólafur Halldórsson sá um útgáfuna. (Íslenzk handrit, Icelandic Manuscripts. Series in quarto. Vol. I.) Handritastofnun Íslands, Rvk. 1965.
- Magnús Stephensen: Bréf til Finns Magnússonar. (Safn Fræðafélagsins IV.) Kh. 1924.
- Marmier, Xavier: Lettres sur l'Islande. Paris 1837.
- Matthías Jochumsson: „Jónas Hallgrímsson. Fyrirlestur fluttur á Akureyri 1. jan. 1905.“ Gjallarhorn III (1905), nr. 1 (6. jan.), 2–3; nr. 2 (20. jan.), 6–7.
- Matthías Þórðarson: „Ferðalok.“ Iðunn, nýr flokkur IX (1924–25), 169–74.

- Nanna Ólafsdóttir: Baldvin Einarsson og þjóðmálastarf hans. Rvk. 1961.
 Oddur Hjaltalín: Bréf til Bjarna Thorarensens. Óðinn I (1906), 31.
 Oehlenschläger, Adam: Poetiske Skrifter I–V. Udgivne af H. Topsøe-Jensen. Kh. 1926–30.
 Ólafur Halldórsson: „Úr bréfum Fjölnismanna.“ Skírnir CXXXIX (1965), 83–97.
 Ovid: Heroides and Amores. With an English translation by G. Showerman. London 1947.
 „Sira Páll skáldi.“ Almanak Hins íslenska þjóðvinafélags um árið 1925, LI. árgangur (Rvk. 1924), 84–101.
 Poestion, J. C.: Eislandblüten. Leipzig und München 1904.
 Sigurður Breiðfjörð: Ljóðasafn I–III. Sveinbjörn Sigurjónsson sá um útgáfu. Rvk. 1951–62.
 Sigurður Guðmundsson: „Liðan og ljóðagerð Bjarna Thorarensens á Möðruvöllum.“ Samtið og saga III (Rvk. 1946), 59–137.
 Skrifarinn á Stapa. Sendibréf 1806–1877 (til Páls Pálssonar). Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. (Íslensk sendibréf I.) Rvk. 1957.
 Snorri Sturluson: Edda. Udgiven af Finnur Jónsson. Anden udgave. Kh. 1926.
 Sverrir Kristjánsson: „Handrit Jónasar Hallgrímssonar.“ Tímarit Máls og menningar XXVII (1966), 221–23.
 Tómas Sæmundsson: Bréf. Búið hefir til prentunar Jón Helgason. Rvk. 1907.
 Valtýr Guðmundsson: Islands Kultur ved Aarhundredskiftet 1900. Kh. 1902.
 Þorkell Jóhannesson: Tryggvi Gunnarsson I. Bóndi og timburmaður. Rvk. 1955.

HANDRIT

- Árnasafn: KG 31 a (bréf Lárusar Sigurðssonar).
 Landsbókasafn: ÍB 94 4to (bréf Bjarna Þorsteinssonar til Rasks $2\frac{7}{8}$ 1817), JS 95 fol. (bréf Bjarna Thorarensens til Gríms Thorkelíns $1\frac{3}{8}$ 1818), Lbs 303 fol. (Bréf Jóhanns Halldórssonar til Magnúsar Eiríkssonar $2\frac{5}{8}$, $1\frac{2}{8}$ 1832), Lbs. 342 fol. (bréf Bjarna Thorarensens til Bjarna Þorsteinssonar).
 Þjóðskjalasafn: Kirkjubækur Brautarholts, Leirár, Mosfells, Ofanleitis, Reykjahlíðar, Reykjavíkur, Sanda og Hrauns í Dýrafirði o. fl. á árunum um það bil 1790–1840.
 — Biskupsskjalasafn C, V, 8.
 — Ævir lærðra manna eftir Hannes Þorsteinsson.



STUDIA ISLANDICA

ÍSLENSK FRÆÐI

Útgefandi:
SIGURÐUR NORDAL

1. Einar Ól. Sveinsson: *Sagnaritun Oddaverja* (1937)
2. Ólafur Lárusson: *Ætt Egils Halldórssonar og Egils saga* (1937)
3. Björn Sigfússon: *Um Ljósvetninga sögu* (1937)
4. Sigurður Nordal: *Sturla Þórðarson og Grettis saga* (1938)
5. Björn Þórðarson: *Um dómstörf í Landsyfirréttinum 1811—1832* (1939)
6. Halldór Halldórsson: *Um hluthvörf* (1939)
7. Sigurður Nordal: *Hrafnkátla* (1940)
8. Magnús Jónsson: *Guðmundar saga dýra* (1940)
9. Alexander Jóhannesson: *Meningarsamband Frakka og Íslendinga* (1944)
10. Stefán Einarsson: *Um kerfisbundnar hljóðbreytingar í íslensku* (1949)
11. Björn Þórðarson: *Alþingi og konungsvaldið* (1949)
12. Einar Arnórsson: *Játningar íslensku kirkjunnar* (1951)

STUDIA ISLANDICA

ÍSLENZK FRÆÐI

Útgefandi:

HEIMSPEKIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

Ritstjóri:

STEINGRÍMUR J. ÞORSTEINSSON

13. Einar Ól. Sveinsson: *Studies in the Manuscript Tradition of Njálssaga* (1953)
14. Sveinn Bergsveinsson: *Þróun ö-hljóða í íslenzku*
Peter Foote: *Notes on the Prepositions OF and UM(B) in Old Icelandic and Old Norwegian Prose* (1955)
15. Ari C. Bouman: *Observations on Syntax and Style of Some Icelandic Sagas with Special Reference to the Relation between Viga-Glúms Saga and Reykdæla Saga*
Pierre Naert: „Med þessu minn optnu brefi“ eða framburðurinn ptn á samhljóðasambandinu pn í íslenzku (1956)
16. Richard Beck: *Jón Þorláksson — Icelandic Translator of Pope and Milton* (1957)
17. Gabriel Turville-Petre: *Um Óðinsdýrkun á Íslandi*
Bjarni Aðalbjarnarson: *Bemerkninger om de eldste bispesagaer* (1958)
18. Árni Böðvarsson: *Nokkrar athuganir á rithætti þjóðsagnahandrita í safni Jóns Árnasonar*
Magnús Már Lárusson: *On the so-called “Armenian” Bishops*
Tryggvi J. Oleson: *A Note on Bishop Gottskálk's Children* (1960)
19. *Tvær ritgerðir um kveðskap Stephans G. Stephanssonar*
Óskar Ó. Halldórsson: *Á ferð og flugi*
Sigurður V. Friðþjófsson: *Kolbeinslag* (1961)

STUDIA ISLANDICA

ÍSLENSK FRÆÐI

Útgefandi:

HEIMSPEKIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS OG
BÓKAÚTGÁFA MENNINGARSJÓÐS

Ritstjóri:

STEINGRÍMUR J. ÞORSTEINSSON

20. Peter Hallberg: *Snorri Sturluson och Egils saga Skallagrímssonar. Ett försök till språklig författarbestämning* (1962)
21. Ólafur Briem: *Vanir og Æsir* (1963)
22. Peter Hallberg: *Ólafur Þórðarson hvítaskáld, Knýtlinga saga och Laxdæla saga. Ett försök till språklig författarbestämning* (1963)
23. Björn Guðfinnsson: *Um íslenskan framburð. Mállýzkur II*
Ólafur M. Ólafsson og Óskar Ó. Halldórsson unnu úr gögnum
höfundar og bjuggu til prentunar (1964)
24. Ólafur Halldórsson: *Helgafellsbækur fornar* (1966)
25. Anthony Faulkes: *Rauðúlfs þáttur. A Study* (1966)
26. Helgi Guðmundsson: *Um Kjalnesinga sögu. Nokkrar athuganir*
(1967)
27. Þorleifur Hauksson: *Endurteknar myndir í kveðskap Bjarna Thorarensens* (1968)
28. Páll Bjarnason: *Ástakveðskapur Bjarna Thorarensens og Jónasar Hallgrímssonar* (1969)

STUDIA ISLANDICA

ÍSLENSK FRÆÐI

Útgefandi:
HEIMSPEKIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

Ritstjóri:
Steingrímur J. Þorsteinsson

13. Einar Ól. Sveinsson: *Studies in the Manuscript Tradition of Njáls saga* (1953)
14. Sveinn Bergsveinsson: *Þróun ö-hljóða í íslenzku*
Peter Foote: *Notes on the Prepositions OF and UM(B) in Old Icelandic and Old Norwegian Prose* (1955)
15. Ari C. Bouman: *Observations on Syntax and Style of Some Icelandic Sagas with Special Reference to the Relation between Víga-Glúms Saga and Revkdæla Saga*
Pierre Naert: „*Med þessu minnu optnu brefi“ eða framburðurinn ptn á samhljóðasambandinu pn í íslenzku* (1956)
16. Richard Beck: *Jón Þorláksson — Icelandic Translator of Pope and Milton* (1957)
17. Gabriel Turville-Petre: *Um Óðinsdýrkun á Íslandi*
Bjarni Aðalbarnarson: *Bemerkninger om de eldste bispesagaer* (1958)
18. Árni Böðvarsson: *Nokkrar athuganir á rithætti þjóðsagnahandrita í safni Jóns Arnasonar*
Magnús Már Lárusson: *On the so-called “Armenian” Bishops*
Tryggvi J. Oleson: *A Note on Bishop Gottskálk's Children* (1960)
19. *Tvær ritgerðir um kveðskap Stephans G. Stephanssonar*
Óskar Ó. Halldórsson: *Á ferð og flugi*
Sigurður V. Friðþjófsson: *Kolbeinslag* (1961)

C49766

STUDIA ISLANDICA

ÍSLENSK FRÆÐI

Útgefandi:

HEIMSPEKIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS OG
BÓKAÚTGÁFA MENNINGARSJÓÐS

Ritstjóri:

Steingrímur J. Þorsteinsson

20. Peter Hallberg: *Snorri Sturluson och Egils saga Skallagrímssonar. Ett försök till språklig författarbestämning* (1962)
21. Ólafur Briem: *Vanir og Æsir* (1963)
22. Peter Hallberg: *Ólafur Þórðarson hvítaskáld, Knýtlinga saga och Laxdæla saga. Ett försök till språklig författarbestämning* (1963)
23. Björn Guðfinnsson: *Um íslenskan framburð. Mállýzkur II*
Ólafur M. Ólafsson og Óskar Ó. Halldórsson unnu úr gögnum
höfundar og bjuggu til prentunar (1964)
24. Ólafur Halldórsson: *Helgafellsbækur fornar* (1966)
25. Anthony Faulkes: *Rauðúlfs þátr. A Study* (1966)
26. Helgi Guðmundsson: *Um Kjalnesinga sögu. Nokkrar athuganir*
(1967)
27. Þorleifur Hauksson: *Endurteknar myndir í kveðskap Bjarna
Thorarensens* (1968)
28. Páll Bjarnason: *Ástakveðskapur Bjarna Thorarensens og Jónasar
Hallgrímssonar* (1969)

89010155232



b89010155232a

Digitized by Google

Original from
UNIVERSITY OF WISCONSIN


Gaylord
SPEEDY BINDER
Syracuse, N. Y.
Stockton, Calif.

Digitized by

Google

Original from
DEMCO
UNIVERSITY OF WISCONSIN

89010155232



b89010155232a